ANÍKA RÓS PÁLSDÓTTIR
*Heldur mikið upp á fatnað úr trjákvoðu*
• tíska • heimili • sumar
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




NORÐURLAND
*Staðarskáli lagður niður*
Sérblað um Norðurland
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

31. júlí 2008 — 207. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

## FIMMTUDAGUR



**Bolir í fimmtán ár**
Jóhannes Larsen stofnaði Bros-Boli og hefur unnið þar allar götur síðan.
TÍMAMÓT 30

**„Gay“ fótboltamót**
Alþjóðleg keppni fótboltaliða samkynhneigðra verður haldin í Reykjavík um næstu páska.
FÓLK 42

**Vélmenni slær í gegn**



Gagnrýnendur keppast við að hlaða nýjustu kvikmynd Pixar, WALL-E, lofi.
FÓLK 36

**Garðar Örn strangastur**



Fréttablaðið rýnir í tölfræðina á bak við dómara í Landsbankadeild karla.
ÍÞRÓTTIR 46

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝTT ÁFRAM** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s, stífast SA-til. Bjart veður norðan til og vestan annars skýjað. Dálítil væta sunnan til í kvöld. Hiti 14-24 stig, hlýjast til landsins vestan til.
VEÐUR 4



**HEITUR DAGUR** Í Laugardalslauginni í Reykjavík lágu gestir dasaðir um alla bakka í methita í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Metin féllu í hitasprengju

**Hitinn í Reykjavík náði í gær 26,2 stigum og hefur ekki verið hærri frá upphafi mælinga. Á Þingvöllum féll met þegar þar mældust 29,7 stig. Spáð er mildu veðri um verslunarmannahelgina.**

**VEÐUR** „Þetta er kannski síðasta sumarið sem ég get notið svona mikillar blíðu þannig að ég er afar ánægð,“ sagði Lára Gunnarsdóttir, 92 ára gömul kona, sem naut tilverunnar á Þingvöllum í gær.

Mörg hitamet féllu á Suður- og Suðvesturlandi í gær. Hitinn fór í 29,7 stig á Þingvöllum en hafði áður hæst mælst 29 gráður í ágúst 2004. Í Reykjavík mældist 26,2 stiga hiti sem er það mesta frá því mælingar hófust fyrir um 150 árum. Á Stórhöfða í Vestmannaeyjum féll einnig met þegar mælirinn sýndi 21,6 stig.

„Það er svo heitt að við verðum einfaldlega að vera inni,“ sagði Lára Gunnarsdóttir og dæsti þar sem hún sat á skuggsælum stað inni á Hótel Valhöll.

Að sögn Einars Sveinbjörnssonar, veðurfræðings á Veðurstofu Íslands, var hinum mikla hita að þakka samspili hlýs loftmassa og þess að sólin skein glatt í heiði allan daginn. Sjálfum finnst honum nýtt hitamet í Reykjavík einna merkilegast. Eldra metið var 24,8 gráður. Í gær mældist hitinn 26,2 stig í höfuðborginni.

Einar segir að næstu daga verði meiri skýjahula. Því muni nokkuð draga úr hitanum þótt áfram verði milt. „En eftir helgina fer að kólna með norðanátt,“ boðar veðurfræðingurinn.

Hvert sem litið var í gær spókaði fólk sig í sólinni. Við Nauthólsvík myndaðist umferðarteppa þegar þúsundir höfuðborgarbúa flykktust á ylströndina til að flatmaga þar og bregða á leik. - gar,- ges / sjá síðu 4

Hugmyndir eru uppi um að fækka lögregluembættum úr fimmtán niður í sex:

# Frekari sameining embætta

**LÖGGÆSLUMÁL** Dómsmálaráðherra hefur sent Félagi yfirlögregluþjóna bréf þar sem beðið er um umsögn varðandi þær hugmyndir að fækka lögregluembættum úr fimmtán í sex. Þær gera ráð fyrir að Vestfirðir og Vesturland verði eitt embætti og síðan verði eitt í hinum landsfjórðungunum þremur, Norðurlandi, Austfjörðum og Suðurlandi, síðan eitt á Suðurnesjum og annað á höfuðborgarsvæðinu.

Á landsbyggðinni eru sýslumenn einnig lögreglustjórar en samkvæmt þessum hugmyndum yrðu breytingar gerðar á því. Að sögn Geirs Jóns Þórissonar, formanns félagsins, hefur þó ekkert verið rætt um það hvar nýir lögreglustjórar hefðu aðstöðu sína.

„Ég held að menn séu almennt ánægðir með þessar hugmyndir enda er mikill hagur í því að tilheyra stærra og sterkara embætti,“ segir Geir Jón. „Eins er það gott að hafa sem víðast lögreglustjóra sem eru aðeins með lögreglumál á sinni könnu, þetta er nokkuð sérstakur málaflokkur og kannski ekki hægt að ætlast til þess að menn sinni honum ásamt öðrum verkefnum eins og sýslumenn verða að gera.“

Heimildir herma að frumvarp verði lagt fram í haust hljóti hugmyndirnar náð fyrir augum yfirmanna lögreglunnar. Í janúar árið 2007 voru lögregluembættum fækkuðu þá úr 26 í fimmtán. Ekki náðist í Björn Bjarnason dómsmálaráðherra í gær. - jse









## SPURNING DAGSINS



*Eiríkur, tóku mótmælendurnir stakkaskiptum?*

**„Já, og vonandi hafa stakkar Orkuveitunnar verið sniðnir eftir vexti „stakkels fólksins“.“**

Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur létu mótmælendur á vegum Saving Iceland fá stakka til að verja sig gegn kulda. Eiríkur Hjálmarsson er upplýsingafulltrúi OR.

Varaformaður Samfylkingarinnar segir stjórnarflokkana meðvitaða um að ástand efnahagsmála sé alvarlegt:

# Atvinnuleysi og verðbólga er höfuðógn

**EFNAHAGSMÁL** „Að sjálfsögðu þarf að kalla alla að samningaborðinu eins og gert var árið 1990,“ segir Birkir Jón Jónsson alþingismaður.

Hann tekur heilshugar undir með þeim Þórarni V. Þórarinssyni, fyrrum framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, og Ara Skúlasyni, fyrrum hagfræðingi Alþýðusambandsins, sem í Fréttablaðinu í gær kölluðu eftir forystu stjórnmálamanna við gerð nýrrar þjóðarsáttar.

Birkir Jón segir ríkisstjórnina gegna mjög mikilvægu hlutverki. „En því miður virðist algert framtaksleysi einkenna stjórn efnahagsmála hér á landi.“

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar og formaður viðskiptanefndar Alþingis, segir stjórnarflokkana mjög meðvitaða um að ástandið sé alvarlegt. Ýmislegt hafi verið gert til að skapa meira jafnvægi í hagkerfinu. Nefnir hann útgáfu á ríkisskuldabréfum, aðgerðir í húsnæðismálum, aukningu gjaldeyrisforðans og lækkun skatta á fyrirtæki sem dæmi. Einnig liggi fyrir heimild Alþingis til lántöku.

Þá vísar Ágúst Ólafur til samstarfsvettvangs ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins. „Nú er aukið atvinnuleysi helsta áhyggjuefni mitt en það er, ásamt verðbólgunni okkar, höfuðógn,“ segir Ágúst Ólafur.

„Auðvitað endurspeglar ástandið hér á landi ástandið annars staðar. Það sem er sérstakt við okkar aðstæður er að gjaldmiðillinn okkar er augljóslega of lítill fyrir okkar hagkerfi. Að sjálfsögðu þurfum við að dýpka umræðuna um hvernig fyrirkomulag við viljum hafa á okkar gjaldeyrismálum,“ segir Ágúst Ólafur. **- ovd**



**FRÁ ÞJÓÐARSÁTTINNI 1990** Þórarinn V. Þórarinsson, þáverandi framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, Jón Baldvin Hannibalsson, þáverandi utanríkisráðherra, Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi fjármálaráðherra, og Guðmundur J. „Gvendur Jaki“ Guðmundsson, þáverandi formaður Verkamannasambands Íslands.

Forsætisráðherra Ísraels:

## Hættir í stjórnmálum á árinu

**ÍSRAEL, AP Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, tilkynnti í gær að hann ætlaði ekki að bjóða sig fram í leiðtogakjöri flokks síns, Kadima, sem verður í september.**



EHUD OLMERT

**Þar með er ljóst að Olmert ætlar að hætta sem forsætisráðherra. Hann hefur verið hvattur til þess að segja af sér vegna spillingarmála á hendur honum, sem eru til meðferðar hjá dómstólum.**

**Takist arftaka Olmerts að mynda ríkisstjórn, þá gæti hún tekið til starfa í október. Að öðrum kosti þarf að efna til þingkosninga.** **- gb**

Stjórnlagadómstóll Tyrklands:

## Stjórnarflokkur ekki bannaður

**TYRKLAND, AP** Stjórnlagadómstóll Tyrklands tók í gær þá ákvörðun að banna ekki stjórnarflokk landsins, og gera þar með ríkisstjórnina óstarfhæfa.

Þó ákvað dómstóllinn að svipta stjórnarflokkinn helmingi þess fjár, sem hann hefur fengið frá ríkinu.

„Þessi úrskurður er viðvörun, alvarleg viðvörun“ til Réttlætis- og þróunarflokks Recep Tayyips Erdogans forsætisráðherra, segir Hasim Kilic, formaður dómstólsins.

Sex af ellefu dómurum dómstólsins vildu banna flokkinn vegna tilhneiginar hans til að efla ítök trúarinnar í stjórnmálum, en til þess að dómur félli á þá lund hefðu sjö dómarar þurft að standa að honum. **- gb**

# Lögreglustjóri breytir afstöðu til nektardans

**Samkvæmt nýrri og breyttri umsögn lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins er ekkert athugavert við það að veita leyfi fyrir nektardansi á staðnum Goldfinger. Sýslumaðurinn í Kópavogi veitir slík leyfi og bíður nú afstöðu bæjaryfirvalda.**

**STJÓRNSÝSLA** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gerir ekki lengur athugasemdir við að veitingastaðurinn Goldfinger í Kópavogi fái leyfi til að bjóða upp á nektardans.

Sýslumaðurinn í Kópavogi synjaði í fyrra Goldfinger um leyfi fyrir nektardansi með vísan í neikvæða umsögn lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Sú synjun var kærð til dómsmálaráðuneytisins sem úrskurðaði 15. maí í vor að gallar hefðu verið á umsögn lögreglustjórans og felldi synjun sýslumannsins þar með úr gildi.

„Þá var málið unnið á þeim grunni sem ráðuneytið lagði upp með. Við fylgjum auðvitað því sem ráðuneytið ákveður þegar við veitum næstu umsögn í málinu,“ útskýrir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, breytta umsögn embættisins.

Hin nýja umsögn frá lögreglustjóraembættinu barst sýslumanninum í Kópavogi fyrr í þessum mánuði. Sýslumaður hefur óskað eftir umögn bæjaryfirvalda áður en hann tekur ákvörðun um leyfisveitinguna. Bæjarráðið vísaði málinu fyrir viku til umsagnar hjá bæjarlögmanni.

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri segir að málið verði næst tekið fyrir eftir verslunarmannahelgi. Bæjarráð hafði á árunum áður samþykkt slíkt leyfi en Gunnar bendir á að nú sé annað fólk í bæjarstjórn og óvíst með afstöðu þess. „Þetta verður bara að koma í ljós,“ segir bæjarstjórinn.



**Á GOLDFINGER** Ásgeir Davíðsson segist ekki geta séð hvað geti nú komið í veg fyrir að hann fái leyfi fyrir nektardansi á skemmtistað sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**STEFÁN EIRÍKSSON**



**GUNNAR I. BIRGISSON**

Ásgeir Davíðsson, eigandi Goldfinger, segir vandséð hvernig bæjaryfirvöld geti gert annað en að lýsa jákvæðu viðhorfi til leyfisumsóknar hans.

„Maður þakkar guði fyrir að þeir virðast hafa séð að sér þessi menn. Það var hálf skuggaleg þessi yfirlýsing sem kom frá Jóni HB. Snorrasyni, þáverandi yfirmanni efnahagbrotadeildar ríkislögreglustjóra, að við stunduðum líkast til mansal og værum í tengslum við alþjóðleg glæpasamtök. Lögreglustjórinn byggði á slíkum kjaftasögum þegar hann veitti sína neikvæðu umsögn sem dómsmálaráðuneytið gerði hann síðan afturreka með,“ segir Ásgeir er bjartsýnn á að fá leyfið:

„Á sínum tíma voru allir sammála um það í bæjarráði að fá umsögn lögreglustjórans. Nú hljóta þeir að verða að fara eftir þessari umsögn sem þeir báðu um.“

Lögreglustjóri hefur enn til meðferðar umsóknir þriggja veitingastaða í Reykjavík sem einnig hafa sótt um leyfi fyrir nektardansi. Borgarráð veitti í vetur sem leið neikvæða umsögn um þær umsóknir. Stefán Eiríksson segir þau mál enn í vinnslu. „Það má vel vera að það fari aftur í umsagnarferli,“ segir lögreglusstjórinn.

**gar@frettabladid.is**



**KARTÖFLUR Í FISKIKERUM** Haukur Guðjónsson í Vestmannaeyjum færir fólki kartöflugarðinn heim að dyrum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Kartöflubóndi í Eyjum:

## Flytur kartöflugarðinn heim

**VESTMANNAEYJAR** „Ég fer með kartöflugarðinn heim til fólks,“ segir Haukur Guðjónsson, kartöflubóndi í Vestmannaeyjum.

Haukur hefur í nokkur ár sett niður kartöflur í fiskiker að vori og flutt þau heim til viðskiptavina sem sjálfir sjá um að taka upp kartöflurnar.

„Það er sérstaklega gaman að geta fært fólki heim kartöflur í kjötsúpuna fyrir þjóðhátíð,“ segir Haukur.

Haukur kveðst hafa sett niður kartöflur í kartöfluker undanfarin ár og það hafi mælst mjög vel fyrir. Í vor setti Haukur niður kartöflur í tuttugu ker. **- ht**

Starfsmönnum sagt upp:

## Ræsir á barmi gjaldþrots

**VIÐSKIPTI Bifreiðaumboðið Ræsir hefur sagt upp öllum fimmtíu og sjö starfsmönnum sínum frá og með næstu mánaðamótum, að því er Vísir greindi frá í gær. Ræsir er umboðsaðili Mercedec-Benz, Smart- og Mazda-bíla á Íslandi.**

**Geir Zoëga, stjórnarformaður Ræsis, sagði aðgerðirnar miða að því að forða fyrirtækinu frá gjaldþroti. Endurskipuleggja eigi fyrirtækið og uppsagnirnar séu liður í því. Segist hann vonast til þess að sem flestir starfsmannanna verði endurráðnir að skipulagsbreytingum loknum.** **- gh**






Fréttastofu Stöðvar 2 barst hótun vegna Hinsegin daga:

## Hóta sprengjuárás í gleðigöngunni

**LÖGREGLUMÁL** Fréttastofu Stöðvar 2 barst í gær nafnlaust bréf þar sem hótað var að koma fyrir tveimur sprengjum þar sem gleðiganga Gay Pride fer fram eftir rúma 9. ágúst.

Bréfið var nafnlaust og ritað á ensku með stórum prentstöfum. Á íslensku hljóðar það svo: „Að breiða út alnæmi um allan heim er ekkert til að vera stoltur af. Tvær sprengjur verða sprengdar í gleðigöngu hinsegin daga á Íslandi og annars staðar.“

„Mér finnst það aðallega sorglegt að fólk geti verið annaðhvort svo truflað eða fullt af hatri að það missi vitið hreinlega. Ég vona svo sannarlega að þetta séu ekkert nema orðin tóm,“ segir Heimir Már Pétursson, framkvæmdastjóri Hinsegin daga, um bréfið.



**GLEÐIGANGAN** Nýtur gríðarlegra vinsælda.

Geir Jón Þórðarson yfirlögregluþjónn segir lögreglana taka allar hótanir alvarlega. Bréfið verði skoðað af rannsóknardeild og ákvörðun svo tekin um mögulegar varúðarráðstafanir. **- gh**

### REYKJANESBÆR

**Piltar grunaðir um íkveikju**

Lögreglan á Suðurnesjum yfirheyrði í gær þrjá fimmtán ára drengi sem grunaðir eru um að hafa kveikt í geymslu á Víkurvegi í Reykjanesbæ. Tjón er ekki talið vera mikið en reykur barst um nágrennið, meðal annars í skrifstofuhúsnæði.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ráðist á karlmann í Holtum**

Ráðist var á karlmann á sextugsaldri á gatnamótum Stórholts og Þverholts, rétt fyrir klukkan eitt í fyrrinótt. Hann var fluttur á slysadeild og var nokkuð slasaður, meðal annars með skurð á höfði. Fórnarlambið sagði að stöng hefði verið notuð sem barefli.



RÝMINGAR-
SALA!!!
50-70%
AF SUMARBLÓMUM, TRJÁPLÖNTUM OG FJÖLÆRUM PLÖNTUM

# ALLT FYRIR HELGINA
## Í HÚSASMIÐJUNNI



25%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM
FLÍSPEYSUM

Verð frá
1.999



20%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM
TJÖLDUM
*meðan birgðir endast



6.749
~~8.999~~

6.999
~~10.990~~

Gönguskór á frábæru verði

Tvíbreið



1.990
~~2.390~~

Intex vindsæng
137 x 191 x 22 sm
3900933

Svefnpoki, Oulu
1,43 kg, -8°C
3000045
2.990
~~3.679~~

Svefnpoki, Quebec
1,3 kg, -4°C
3000048
2.690
~~3.559~~



Sterkt og góð ending

8.990
~~10.590~~



Tjaldborð og bekkir
3899360

Óbrjótandi í útileguna



Plastdiskar, glös, skálar, hnífapör og fleira
2202300-45

20%
AFSLÁTTUR
*meðan birgðir endast
FRÁBÆRT VERÐ!

6.990
~~9.990~~



Primus ferðagasgrill
3000229

HÚSASMIÐJAN x blómaval
Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

## GENGIÐ 30.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 79,81 | 80,19 |
| Sterlingspund | 157,93 | 158,69 |
| Evra | 124,35 | 125,05 |
| Dönsk króna | 16,662 | 16,76 |
| Norsk króna | 15,449 | 15,539 |
| Sænsk króna | 13,136 | 13,212 |
| Japanskt jen | 0,7398 | 0,7442 |
| SDR | 129,24 | 130,02 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
160,1269

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarstjóri segir Ólöfu Guðnýju ekki hafa sinnt samráði við borgarstjórnarflokk:

# Sakar Ólöfu um trúnaðarbrot

**REYKJAVÍK** „Það hefur legið fyrir í nokkurn tíma að Ólöf Guðný Valdimarsdóttir vildi ekki hafa samráð við borgarstjórnarflokk F-lista og borgarstjóra í skipulagsmálum,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri. „Hún hafði því sjálf tekið skrefið út úr skipulagsráði borgarinnar áður en þessi ákvörðun var tekin.“

Ólafur ætlar að gera að tillögu sinni á næsta fundi borgarráðs að fyrrverandi aðstoðarmaður hans, Ólöf Guðný, víki úr skipulagsráði borgarinnar og Magnús Skúlason, fyrrverandi formaður húsafriðunarnefndar, taki hennar sæti.

Ólafur sakar Ólöfu um alvarlegt trúnaðarbrot þegar hún hafi vitnað til einkasamtala þeirra í fjölmiðlum, sem fram fóru meðan Ólöf var aðstoðarmaður borgarstjóra. „Ég brýt ekki trúnað við samstarfsfólk mitt,“ segir Ólafur.

Ólafur segir ljóst að Ólöf sitji ekki áfram sem varamaður í stjórn Faxaflóahafna. „Hún hefur lýst því yfir að hún sækist ekki eftir því,“ segir Ólafur. „Einnig er ljóst að hún vildi ekki hafa samráð við okkur borgarstjórnarflokkinn.“

Ólafur vill ekki gefa upp hver kemur til með að taka sæti Ólafar í stjórn Faxaflóahafna. „Við höfum nóg af góðu fólki til að skipa það sæti.“

- ht



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Sakar fyrrverandi aðstoðarmann sinn um trúnaðarbrot þar sem hún hafi vitnað til einkasamtala þeirra í fjölmiðlum.

Forvarnastarf læknanema:

# Dreifa allt að 12.000 smokkum

**FORVARNIR** Ástráður, forvarnastarf læknanema, mun dreifa um tíu til tólf þúsund smokkum um verslunarmannahelgina, á menningarnótt og á Hinsegin dögum.

Ástráður hefur staðið fyrir smokkadreifingu á stórhátíðum í ágúst síðustu tvö ár. Durex hefur styrkt Ástráð frá því að starfið hófst fyrir átta árum og heldur því áfram í ár. Einnig mun Smokkur.is styrkja verkefnið í ár. Um næstu helgi verður Ástráður á nokkrum stöðum um landið en helgarnar þar á eftir aðeins í Reykjavík.

- þeb

Vélhjólamenn stöðvaðir:

# Á 170 kílómetra hraða á bifhjóli

**LÖGREGLAN Ökumaður á bifhjóli var sviptur ökuréttindum á staðnum eftir að hafa mælst á 170 kílómetra hraða á klukkustund á Reykjanesbrautinni í gærkvöldi, þar sem hámarkshraðinn er 90 kílómetrar.**

**Þá voru tveir aðrir bifhjólamenn teknir fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbrautinni og mældust báðir á 132 kílómetra hraða á klukkustund.**

- vsp



**STJÓRNLAGADÓMSTÓLLINN** Dómararnir í Karlsruhe segja reglurnar mismuna knæpum.

Æðsti dómstóll Þýskalands:

# Reykingabann ógilt að hluta

**ÞÝSKALAND, AP** Stjórnlagadómstóll Þýskalands hefur að hluta fellt úr gildi reykingabann á knæpum.

Dómstóllinn telur það brjóta í bága við stjórnarskrá landsins að undanþága frá banninu hafi verið veitt knæpum, sem hafa fleiri en eitt herbergi og geta vísað reykingafólki í eitt þeirra.

Stjórnvöld hafa nú frest út næsta ár til að setja nýjar reglur, þar sem reykingar verða annaðhvort bannaðar alfarið á öllum knæpum, eða litlum knæpum með aðeins eitt herbergi verði veitt undanþága.

- gb







# *Reykjavík aldrei heitari en í gær*



Höfuðborgarbúar nutu þess í gær að þá var heitasti dagur í Reykjavík frá því mælingar hófust. Hitinn fór í 26,2 gráður á Reykjavíkurflugvelli og féll þá met frá því í ágúst 2004 þegar hitinn reis í 24,8 gráður.

Krökkt var í Nauthólsvík af hálfberu fólki sem síðdegis þurfti margt hvert að sætta sig við að sitja fast í umferðaröngþveiti við baðstaðinn.

Hitametin féllu einnig á Suðurlandi þar sem hitinn fór víða yfir 28 stig. Á Þingvöllum kældi fólk sig í einu svalasta vatnsfalli landsins, sjálfri Öxará, þegar hitinn þar náði áður óþekktum hæðum og mældist 29,7 gráður þegar langt var liðið á daginn.

Og í Stórhöfða í Vestmannaeyjum rauk hitinn upp í 21,6 stig sem þykir ótrúlegt á þeim slóðum – enda met. Á Torfum í Eyjafirði daðraði hitamælirinn einnig við met og sýndi 27,4 stig samkvæmt mæli Veðurstofu Íslands.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir að nokkuð dragi úr hita næstu daga þótt áfram verði milt. Eftir helgi er hins vegar von á kólnandi veðri.

- gar






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**VERSLUNARMANNAHELGIN**
Fram undan eru fremur hægar austlægar áttir þótt eitthvað muni reyndar blása allra syðst á landinu á morgun. Má búast við úrkomulitlu veðri um helgina þar sem víðast verður bjart með köflum. Helst er að sjá skýjabakka austan til á landinu. Hitinn verður á bilinu 12-22 stig, hlýjast til landsins vestan til. Á mánudag kólnar.




Á MORGUN
5-10 m/s

LAUGARDAGUR
Hæg, breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 25° |
| Billund | 27° |
| Ósló | 28° |
| Stokkhólmur | 28° |
| Gautaborg | 25° |
| Helsinki | 25° |
| Eindhofen | 31° |
| Amsterdam | 28° |
| London | 23° |
| Berlín | 31° |
| Frankfurt | 34° |
| Friedrichshafen | 32° |
| París | 30° |
| Basel | 32° |
| Barcelona | 29° |
| Alicante | 32° |
| Algarve | 29° |
| Tenerife | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# VERTU MEÐ ALLAR TENGINGAR Í LAGI

## HÚSVAGNATRYGGING VÍS

Húsvagnatrygging VÍS er alhliða trygging fyrir tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi, sem tekur m.a. til áreksturs, veltu, útafaksturs, eldsvoða, skriðufalls og innbús svo eitthvað sé nefnt.

**Hafðu samband við þjónustuver VÍS í síma 560 5000 eða komdu við á næstu þjónustuskrifstofu og fáðu nánari upplýsingar.**



Þar sem tryggingar snúast um fólk

Vátryggingafélag Íslands   Ármúla 3   108 Reykjavík   Sími 560 5000   vis.is

KJÖRKASSINN



*Hefur þú farið í sund í sumar?*

Já 58,2%

Nei 41,8%

**SPURNING DAGINS Í DAG:**

*Átti Ólafur F. Magnússon að víkja Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur úr skipulagsráði?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Hver skattgreiðandi greiddi að meðaltali 1,1 milljón til ríkis og sveitarfélaga í fyrra:

# Skattgreiðslur 213,6 milljarðar

**EFNAHAGSMÁL** Samanlagðar tekjuskatts- og útsvarsgreiðslur landsmanna fyrir árið 2007 námu 213,6 milljörðum króna, sem er aukning um 15,1 prósent milli ára. Hver skattgreiðandi greiddi að meðaltali um 1.137 þúsund krónur í tekjuskatta og útsvar á árinu.

Þetta kemur fram í samantekt fjármálaráðuneytisins á skattálagningu síðasta árs.

Tekjuskattur nam alls 86,4 milljörðum. Skattgreiðsla á hvern einstakling hefur aukist um 3,8 prósent, þrátt fyrir lækkun skatthlutfallsins úr 23,75 prósentum í 22,75 prósent.

Útsvar til sveitarfélaganna var samtals 101,9 milljarðar króna. Álagið eykst um 10,75 prósent á hvern greiðanda.



**VAXTABÆTUR** Upplýsingar um vaxtabætur vegna ársins 2007 voru gerðar aðgengilegar á vef ríkisskattstjóra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjármagnstekjuskattur einstaklinga var samtals 25,3 milljarðar króna, sem er 55 prósenta aukning milli ára. Hlutfall fjármagnstekjuskatts af tekjusköttum einstaklinga til ríkissjóðs jókst verulega, úr 16,6 prósentum í 22,6 prósent.

Vaxtabætur vegna íbúðalána almennings nema samtals 6,6 milljónum króna. Meðalvaxtabætur eru 114 þúsund krónur, sem er 7,3 prósenta hækkun milli ára.

Framtaldar eignir heimilanna námu 3.380 milljörðum króna í lok árs 2007, þar af var andvirði fasteigna um 2.377 milljarðar. Á sama tíma námu skuldir heimilanna 1.348 milljörðum króna, og höfðu vaxið um 21 prósent milli ára. - bj

Árás í Heiðmörk um helgina:

## Eins enn leitað

**LÖGREGLUMÁL** Annar tveggja manna sem enn var leitað vegna hrottalegrar líkamsárásar í Heiðmörk aðfaranótt sunnudags fannst í gærmorgun. Eins manns var síðdegis í gær enn leitað.

Manninum var sleppt að loknum yfirheyrslum síðdegis í gær eins og öðrum manni sem handtekinn var í fyrradag vegna málsins. Enn annar var þegar handtekinn um helgina en fékk að fara frjáls ferða sinna eftir að hann var yfirheyrður.

Árásarmennirnir eru sagðir handrukkarar en þeir drógu rúmlega þrítugan mann út af heimili sínu í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudags og gengu í skrokk á honum í Heiðmörk. - ht

GARÐABÆR

### Ekki útvarp úr bæjarstjórn

Bæjarráð Garðabæjar hafnaði tilboði frá fyrirtækinu Konrad Engineering um útvarpsútsendingar af bæjarstjórnarfundum. Sagðist bæjarráð ekki telja ástæðu til að ganga að tilboðinu að sinni.

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Leitað að vitnum

Lögreglan í Reykjavík óskar eftir vitnum að árekstri sem átti sér stað mánudaginn 21. júlí. Slysið varð við frárein milli Bíldshöfða og Suðurlandsvegar klukkan 18.05. Þar lentu saman Yaris og Nissan en annar Yaris ók í veg fyrir þann fyrri. Þeim, sem geta veitt upplýsingar, er bent á að hringja í 444-1100.

# Ekki Laxness-skjölin sem beðið var um

**Halldór Guðmundsson segir skjöl um Laxness, sem komu til landsins á mánudag, sakleysisleg. Í þeim eru formenn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks sagðir kvarta undan því að bandaríska sendiráðið sinni þeim ekki nægilega.**

**NJÓSNIR** „Þetta eru ekki þau skjöl sem við vorum að sækjast eftir og ekki frá þeim tíma þegar íslensk stjórnvöld voru að vasast í skattamálum Halldórs," segir Halldór Guðmundsson fræðimaður.

Halldór hefur skoðað skjöl, tengd Halldóri Laxness, sem utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna sendi utanríkisráðherra Íslands á mánudaginn. Ráðherrann hafði beðið ráðuneytið um að fjölskylda Laxness fengi að sjá leynileg skjöl um hann.

„En hér er ekkert sem hefur með þessi gömlu kaldastríðsátök að gera, nema Laxness er sagður „disillusioned communist" á einum stað," segir Halldór. Hér sé komið til móts við beiðni ráðherrans „með allt öðrum gögnum frá allt öðrum tíma".

Elsta skjalið í sendingunni er frá 1974 en það yngsta frá 1988.

„Þetta eru skrif þar sem Halldór er nefndur og fara á milli sendiráðsins á Íslandi og utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna. Þarna er ekkert sérlega óeðlilegt. Þeir senda meira að segja dagskrá þjóðhátíðarinnar 1974. Á einum stað segja þeir svo frá því að Halldór hafi tekið þátt í undirskriftarsöfnun til stuðnings sovéska skákmeistaranum Viktor Kortsnoj."

Eitt skjalið sé frá Marshall Brement, þáverandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Þar fer Brement bónleiðar að auknum fjárframlögum til stofnunar sinnar. Það hafi ekki sinnt sínu hlutverki sem skyldi. Hann notar sem röksemd að formenn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hafi kvartað undan því að þeir hafi verið vanræktir af sendiráðinu.



**HALLDÓR GUÐMUNDSSON MEÐ SKJÖLIN** Sum skjölin hafa þvælst milli bandarískra stofnana, án þess að skipta miklu máli, að því er virðist. Þau fjalla ekki um njósnir um Laxness í kaldastríðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> En hér er ekkert sem hefur með þessi gömlu kaldastríðsátök að gera, nema Laxness er sagður „disillusioned communist" á einum stað.
>
> **HALLDÓR GUÐMUNDSSON**
> FRÆÐIMAÐUR

Brement tekur undir þetta og bendir á að miðað við mikilvægi landsins hafi sárafáir Íslendingar komið í sendiráðið að undanförnu.

Bréfið er frá 1981, þegar Steingrímur Hermannsson var formaður Framsóknar og Geir Hallgrímsson formaður Sjálfstæðisflokks.

„Og ég veit ekki af hverju þeir hafa verið að senda þetta. Þetta fyllir alls ekki upp í eyðurnar í vitneskjunni sem við höfum af FBI-skjölum og öðrum gögnum utanríkisráðuneytisins," segir Halldór.

Hins vegar sé gaman að sjá hversu mikla áherslu sendiráðið leggur á vel heppnuð kokkteilboð.

klemens@frettabladid.is







Radovan Karadzic kominn í hendur stríðsglæpadómstólsins í Haag:

# Málaferli gætu tekið mörg ár

**HOLLAND, AP** Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníu-Serba, var í fyrrinótt framseldur til stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna í Haag.

Þá um nóttina særðust áttatíu manns í óeirðum í tengslum við mótmæli, sem flokkur róttækra þjóðernissinna efndi til gegn framsali Karadzic. Flokkurinn boðar framhald á mótmælaaðgerðum daglega.

Þrettán ár eru síðan Karadzic var ákærður fyrir þjóðarmorð, stríðsglæpi og fleiri voðaverk í Bosníustríðinu. Málaferlin á hendur honum gætu staðið árum saman, eins og málaferlin á hendur Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseta Júgóslavíu, sem lést í fangelsinu í Haag fyrir tveimur árum, áður en réttarhöldunum lauk.

Saksóknarar dómstólsins hafa ógrynnin öll af sönnunargögnum um að voðaverk hafi verið framin, en það gæti þó reynst þrautin þyngri að sanna að Karadzic hafi að einhverju leyti borið ábyrgð á þeim.

Málflutningur verjenda Milosevic kemur þó að góðum notum, því þeir færðu sterk rök fyrir því að Karadzic hefði miklu frekar en Milosevic staðið á bak við allt saman.



**EIGINKONA OG DÓTTIR RADOVANS KARADZIC** Jafnskjótt og Karadzic hafði verið framseldur til Haag afléttu stjórnvöld í Serbíu ferðabanni á fjölskyldu hans í Sarajevó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Karadzic var handtekinn fyrir tæpum hálfum mánuði í Belgrad, þar sem hann hafði stundað óhefðbundnar lækningar undir fölsku nafni. - gb

# Nú fer allt á hvolf!

# 50% auka afsláttur

## af völdum útsöluvörum



Bolir 250-500 kr
Peysur 500-1000 kr
Buxur 500-1000 kr
Skór 500-1000 kr

*Nú er bara að drífa sig og gera kaup aldarinnar!*

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




David Miliband þrýstir á Gordon Brown forsætisráðherra:

# Hvetur eigin flokk til dáða

**BRETLAND, AP** Þrýstingur vex nú stöðugt á Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands og leiðtoga Verkamannaflokksins, sem sagður er bera ábyrgð á fylgishruni flokksins undanfarið. Sumir flokksfélagar hafa hvatt hann til að segja af sér.

David Miliband, utanríkisráðherra í stjórn Browns, jók enn á þrýstinginn í gær með blaðagrein í Guardian, þar sem hann hvetur til róttækra breytinga á Verkamannaflokknum. Að öðrum kosti segir hann flokkinn eiga enga möguleika í þingkosningum, sem haldnar verða innan tveggja ára.



**DAVID MILIBAND OG GORDON BROWN** Á landsþingi Verkamannaflokksins síðastliðið haust. NORDICPHOTOS/AFP

Miliband þykir líklegur til að keppa við Brown um leiðtogaembætti flokksins, þegar þar að kemur, en hann minntist hvergi á Brown í grein sinni.

Margir félagar í flokknum vonast til að Miliband takist að endurvekja þá velgengni, sem flokkurinn naut þegar Tony Blair var forsætisráðherra.

Miliband segir í grein sinni að flokkurinn hafi unnið þrisvar í þingkosningum síðan 1997 „með því að bjóða upp á raunverulegar breytingar, ekki bara á stefnu flokksins heldur hvernig við stöndum að stjórnmálum“.

Hann segir að flokkurinn verði að leika þennan leik á ný: „Þannig að nú skulum við hætta að vorkenna okkur, taka okkur hvíldarhlé og herða síðan upp hugann til að setja mál okkar fram á nýjan leik.“ - gb

# Telur þurfa stærri lóð undir skólann

**Væntanlegur fulltrúi F-lista í skipulagsráði telur ólíklegt að hægt sé að koma nýbyggingu Listaháskólans fyrir við Laugaveg. Yfirlýsingar rektors taki af allan vafa. Borgarstjóri segir keppnislýsingu greinilega ekki nógu skýra.**

**SKIPULAGSMÁL** „Það er alveg ljóst að til að varðveita þessi hús við Laugaveg 43 og 45 þarf að breyta þessari tillögu,“ segir Magnús Skúlason, væntanlegur fulltrúi F-lista í skipulagsráði, um vinningstillögu að nýbyggingu Listaháskólans. „Hvort það er hægt skal ég ekkert um segja en í ljósi þessara ummæla rektors finnst mér það ekkert sérstaklega líklegt.“

Vísar Magnús þar til ummæla Hjálmars H. Ragnarssonar, rektors Listaháskóla Íslands, sem sagði í fréttum Ríkisútvarpsins í gær ekki koma til greina að breyta verulega vinningstillögu að nýjum skóla.

Magnús segir mestu skipta að varðveita húsin og götumyndina. „Ég myndi bjóða skólann velkominn á þetta svæði ef það væri hægt að koma honum fyrir. En að því tilskildu að þessi hús fái að standa.“

Hann hefur þó efasemdir um að skólinn komist fyrir á umræddri lóð. „Því þarna er krafan um að hafa skólann undir einu þaki dálítið þung hjá aðstandendum skólans.“

Magnúsi finnst viðkomandi arkitekta að taka á því hvort hægt sé að breyta tillögunni þannig að hún falli að kröfum skipulagsnefndar. „Hins vegar liggja fyrir yfirlýsingar rektors um að að hans mati sé ekki hægt að breyta þessari tillögu.“

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri segir þau í meirihlutanum ákveðin í að fá Listaháskólann á Frakkastígsreitinn. „Nú er unnið að því að samræma sjónarmið skólans og okkar um götumyndina og verndun gömlu byggðarinnar við Laugaveg,“ segir Ólafur.

„Ég vil á þessu stigi málsins ekki hengja mig of mikið í orðalag Hjálmars eða Magnúsar heldur að við vindum okkur í að leysa vandann.“

Hann segir að hugsanlega megi breyta lóðarstærðum til að koma til móts við þarfir skólans og sætta sjónarmið. „Það þarf að skoða þetta í víðu samhengi, meðal annars hvort hægt sé að stækka lóðina til vesturs.“



**LAUGAVEGUR 43** Húsið við Laugaveg 43 er annað tveggja sem styrinn stendur um en það er þrílyft, hlaðið steinhús, byggt árið 1919 og hýsir nú meðal annars verslunina Vínberið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MAGNÚS SKÚLASON**



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

„Mér finnst alveg ljóst að keppnislýsing hefur alls ekki verið nógu skýr. Mér finnst einnig mjög slæmt að þær tillögur sem tóku fullt tillit til götumyndarinnar eru ekki að keppa við vinningstillöguna á jafnréttisgrundvelli.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, vill ekki tjá sig um ummæli Magnúsar og Hjálmars. „Í mínum huga er alveg ljóst að þarna á skólinn að rísa. Ég tel þetta góðan stað fyrir skólann og borgaryfirvöld munu vinna að því að koma honum þarna fyrir,“ segir Hanna Birna. Hún segir fund um málið á þriðjudag hafa verið góðan, nú sé málið komið í ferli og vantir hún niðurstöðu eftir um mánuð.

olav@frettabladid.is

Oddvita Samfylkingarinnar í borgarstjórn líst vel á vinningstillögu að Listaháskóla:

# Átelur afarkosti meirihlutans

„Í mínum huga er þessi staða mjög alvarleg,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn Reykjavíkur. „Mér sýnist meirihlutinn ekki treysta sér til að leiða málefnalega umræðu um tillöguna sem komin er fram um uppbyggingu Listaháskólans.“



**DAGUR B. EGGERTSSON**

„Að þetta skuli vera í uppnámi út af pólitískum kreddum og átökum innan meirihlutans lýsir þeirri stjórnarkreppu sem því miður hefur verið í borginni síðastliðið hálft ár.“

Dagur segir verðlaunatillöguna mjög spennandi og bjóða upp á marga möguleika. „Það þarf hins vegar að ræða hana og gefa sér tóm til þess. En mér sýnist meirihlutinn byrja á öfugum enda með því að setja í raun afarkosti sem mjög vandséð er að fallið geti að farsælli uppbyggingu á svæðinu.“ Því sé spurning hvort Listaháskólinn fái málefnalega málsmeðferð hjá meirihlutanum.

„Mér finnst tillagan fela í sér virðingu við gömlu götumyndina með því að draga fram fegurð og gildi Laugavegs 41. Þar er nýi hluti skólans dreginn frá og myndað torg á þessum gatnamótum sem þannig verða ný lykilgatnamót við Laugaveginn og í raun nýr miðpunktur.“

Hann segir menn strax farna að rífast um hvort hús númer 43 og 45 eigi að standa í óbreyttri mynd. „Ég held að það sé glappaskot því ég held að þessi tillaga geti með góðu móti sýnt hvernig hægt er að stilla saman gömlu og nýju.“ - ovd



0 krónur á netið með 3G
Nú kemstu á netið innanlands fyrir 0 krónur á kvöldin og um helgar með 3G síma eða netlykli í tölvuna. Með 3G síma kemstu í netsamband hvar sem er á 3G þjónustusvæði Símans á mesta hraða sem býðst í 3G hérlendis. Taktu þátt í framtíðinni og fáðu þér 3G síma eða netlykil í næstu verslun Símans.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp
SAMSUNG J200
ÓDÝRASTI 3G SÍMINN Á LANDINU
Vafraðu um netið á 3G hraða í þessum glæsilega síma. Farðu á MSN, FaceBook, mbl.is eða horfðu á fréttirnar í símanum.
Léttkaupsútborgun: 0 kr.
1.000 á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins 12.000 kr.
SAMSUNG
ÚTILEGUSTÓLL
Fylgir öllum seldum símum fram að verslunarmannahelgi.*
*Meðan birgðir endast.




Yfirlögregluþjónn um stakkadeilu Saving Iceland og Orkuveitunnar:

# Héldu öðru fram við lögreglu

**MÓTMÆLI** Fullyrðingar talsmanns samtakanna Saving Iceland, (SI) um að starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hafi gefið samtökunum fatnað, ríma ekki við skýringar félaga þeirra við yfirheyrslur. Þetta segir Theodór Þórðarson, yfirlögregluþjónn í Borgarnesi.

Félagarnir fjórir, sem höfðu stakkana í fórum sínum, hafi gefið ósamhljóða skýringar á því hvers vegna þeir voru með fatnaðinn. Einn hafi þó haldið því fram að hafa fundið stakkana í poka, en gat ekki gefið upp nákvæmari staðsetningu, enda erlendur.

Í blaðinu í gær sagði Miriam Rose, talsmaður SI, að góðhjartaðir starfsmenn OR hefðu haft áhyggjur af því að félögum í samtökunum væri kalt, og gefið þeim stakkana.

„Ef einhver hefði sagt að þetta hefði verið afhent af starfsmönnum Orkuveitunnar, þá hefði það ratað í okkar skýrslur, en það var ekki," segir Theodór.

Í tilkynningu frá OR segir að regnstakkarnir hafi verið týndir þegar sumarstarfsfólk í garðyrkju mætti til starfa í vor.

Enginn starfsmaður OR mun kannast við meinta rausnina og er rifjað upp í tilkynningunni að eigandi tjaldleigu einnar hafi talið SI vera með „illa fengnar" álstangir við mótmæli. **- kóþ**



**VINNUSTAKKARNIR FRÆGU** Fjórir félagar Saving Iceland klæddust þessum stökkum við mótmæli á Grundartanga, þar sem samtökin mótmæltu meðal annars starfi Orkuveitunnar í Jemen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Borgarstarfsmenn án leyfis í görðum

**Matsmenn borgarinnar fara óhikað inn í lokaða garða til að meta ástand húsa í miðbænum án þess að láta vita af sér. Húseiganda sem beið í tvö ár eftir byggingarleyfi gefnir þrír mánuðir til úrbóta. Sagt að væri skipun frá borgarstjóra.**

**REYKJAVÍK** „Tónninn í bréfinu og aðferðirnar sem borgarstarfsmenn beita, að æða inn í lokaða garða og taka myndir af húsum án þess að biðja um leyfi, minnir mann bara á Sovétríkin," segir Arna Kristín Einarsdóttir húseigandi.

Þegar hún kom úr sumarfríi beið hennar bréf frá byggingarfulltrúa þar hún fær þau „vinsamlegu tilmæli" að hefjast þegar handa við lagfæringar. Frestur er gefinn til 1. október, annars „verði tekið til athugunar hvort grípa verði til þvingunarúrræða til þess að knýja fram úrbætur", líkt og segir í bréfinu. Þar segir einnig að Reykjavíkurborg leggi ríka áherslu á að „götumynd Grettisgötu verði ætíð sem fallegust".



**ARNA KRISTÍN EINARSDÓTTIR**

Arna segir að sér mislíki aðferðir borgaryfirvalda. „Skoðunarskýrslan er dagsett 19. júní og þá vorum við heima. Matsmanninum hefði verið í lófa lagið að banka upp á og við hefðum getað hleypt honum inn í garð og farið með honum yfir málið," segir Arna.

Hún segir frest þann sem gefinn sé vera umhugsunarefni, sérstaklega í ljósi samskipta þeirra hjóna við byggingarfulltrúa. „Við höfum verið að vinna í því að gera upp húsið frá því að við keyptum það árið 2003. Árið 2006 skiluðum við inn umsókn fyrir breyttu byggingarleyfi. Það tók embætti byggingarfulltrúa tvö ár að afgreiða hana og við fengum jákvætt svar fyrr í ár. Nú ætlast þeir til að við bregðumst við erindi þeirra innan þriggja mánaða, annars fáum við dagsektir."

Í ástandsskýrslunni sem Örnu var send eru tíu tölusettar athugasemdir. Þær eru ýmiss konar og sumar ekki auðvelt að skilja, til dæmis þá er lýtur að þakskífum: „Nauðsynlegt viðhald er nauðsynlegt."

Arna segist hafa reynt í viku að ná í starfsmann hjá byggingarfulltrúa sem gæti svarað fyrir málið. „Mér var sagt að þetta væri skipun frá borgarstjóra og bent á að senda tölvupóst. Ég gerði það og fékk ekkert svar. Svo var mér sent bréfið og skýrslan aftur fyrir misskilning. Að því loknu tókst loks að panta fund með einhverjum sem gat skýrt þetta út."

Ekki náðist í Magnús Sædal byggingarfulltrúa við vinnslu þessarar fréttar þar sem hann er í sumarfríi. Aðrir starfsmenn voru úti að njóta góða veðursins þegar blaðamaður hringdi á skrifstofutíma.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**HART GENGIÐ EFTIR** Borgaryfirvöld krefjast úrbóta á húsnæði Örnu fyrir 1. október, annars verði þvingunarúrræðum beitt. Húseigendur biðu í tvö ár eftir afgreiðslu borgarinnar á leyfum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tveir fyrrum eigendur frystigeymslufyrirtækisins Innovate skila bréfum í Eimskip:

# Fá sem nemur 792 milljónum

**VIÐSKIPTI** Tveir fyrrverandi eigendur Innovate í Bretlandi hafa samþykkt að skila öllu hlutum sínum í Eimskip sem þeir fengu við kaup Eimskips á 45 prósenta hlut í breska félaginu Innovate í fyrra. Eimskipafélag Íslands gerði samkomulag við um þetta við eigendurna tvo, þá Stephen Savage og Stephen Dargavel. Verðmæti bréfanna þá var 2,5 milljarður króna en markaðsvirðið þeirra í gær var 792 milljónir króna.

„Við teljum þetta jákvæða niðurstöðu fyrir Eimskip," segir Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Eimskipafélagsins.

Hann segist ekki geta tjáð sig um hvort staðið hafi til að lögsækja fyrrverandi eigendur Innovate. „Þetta er niðurstaða sem báðir aðilar mega vel við una," segir Halldór.

Eimskip hefur einnig átt í viðræðum við Peter Osborne, fyrrum eigenda Innovate og hluthafa í Eimskip, um að hann skili sínum hlut. Markaðsvirði hans hlutar er nú 396 milljónir króna. Segir Halldór að þær viðræður muni haldi áfram en segir óvíst hvort þeim muni ljúka með sams konar samkomulagi.

Erfiðleikar vegna Innovate komu inn á borð Eimskips í byrjun febrúar á þessu ári en um miðjan júní tilkynnti félagið að það myndi afskrifa Innovate að fullu. Námu afskriftirnar níu milljörðum króna. Í byrjun júlí tilkynnti Eimskip um að þeir hefðu selt frysti- og geymsluhluta Innovate til að tryggja sem mest upp í kröfur lánardrottna. **- as**



**HÖFUÐSTÖÐVAR INNOVATE** Ljóst er að fjárfesting Eimskipafélagsins á breska frystigeymslufyrirtækinu Innovate hefur ekki skilað mikilli arðsemi.

# HEITUSTU SUMARTILBOÐIN

## FRÁBÆR TILBOÐ Í STÓRVERSLUN N1 Á BÍLDSHÖFÐA 29. JÚLÍ TIL 13. ÁGÚST

**40% AFSLÁTTUR** af öllum grillum og yfirbreiðslum



Broil King Sovereign 90XL
076 988783IS
~~139.900,-~~
Tilboð
**83.940,-**

**BÍLAVÖRUR**
Mikið úrval af bílavörum m.a. farangursboxum, dráttarbeislum og verkfærasettum.




**20% AFSLÁTTUR** af öllum Movera ferðavörum



Stóll með borði
909 82055
~~7.900,-~~
Tilboð
**6.320,-**



Uppþvottagrind
909 35668
~~2.490,-~~
Tilboð
**1.992,-**



Ketill m/ flautu
909 31436
~~2.490,-~~
Tilboð
**1.992,-**



Fjarstýrður bíll
A852 82611094
~~9.900,-~~
Tilboð
**5.940,-**



Talstöð handstöðvar
898 MT200-2VP
Tilboð
**3.990,-**



Vatnsbrúsi 12 ltr, með krana
909 77560
~~1.190,-~~
Tilboð
**952,-**



Hallamælir með sogskálum
909 35196
~~845,-~~
Tilboð
**676,-**



Scott DVD ferðaspilari
A358 85060598
~~24.900,-~~
Tilboð
**14.900,-**



Garmin hlaupaúr
A385 85060629
~~29.900,-~~
Tilboð
**19.900,-**



Veiðistangasett
A638 866623124
~~4.900,-~~
Tilboð
**2.900,-**



Kenwood bíltæki
896 KDC-W3041
Tilboð
**18.900,-**

Mikil verðlækkun á völdum bíltækjum.




**N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9** **OPIÐ 8-18 VIRKA DAGA** **WWW.N1.IS** **N1 - Meira í leiðinni**

## „ORÐRÉTT“

### *Við Tjörnina*

**„Þetta er fúll pyttur í hjarta borgarinnar.“**

HILMAR J. MALMQUIST, EINN AF HÖFUNDUM SKÝRSLUM UM ÁSTAND TJARNARINNAR.
**Fréttablaðið, 30. júlí.**

### *Ís, ís, ís*

**„Fólk keypti endalaust af ís.“**

HJÖRLEIFUR EINARSSON, STARFSMAÐUR Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐINNI Á ÞINGVÖLLUM, UM HITABYLGJUNA SME GENGUR YFIR.
**Fréttablaðið, 30. júlí.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?**

## *Nóg um að vera stærstu ferðahelgi ársins*

Verslunarmannahelgin er fram undan og líkt og síðustu vikur hefur Fréttablaðið tekið saman það helsta sem um er að vera á landsbyggðinni.

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum er meðal stærstu atburða helgarinnar. Hátíðin verður sett á föstudag og eru fjölskylduvænir viðburðir á daginn en tónleikar og dansleikir þegar líða tekur á kvöld. Einnig verður brenna á föstudagskvöld, flugeldasýning á laugardagskvöld og brekkusöngur með Árna Johnsen á sunnudagskvöld.

Á Akureyri er hátíðin Ein með öllu og allt undir haldin um helgina. Ýmsir viðburðir verða víða í bænum yfir helgina og stemning áttunda áratugarins verður meðal annars rifjuð upp í miðbænum, sem verður opinn fram á kvöld. Tónleikar eða aðrar uppákomur verða á flestum skemmtistöðum og kaffihúsum bæjarins.



**HVÍTU TJÖLDIN** Heimamenn í Eyjum halda til í hvítum tjöldum í Herjólfsdal á Þjóðhátíð.

Í Vatnaskógi eru haldnir Sæludagar fyrir alla fjölskylduna. Dagskráin er ætluð öllum aldurshópum og er með öllu vímulaus.

Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands verður haldið í Þorlákshöfn í ár. Þar er keppt í fjölmörgum íþróttagreinum og allir á aldrinum ellefu til átján ára mega keppa. Afþreying er svo í boði fyrir alla fjölskylduna og kvöldvökur á hverju kvöldi.

Fjölskylduhátíðin Neistaflug verður haldin í Neskaupstað um helgina og hefst hún í dag. Eurovision-kvöld með tilheyrandi dansleik verður á föstudag, fjölskyldutónleikar á laugardag og Ný dönsk heldur ball á sunnudag.

Síldarævintýri verður haldið að venju á Siglufirði. Stemningin frá gullaldarárum síldarævintýrisins er endursköpuð með þátttöku heimamanna og gesta og ýmiss konar afþreying er í boði yfir helgina.

## SJÓNARHÓLL
**NÝ LISTAHÁSKÓLABYGGING**

### *Arkitektúr batnar ekki í nefnd*

„Margir segjast vilja varðveita óbreytta götumynd Laugavegarins og eru þess vegna á móti tillögunum,“ segir Atli Heimir Sveinsson. „Ég held hins vegar að Laugavegurinn sé einhver ljótasta verslunargata af þessu tagi sem fyrirfinnst í höfuðborg í Evrópu. Það er einkum vegna þess að hún var byggð af fátækt og vanefnum á sínum tíma og vegna þess að þar er ríkjandi stíl- og smekkleysi. Það er vissulega sjónarmið að láta það halda sér. Þá væri stíl- og smekkleysið einkenni höfuðborgarinnar.



**ATLI HEIMIR SVEINSSON**
Tónskáld

Ég held að það sé ekki hægt að vera skilyrðislaust fylgjandi því að rífa ekki neitt eða allt. Það verður að meta það í hverju tilfelli fyrir sig hvort það nýja sé fallegra og nytsamlegra en það gamla, þannig að ég skipa mér ekki í neina slíka fylkingu.

Hvað varðar þessa einstöku tillögu þá hef ég ekki kynnt mér hana. En ef arkitektúrinn er ekki góður eins og sumir segja þá batnar hann allavega ekki við að vera settur í nefnd.

En mér finnst gott að það eigi að fara að byggja yfir listaháskólann og að hann eigi að vera í miðbænum.

# Friðunarsinni hannaði nýmóðins steinsteypuhús við Laugaveginn

**Magnús Skúlason, sem innan tíðar tekur sæti í skipulagsráði Reykjavíkur fyrir hönd borgarstjóra, er yfirlýstur húsfriðunarsinni og hefur talað fyrir verndun heildarmyndar Laugavegarins. Sjálfur teiknaði hann fyrir rúmum tuttugu árum hús á horni Snorrabrautar og Laugavegar sem seint samrýmist þeirri götumynd sem talin er einkenna Laugaveginn.**



**HÚS HÚSFRÐUNARSINNANS** „Þessi reitur hefur ekkert með neðri hluta Laugavegarins að gera því þarna er annað umhverfi,“ segir Magnús Skúlason arkitekt sem teiknaði þetta hús við Laugaveg ofan Snorrabrautar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þótt húsið standi í horninu á Laugavegi þá er það í öðru umhverfi sem markast til dæmis af sex hæða húsi við Hlemm. Þessi reitur hefur ekkert með neðri hluta Laugavegarins að gera því þarna er annað umhverfi; steinsteypuumhverfi,“ útskýrir Magnús Skúlason hönnun hússins sem stendur gegnt húsi Tryggingastofnunar við Laugaveg.

Magnús segir að á umræddri lóð hafi áður verið umfangsminni hús. „Þau voru orðin skrítin í þessu umhverfi því þarna voru komin stórhýsi og ekkert annað að gera en að klára þennan reit,“ segir hann og bætir við að hann hafi einnig teiknað hús við Hverfisgötuna á sama reit. „Það tekur mið af húsunum sem þar voru fyrir og er miklu lægra. Það var því einfaldlega verið að klára þennan reit. Ef menn ætla eitthvað að hafa á mig út af þessu þá held ég að það sé eins og hvert annað vindhögg.“ **- gar**


SKULDABRÉF LANDIC PROPERTY HF.

TEKIN TIL VIÐSKIPTA Á OMX NORDIC EXCHANGE ICELAND HF.

LANDIC PROPERTY

Landic Property hf. hefur birt lýsingu vegna töku skuldabréfa til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem nú eru tekin til viðskipta er 7.100.000.000 kr. í einum flokki. Nafnverð hverrar einingar er 5.000.000 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin voru gefin út 6. september 2007. Skuldabréfin eru óverðtryggð og greiða bréfin ársfjórðungslega Reibor vexti ásamt 2,20% álagi. Fyrsti vaxtadagur er 6. desember 2007 og á 3 mánaða fresti eftir það, en síðasta vaxtagreiðsla er á lokagjalddaga skuldabréfanna, 6. mars 2009. Höfuðstól bréfanna ber að endurgreiða í einni greiðslu á lokagjalddaga þann 6. mars 2009. Auðkenni flokksins á OMX Nordic Exchange Iceland hf. er STOD 09 0306 og ISIN IS0000015501.

**Fyrsti viðskiptadagur:** OMX Nordic Exchange Iceland hf. mun taka skuldabréfin til viðskipta þann 31. júlí 2008.

Umsjón með sölu skuldabréfanna og töku til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. er Glitnir banki hf., Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík. Lýsinguna og önnur gögn sem vitnað er til í henni er hægt að nálgast hjá Landic Property hf, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík og á heimasíðu Landic Property hf. www.landicproperty.is fram til lokadags skuldabréfanna.

Reykjavík, 31. júlí 2008.

GLITNIR




**ÁBÆJARKIRKJA** Kirkjan tekur ekki við öllum mannfjöldanum en það kemur ekki að sök þar sem gott hátalarakerfi flytur öllum guðs orð. MYND/HELGA Þ. HJÁLMARSDÓTTIR

### Árlega messa í Ábæjarkirkju í í Skagafirði:

# Einstök upplifun í eyðidal

Árleg messa verður á sunnudag í Ábæjarkirkju í Austurdal í Skagafirði sem hefur verið í eyði í rúman áratug. Undanfarin ár hefur meirihluti gestanna setið fyrir utan kirkjuna sem tekur aðeins milli þrjátíu og fjörutíu manns en á þriðja hundrað hafa mætt til messunnar. Gestir lýsa messunni í náttúrufegurð eyðidalsins sem einstakri upplifun enda koma margir ár eftir ár.

Séra Ólafur Hallgrímsson hefur messað þarna í 25 ár en sóknin heyrir undir Mælifellsprestakall. Síðasta sóknarbarnið var Helgi Jónsson, bóndi á Merkigili, en hann fórst af slysförum í ársbyrjun 1997. Systkini Helga halda kirkjukaffi á Merkigili að aflokinni messu. „Ég er með rjómavöfflur, randalín, kakó og kaffi. Bara þetta gamla,“ segir Kristín Jónsdóttir, ein systkinanna. „Fólki finnst ég léttgeggjuð að halda svona ókeypis kaffiboð. En mér finnst þessi peningagræðgi í samfélaginu orðin hálf dapurleg. Ég vil leggja mitt af mörkum til gamaldags samfélagskærleika með kaffiboðinu.“

Dalurinn er aðeins þrjátíu til fjörutíu kílómetra úr alfaraleið en leiðin frá frá Varmahlíð að dalnum er seinfarin. Fólk ætti að reikna með að vera á aðra klukkustund að keyra þá leið. **- ges**


ÚTSALA
TAKMARKAÐ MAGN
42" PLASMA
VERÐ ÁÐUR 153.900
139.900
ÚTSALA
42PC51
42" LG plasma sjónvarp
94.900
ÚTSALA
Daewoo 37" LCD sjónvarp
99.900
ÚTSALA
Lava 40" LCD sjónvarp
420031
Stafrænn myndarammi
60% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 24.900
9.900
ÚTSALA
Aego M hvítir og svartir tölvu- og ipod hátalarar
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 29.900
14.950
ÚTSALA
Cambridge heimabíómagnarar, stereo magnarar og geislaspilarar
50% AFSLÁTTUR
41% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 16.900
9.900
ÚTSALA
HIF-6880USMPT
Roadstar minisamstæða
VERÐ ÁÐUR 29.900
24.900
ÚTSALA
17% AFSLÁTTUR
HT302SD
LG heimabíó
VERÐ ÁÐUR 13.900
7.900
ÚTSALA
43% AFSLÁTTUR
DVXI980HDB
Scott HDMI spilari
VERÐ ÁÐUR 15.900
11.900
ÚTSALA
25% AFSLÁTTUR
SRX-180
Scott Bíltæki
Medigate Flakkari 320GB diskur innifalinn
35% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 39.900
25.900
ÚTSALA
MP-F63/G1
MP3 spilari 1GB
37% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 10.900
6.900
ÚTSALA
50% AFSLÁTTUR
SNÚRUR OG TENGI
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-14
LG
Lífið er gott

# TÖLVUT

## Eitt mesta úrval lan



### A300 11T

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Ný og glæsileg fartölva frá Toshiba með tveggja kjarna örgjörva, vefmyndavél, stórum harðdisk og þráðlausu neti.

- AMD Dual Core 1.9GHz örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 256MB ATI X1250 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Til afgreiðslu **Strax** á meðan birgðir endast

TOSHIBA

**79.900**

VE36 3.250 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI



### A300 15J

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Ný og glæsileg fartölva frá Toshiba með tveggja kjarna Intel örgjörva og öflugu ATI HD3470 skjákorti í leikina.

- Intel Core 2 Duo T5550 1.83GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 200GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 256MB ATI HD3470 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Til afgreiðslu **Strax** á meðan birgðir endast

TOSHIBA

**114.900**

VE36 4.550 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI



### MB89

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Glæsileg Limited Edition fartölva frá Packard Bell í tindrandi perluhvítum lit með sjónvarpskorti og MCE fjarstýringu ásamt 2.1 hljóðkerfi og 300Mbps þráðlausu neti.

- Intel Core 2 Duo T8100 2.1GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 512MB GeForce 8600GT HDMI
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Til afgreiðslu **Strax** á meðan birgðir endast

SJÁLFSTÆTT TALNABORÐ

Packard Bell

**149.900**

VE36 5.850 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI



### SB87

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Ein öflugasta fartölvan á Íslandi í dag með sjónvarpskorti og MCE fjarstýringu, 2.1 hljóðkerfi og 300Mbps þráðlausu neti

- Intel Core 2 Duo T9300 2.5GHz 6MB
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 500GB DUAL SATA harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA Diamond View skjár
- 512MB GeForce 8600GT HDMI
- Sjónvarpskort, MCE fjarstýring
- Windows VISTA Home Premium

Til afgreiðslu **Strax** á meðan birgðir endast

SJÁLFSTÆTT TALNABORÐ

Packard Bell

**179.900**

VE36 6.995 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI

## TÖSKUR OG BAKPOKAR Í MIKLU ÚRVALI



### WTS DVS3 7-10" Taska

Frábær taska frá Case Logic sem hægt er að festa aftan á höfuðpúða í bíl og taka með sér í fríið

**3.990**



### Samsonite New Jack

Glæsilegur 15" fartölvubakpoki hlaðinn auka hólfum fóðruð höld og bak. Hvergi á betra verði!

**4.990**



### Samsonite 17" Rafter

Einn flottasti fartölvubakpokinn í dag fyrir 15" og 17" fartölvur. Hlaðinn hólfum og möguleikum

**7.990**



### Belkin 15" Sleeve

Glæsilegt mjúkt skinn frá Belkin svart og rautt á lit. Smellpassar utan um allar 15" fartölvur

**2.990**



### Belkin 15" hliðartaska

Belkin NE-07 fyrir 15" fartölvur er ótrúlega fjölhæf hliðartaska, regnvarin, með fjölda hólfa og fislétt

**6.990**



### Belkin 17" hliðartaska

Belkin NE-07 fyrir 17" fartölvur er ótrúlega fjölhæf hliðartaska, regnvarin, með fjölda hólfa og fislétt

**7.990**


TILBOÐ
ndsins af fartölvum
ASPIRE ONE
• Intel Atom N270 1.6GHz
• 1GB DDR2 667MHz minni
• 8GB SolidState diskur
• 8.9" WideScreen skjár
• 54MBPS Þráðlaust net
• Fislétt aðeins 0.95KG
49.900
ASPIRE
• Intel Celeron M560 2.13GHz
• 1GB DDR2 667MHz minni
• 80GB 5400RPM diskur
• 15.4" WideScreen skjár
• 0.3MP vefmyndavél
• Hvergi á betra verði!
57.900
EXTENSA
• Intel Core 2 Duo T2370
• 1GB DDR2 667MHz minni
• 120GB 5400RPM diskur
• DVD Super Multi skrifari
• 15.4" WideScreen skjár
• Hvergi á betra verði!
69.900
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi innifödu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
Þá lækkum við okkar verð á staðnum
OPNUNARTÍMAR
Í dag og á morgun
10:00 - 18:30
Um helgina
Lokað
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

www.volkswagen.is

Volkswagen kynnir nýjar leiðir til að spara umtalsverðar fjárhæðir.

NAME Volkswagen Passat

Þú færð Passat fyrir aðeins 44.750 kr á mánuði*




NAME Volkswagen Polo

Fiton / SÍA

Þú færð Polo fyrir aðeins 24.950 kr. á mánuði*




80% lán í að fullu í erlendri mynt

Þeir sem hafa hraðar hendur geta sparað umtalsverðar fjárhæðir með kaupum á nýjum Polo eða Passat. Við bjóðum takmarkað magn af þessum sparneytnu bílum á mögnuðum kjörum. Komdu núna. Við tökum vel á móti þér og gamla bílnum þínum líka!

Volkswagen Passat
Verð áður ~~3.570.000 kr.~~
Verð nú 3.355.000 kr.
*Sjálfskiptur Passat Comfortline Plus 2.0 FSI kostar nú aðeins 44.750 kr. á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,5%.

Volkswagen Polo
Verð áður ~~1.990.000 kr.~~
Verð nú 1.875.000 kr.
*Beinskiptur Polo Comfortline 1,4 kostar nú aðeins 24.950 kr. á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,78%.

Das Auto.

Reynslan er góð!
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

## FRÉTTASKÝRING: Rannsókn á geðklofa



**RANNSÓKN** Hreinn Stefánsson, deildarstjóri hjá ÍE (til vinstri), og Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, segja niðurstöður nýrrar rannsóknar geta leitt til þess að hægt verði að greina geðklofa fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Opnar leið að heilanum

**Vísindamenn hjá Íslenskri erfðagreiningu og Landspítalanum hafa fundið stökkbreytingu sem eykur verulega líkurnar á geðklofa. Rannsóknin gæti opnað leið vísindamanna að rannsóknum á heilastarfsemi. Síðasta vígi mannslíkamans er heilinn, segir Kári Stefánsson, forstjóri ÍE.**

Greint er frá niðurstöðu vísindamanna Íslenskrar erfðagreiningar, Landspítalans og erlendra rannsóknarhópa í nýjasta eintaki bandaríska vísindaritsins Nature.

Vísindamennirnir fundu stökkbreytingu, svokallaða úrfellingu úr genum einstaklinga. Það er svæði þar sem lítill hluti erfðamengisins hefur fallið brott, útskýrir Hreinn Stefánsson, verkefnisstjóri hjá ÍE.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er einn af hverjum fimm þúsund einstaklingum með úrfellinguna. Þeir sem eru með hana eru fimmtán sinnum líklegri en aðrir til þess að greinast með geðklofa. Að meðaltali fær einn af hverjum sjö sem eru með úrfellinguna geðklofa.

Geðklofi er geðsjúkdómur sem orsakast af truflunum í heilastarfsemi. Samkvæmt upplýsingum frá ÍE fá um 0,5 til 1 prósent jarðarbúa þennan geðsjúkdóm, en einkenni hans koma oftast fram í kringum tvítugsaldurinn. Fæstir sem greinast með geðklofa ná bata.

### Kanna hvernig hugsun verður til

„Þetta er ofboðslega áhugavert, ekki bara vegna þess að þetta hjálpar okkur að varpa ljósi á geðklofa. Geðklofi er sjúkdómur hugsana og tilfinninga, og við vitum ekki hvernig heilinn býr til hugsanir eða tilfinningar,“ segir Kári.

„Þegar við erum byrjuð að finna skýringarnar á einum sjúkdómi sem hefur áhrif á hugsanir og tilfinningar vaknar sá möguleiki að við getum byrjað að skilja hvernig hugsun verður til, líffræðina á bak við hugsun og tilfinningar,“ segir hann.

„Þetta er mikilvægasta spurning mannsins í dag, vegna þess að tilfinningar og hugsun eru það sem skilgreinir okkur sem dýrategund og sem einstaklinga. Spurningin hvernig hugsun verður til er þess vegna afskaplega mikilvæg,“ segir Kári.

Vonir standa til þess að uppgötvunin muni leiða til þess að hægt verði að greina geðklofa fyrr en ella, og hefja meðferð fyrr.

Niðurstaðan mun þó ekki ein og sé opna möguleika á því að útbúa einfalt genapróf til að kanna hvort einstaklingar séu með stökkbreytinguna, eins og hægt er að gera með ýmiskonar annan genabreytileika. Kári segir þó líklegt að komist verði nær þeim möguleika fyrir lok árs.

Niðurstöðurnar gefa einnig vonir um að hægt verði að þróa betri meðferðarúrræði, verði niðurstaða frekari rannsókna sú að lyfjasvörun sé mismunandi eftir því nákvæmlega hvaða úrfellingu einstaklingar eru með.

„Þetta er enn einn vitnisburðurinn um það að áhættan á því að fá heilasjúkdóma eins og geðklofa sé oft af völdum fágætra breytileika sem náttúran er að reyna að losa sig við. Þetta sýnir einnig að þessar stökkbreytingar eiga sér stað tiltölulega oft, þannig að þó að náttúruvalið sé gegn þeim eru þeir alltaf til staðar,“ segir Kári.

### Finna smærri stökkbreytingar

Úrfellingarnar fundust með nýlegri tækni sem gerir vísindamönnum kleift að sjá mun minni úrfellingar en áður, segir Hreinn. Það er nákvæmari útfærsla á rannsóknum sem til dæmis eru gerðar á fóstrum, til að kanna hvort heill litningur hafi fallið út, eða hvort aukalitningur hafi bæst við.

„Við erum að nota örflögutækni til að finna miklu minni breytileika en áður, sem geta verið úrfellingar eða innskot,“ segir Hreinn. Áfram verður unnið að rannsóknum með þessari tækni.

Íslensk erfðagreining leiddi teymið sem vann rannsóknina, í samstarfi við Landspítala Íslands og rannsóknarhópa víða um heim.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

## ÍSLENDINGAR SMEYKIR VIÐ MINNISPRÓF

Íslensk erfðagreining er nú að leita að þátttakendum í rannsókn á minni. Þátttakendur munu taka próf í gegnum tölvu einu sinni á ári, tíu ár í röð til að kanna hvort, og þá hvernig, minnið breytist, segir Hreinn Stefánsson, deildarstjóri hjá ÍE, og verkefnisstjóri rannsóknarinnar.

Rannsóknin er þáttur í áframhaldandi rannsóknum ÍE á áhættuþáttum sem leitt geta til geðklofa. Ætlunin er meðal annars sú að leita uppi erfðavísa sem hafa áhrif á vitræna getu, til dæmis langtímaminni, skammtímaminni og viðbragðsflýti.

„Við ætlum að leita að breytileika á því hvernig við hugsum,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri ÍE.

„Vandamálið er það að við Íslendingar erum hégómafullt fólk, og viljum ekki að fólk haldi að við séum vitlausari en við höldum að við séum. Þess vegna virðist fólk smeykt við að taka þessi próf,“ segir Kári.

Hann segir að áhyggjur séu þó óþarfar, þar sem dulkóðun sé beitt til þess að ekki sé hægt að tengja niðurstöðuna við þátttakendur í rannsókninni, né verði þær notaðar til nokkurs annars en að leita að erfðavísum.

Þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt í rannsókninni geta skráð sig á vefslóðinni www.rannsokn.is/minni. Um 1.400 hafa þegar skráð sig, en Kári segir að æskilegt væri að ná í það minnsta 4.000 manna hópi.

## GEÐKLOFI BREYTIR PERSÓNULEIKANUM

„Ég hef áhuga á öllu sem við erum að fást við, en geðklofi er einn af þeim sjúkdómum sem fylgir fjölskyldu minni,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.

„Ég á bróður sem er með geðklofa, er krónískur sjúklingur, svo það er fjölskylduáhugi á þeim sjúkdómi. Þetta er erfiður sjúkdómur, sem breytir fólki, breytir persónuleika þess. Það er oft mjög erfitt fyrir fólk að takast á við hann,“ segir Kári.

„Auðvitað man maður eftir sínum nánustu þegar maður er að fást við sjúkdóma, en áhugi minn er ekki sérstaklega til kominn vegna þess. Ég vann sem taugasjúkdómalæknir og taugameinafræðingur í aldarfjórðung, og var að vinna við sjúkdóma heilans stóran hluta starfsævi minnar.“



**ÞEKKIR TIL** Geðklofi er sjúkdómur sem erfitt er að takast á við, segir Kári Stefánsson. Bróðir hans er með geðklofa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki bara matur!

netto



KAFFIVÉL 800W
STÁL
**2.990 kr**
~~4.590 kr~~



SAMLOKUGRILL 750W
STÁL
**2.490 kr**
~~4.590 kr~~



VÖFFLUJÁRN 850W
HVÍTT
**2.990 kr**
~~3.990 kr~~



BRAUÐRIST 750W
STÁL
**1.990 kr**
~~2.990 kr~~



VÍNKÆLIR
**25.900 kr**
~~34.900 kr~~



HRÍSGRJÓNAPOTTUR 700W
HVÍTUR
**4.990 kr**
~~6.990 kr~~




RYKSUGA POKALAUS
2300W
**9.900 kr**
~~18.990 kr~~

**GRILL**
**FRÁBÆRT VERÐ**



UNIFLAME - GRILL
4 BRENNARAR
**49.900 kr**



UNIFLAME - GRILL
3 BRENNARAR
**39.900 kr**

TILBOÐIN GILDA 31. JÚLÍ - 4. ÁGÚST

www.markhonnun.is

Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

> Kílóverð á tekexi frá árinu 1999:




# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** STURLA JÓNSSON VÖRUBÍLSTJÓRI

## *Ekki gott að kaupa neitt hér á landi*



„Verstu kaupin mín eru í rauninni allt sem ég kaupi á Íslandi, því hér er vont að kaupa allt. Þó stendur bensínið auðvitað upp úr sem alverstu kaupin," segir Sturla Jónsson, vörubílstjóri og baráttumaður. „Þetta verðlag er eins og hjá fávitum. Gallonið, sem er tæpir fjórir lítrar, kostaði 46 sent í Arabísku furstadæmunum. Ég segi bara, reiknaðu nú!" Ef upplýsingar Sturlu eru réttar þá kostar bensínlítrinn rétt um 8 krónur þar. „Ég er viss um að bensínið séu ekki bara mín verstu kaup, heldur verstu kaup allra Íslendinga. Það geta allir verið sammála um að verðlagið á bensíni hér sé á mörkum sturlunar."

Sturla kveður bestu kaup sín vera allt sem hann flytur inn sjálfur, enda sé verðlagið hérlendis spaugilegt, sérstaklega samanborið við Ameríku og Arabísku furstadæmin. „Nærtækasta dæmið er líklega vörubíllinn sem ég flutti inn. Hann kostaði 8,9 milljónir þegar ég flutti hann inn, tilbúinn á götuna. Sambærilegur bíll kostaði þá hér tólf til þrettán milljónir. Svo er hann líka miklu ódýrari í viðhaldi af því að það er allt miklu ódýrara í Ameríku."

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### AÐ LOKA ÍSSKÁPNUM

■ *Alma Joensen segist ekki kunna mikið af húsráðum en lumar þó á einu sem einfalt er að fylgja eftir.*



„Mamma mín sagði mér alltaf að það væri gott að loka ísskápnum, svo að mörgæsirnar kæmu ekki og borðuðu allan matinn," segir Alma Joensen, á alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands. „Einu sinni sat ég við opinn ísskápinn klukkutímum saman og beið eftir mörgæsum. Það komu aldrei neinar mörgæsir en maturinn í ísskápnum skemmdist hins vegar. Ég lærði seinna að mörgæsir eru bara á Suðurpólnum, en dró þá lexíu af atvikinu að ef ísskápnum er ekki lokað rækilega þá skemmist maturinn."

■ **Verðlag**

## Bjórinn dýrastur við Austurvöll



Í óformlegri könnun Fréttablaðsins á bjórverði í Reykjavík kom í ljós að mest kostar að drekka hann við Austurvöll.

Á Café Paris kostar hálfur lítri 700 krónur og sömuleiðis á Thorvaldsen bar. Á Organ og Sólon kostar hann einnig 700 krónur en á Prikinu, Næsta bar og Ölstofu Kormáks og Skjaldar er hann lítið eitt ódýrari, á 650 krónur.

Lægsta verðið sem fannst var þó á Grand Rokk og Santa Maria, þar kostar hann enn þá 600 krónur. Þegar komið var á Dillon og Boston hafði verðið aftur hækkað í 700 krónur.

■ **Auglýsingar**

## Verðið ekki alltaf bindandi

Verð í auglýsingum á alltaf að vera rétt. Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendastofu.

Verðið er þó ekki bindandi í þeim tilfellum þar sem um prentvillu er að ræða en þá verður auglýsandi að hafa upplýst um villuna áður en viðskiptin eiga sér stað. Ekki er „hægt að krefjast þess að kaupa vöru eða þjónustu á verði sem fram kemur í auglýsingu. Að gefa upp rangt verð af ásetningi brýtur þó í bága við lög og getur neytandinn krafist bóta."

Hafa skal í huga að þegar verð er auglýst verður það alltaf að vera endanlegt. Það þýðir að virðisaukaskattur verður að vera innifalinn.

Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.




Silja Hauksdóttir leikstjóri
Konan á bak við tjöldin




Allt sem þú þarft... ...alla daga

Fiskur á grillið

Prinsaspjót-tígrisrækjuspjót-túnfisksteikur,
Lax í teriyaki og hunangs-stór humar,
Langa í reyktu chilli-Keila í indversku karry
Humarsúpa prinsins

HAFIÐ FISKIPRINSINN

*Þú getur alltaf treyst á prinsinn*

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220
www.hafid.is



**VERÐMUNUR** Það borgar sig að skoða verð á áfyllingu gaumgæfilega því verðumunur er nokkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Verðmunur á kútum og áfyllingu umtalsverður

**Það getur munað meira en tvö þúsund krónum á gashylkjum fyrir gasgrill. Verð á áfyllingum er reiknað á kút en ekki í kílóum. Það getur því borgað sig að skoða verð á áfyllingu og hylkjum gaumgæfilega.**

Gaskútar koma í ýmsum stærðum og gerðum. Algengastir eru níu kílóa kútar úr stáli. Þegar gaskútur er keyptur í fyrsta sinn þarf að greiða aukalega fyrir hylkið sem hann kemur í. Eftir þetta eru aðeins keyptar áfyllingar.

Verðið á níu kílóa kútum hjá N1 og Skeljungi er 2.000 krónur. Hjá Olís er það ríflega fjórðungi dýrara en þar kosta þeir 2.540 krónur.

Gasið sjálft er á svipuðu verði hjá stöðvunum þremur þegar um er að ræða níu kílóa stálkút. N1 eru með ódýrustu áfyllinguna á 3.570 krónur. Hjá Skeljungi kostar hún 3.985 og hjá Olís er hún ekki nema fjórum krónum dýrari. Plasthylki njóta sömuleiðis nokkurrar hylli. Þau eru léttari og meðfærilegri en stálhylkin en á móti kemur að þau eru aðeins dýrari.

Tíu kílóa plasthylki eru á mjög mismunandi verði hjá olíufélögunum. Hjá N1 kostar hylkið 6.200 og hjá Skeljungi er það á 7.200 krónur. Olís bjóða mun betur en þar eru hylkin á 4.900 krónur.

Verð á áfyllingu á plastkút og stálkút er ekki sambærilegt því sá fyrrnefndi er stærri. Hjá N1 kostar áfylling á 10 kílóa plastkút 3.965 krónur, hjá Skeljungi kostar hún 4.395 krónur og hjá Olís er hún á 5.141 krónu.

**VERÐSAMANBURÐUR**

| | Áfylling | + | Kútur | = | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **N1:** | | | | | |
| Stálkútur 9 kg | 3.570 | + | 2.000 | = | 5.570 |
| Plastkútur 10 kg | 3.965 | + | 6.200 | = | 10.165 |
| **Olís:** | | | | | |
| Stálkútur 9 kg | 3.989 | + | 2.540 | = | 6.529 |
| Plastkútur 10 kg | 5.141 | + | 4.900 | = | 10.041 |
| **Skeljungur:** | | | | | |
| Stálkútur 9 kg | 3.985 | + | 2.000 | = | 5.958 |
| Plastkútur 10 kg | 4.395 | + | 7.200 | = | 11.595 |

Eins og sést er það samhengið á milli kúta og áfyllingar sem skiptir mestu máli. Á níu kílóa kútunum er það greinilega N1 sem hefur vinninginn með samanlögðu verði upp á 5.570 krónur. Kútarnir kosta það sama og hjá Skeljungi en áfyllingin er um það bil 400 krónum ódýrari.

Heildarverð tíu kílóa plastkúta er lægst hjá Olís. En þrátt fyrir að vera með lægsta heildarverðið borgar sig ekki að fylla á hjá Olís því þar er áfyllingarverðið hæst. Lækkunin skýrist af verðinu á hylkinu sem er ekki nema 4.900 krónur. Best væri að kaupa kútinn hjá Olís en fylla á hann hjá N1.

helgath@frettabladid.is

Öðrum til viðvörunar:

## Lesið yfir kortareikninginn!




**KREDITKORT GETUR KOMIÐ SÉR VEL**
En passið ykkur bara á sjálfvirku skuldfærslunum!

Droplaug Erlingsdóttir vaknaði upp við vondan draum. Hún skrifar öðrum til viðvörunar: Ég fór í bankann um daginn til að fá greiðsluþjónustu. Þá kom í ljós að undanfarin sjö ár hefur verið tekin upphæð á milli 800-2000 krónur á mánuði af vísareikningum mínum til að greiða fyrir netfangið „@mmedia.is". Ég bað um netfangið árið 2001 og samþykkti að afborgun yrði tekin af vísakortinu.



Ég hef hins vegar ekki notað netfangið í um sex ár en var, sökum almennrar heimsku, búin að steingleyma þessari sjálfvirku skuldfærslu. Í byrjun var upphæðin um 2000 kr. á mánuði en var komin í „einungis" 800 kr. núna um daginn þegar ég uppgötvaði herlegheitin. Þar sem ég er greinilega „zombie" með vísakortið og hafði ekki skoðað gaumgæfilega hverja færslu gegnum tíðina – sem maður ætti svo sannarlega að gera – þá er ég núna nokkrum tugþúsundum króna fátækari og Ogvodafone þeim mun krónum ríkari.

Það getur verið dýrt að vera „zombie" eins og Droplaug komst að raun um. Endilega rennið nú yfir hinn yndislega kreditkortareikning og gáið hvort einhverjar gamlar og óþarfar færslur séu enn að lufsast þar!

DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Verslunarmannahelgin hefst í Bónus Tilboðsblaðið er komið til þín með póstinum!




## Hefur þú vitað það betra ?

## Sjötíu og fjögur tilboð í Bónusblaðinu,

Allt nauðsynlegar ferðavörur t.d. grillkjöt, rauðkál, gosdrykkir, dýnur, smokkar, niðursuðuvörur, brauð, súkkulaðikex, sólgleraugu, hangikjöt og nýjar íslenskar kartöflur.

## 25 Bónus verslanir á Íslandi   Sama verð um land allt

- **Reykjavík** Kringlunni, Kjörgarði, Holtagörðum, Skútuvogi 13 Faxafeni 14, Spönginni Grafarvogi, Hraunbæ 121 Lóuhólum 2-6, Fiskislóð 2
- **Kópavogur** Smiðjuvegi 2, Smáratorgi, Ögurhvarfi 3
- **Hafnafjörður** Tjarnarvöllum 15, Helluhrauni 18
- **Mosfellsbær** Þverholti 2
- **Garðabær** Kauptúni 1
- **Reykjanesbær** Fitjar
- **Hveragerði** Sunnumörk
- **Selfoss** Austurvegur
- **Egilsstaðir** Miðvangur
- **Akureyri** Langholt
- **Ísafjörður** Ljónið, Skeið
- **Stykkishólmur** Borgarbraut
- **Borganes** Digranesgata
- **Akranes** Smiðjuvöllum



| | |
|---|---|
| **Fimmtudagur 31. júlí** | opið 11.00 - 18.30 |
| **Föstudagur 1. ágúst** | opið 10.00 - 19.30 |
| **Laugardagur 2. ágúst** | opið 10.00 - 18.00 |
| **Sunnudagur 3. ágúst** | opið 12.00 - 18.00 |
| **Mánudagur 4. ágúst** | LOKAÐ |

Þessar Bónus verslanir eru opnar **sunnud. 3. ágúst:** Spöng Rvk. Helluhraun Hf. - Smári Kópv. - Akureyri- Hveragerði - Selfoss - Borgarnes -Egilsstaðir- Reykjanesbær.

**Allar Bónusverslanir lokaðar mánudaginn 4. ágúst, á frídegi verslunarmanna.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.094 **-1,09%**

**Fjöldi viðskipta:** 173
**Velta:** 2.406 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **CENTURY ALUM.** | +9,28% | **KAUPÞING** | -1,93% |
| **EXISTA** | +2,28% | **STRAUMUR BURÐ.** | -1,84% |
| **FÆREYJA BANKI** | +2,17% | **GLITNIR** | -1,01% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,96 +0,00% ... Atorka 5,50 +0,73% ... Bakkavör 25,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 14,25 -0,35% ... Exista 6,28 +2,28% ... Glitnir 14,76 -1,01% ... Icelandair Group 16,95 +0,00% ... Kaupþing 710,00 -1,93% ... Landsbankinn 22,70 -0,87% ... Marel 84,50 +0,00% ... SPRON 3,03 +0,67% ... Straumur-Burðarás 9,06 -1,84% ... Teymi 1,52 +0,00% ... Össur 84,30 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Erfiðir mánuðir fram undan

### Nokkrir tugir missa vinnu hjá Tækjum, tólum og byggingavörum ehf.

Sá hluti fyrirtækisins Mest, sem nýverið hlaut nafnið Tæki, tól og byggingavörur ehf., verður tekið til gjaldþrotaskipta, að ósk stjórnenda. Hátt í 60 manns störfuðu hjá fyrirtækinu og var þeim tjáð í gær að ekki verði hægt að greiða þeim laun fyrir júlímánuð.



GUNNAR PÁLL PÁLSSON

„Við óttumst að fram undan séu erfiðir mánuðir. Ég á frekar von á því að svona tilfellum muni fjölga á næstunni miðað við umræðuna í samfélaginu," segir Gunnar Páll Pálsson, formaður VR. Hann segir að svona mál hafi ekki verið algeng undanfarin ár, þó hafi einhver tilvik verið í lok árs 2006 og 2007.

Gunnar Páll segir líklegt að starfsmenn fái ekki ógreidd laun borguð fyrr en eftir sex til átta mánuði. Hvort VR eða ábyrgðarsjóður launa muni borga eigi eftir að koma í ljós.

Glitnir tók nýverið yfir rekstur steypustöðva Mest, auk hellugerðar og múrvöruverslunar og var þá fyrirtækið Tæki, tól og byggingavörur stofnað um rekstur á því sem eftir var sem nú verður tekið til gjaldþrotaskipta.

Elías Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs VR, telur að ástandið á næstunni verði ekki verra en í síðustu niðursveiflu á árunum 2001 og 2002. „Þetta er hins vegar að fara miklu hraðar niður en það gerðist þá. Það sem gerðist á tólf mánaða tímabili síðast gerist nú á örfáum mánuðum," segir Elías.

**- as**

# Framleiðslukostnaður eykst

Vísitala framleiðsluverðs hækkaði um 3,7 prósent frá maí til júní 2008. Vísitala framleiðsluverðs fyrir sjávarafurðir hækkaði um 7,4 prósent frá fyrri mánuði og vísitala fyrir stóriðju hækkaði um 3,4 prósent.

Vísitala framleiðsluverðs sýnir verðbreytingu á framleiðsluvörum þegar þær eru seldar frá framleiðendum án skatta, en að teknu tilliti til afslátta og annarra frádráttarliða.

Frá júní 2007 hefur vísitala framleiðsluverðs hækkað um 29,5 prósent og verðvísitala sjávarafurða um 44,7 prósent. Á sama tíma hefur matvælaverð hækkað um 14,1 prósent.

**- bþa**

# Tap Spron nemur fimm milljörðum

Spron tapaði fimm milljörðum á öðrum ársfjórðungi samanborið við 5,5 milljarða hagnað á sama tímabili í fyrra. Tap Spron nam 1,03 krónum á hlut. „Rekstrarstaða Spron hefur farið batnandi," segir Guðmundur Hauksson. Hann segir að vaxtatekjur hafi verið að aukast og rekstrarkostnaður hefur dregist saman. Starfsmönnum hefur fækkað um 21 frá áramótum.

„Líkt og undanfarna ársfjórðunga líður rekstur SPRON fyrir óhagstæðar markaðsaðstæður," segir Guðmundur. Gengistap vegna hlutabréfaeignar félagsins á öðrum ársfjórðungi nam 4,9 milljörðum króna. Eignarhlutur Spron í Existu hefur lækkað um tíu milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins.

Spurður um stöðu Spron segir Guðmundur Hauksson að vissulega kalli núverandi aðstæður á hagræðingu í rekstri.

Athygli vekur að bankinn tekur frá um 770 milljónir í afskriftir. „Við teljum að við séum að búa okkur undir það sem koma skal," segir Guðmundur. Hann segir að raunin hafi gjarnan verið sú að menn hafi ekki gengið nægilega langt í að búa sig undir erfiða tíma.



**UPPGJÖR SPRON** Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, segir búið í haginn með afskriftarreikningi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hann segir að verið sé að skoða frekari útfærslur á verðbréfum íbúðalánasafns Spron. Tilkynnt var um 21 milljarða útgáfu í fyrradag. Hann segir mögulegt að gefa út fyrir nokkra tugi milljarða umfram það sem nú þegar hafi verið gefið út. Hann segir að um hagstæða fjármögnun sé að ræða þar sem bréfin eru veðhæf í viðskiptum við Seðlabanka Evrópu.

**bjornthor@markadurinn.is**

### ÍBÚÐALÁNASAFN SPRON „VERÐBRÉFAÐ"

Spron hefur lokið svokallaðri „verðbréfun" á íbúðalánasafni fyrir um 21 milljarð króna. Spron er fyrstur banka hér á landi til að gefa út RMBS-skuldabréf (e. Residential Mortgage-Backed Securities), sem eru eignavarin skuldabréf með veðum í undirliggjandi safni húsnæðislána. Skuldabréfin eru gefin út í evrum.

Stofnað var sérstakt dótturfyrirtæki, Geysir 2008-I Institutional Investor Fund, sem kaupir íbúðalánin af Spron. Um 78,5 prósent af útgáfunni hafa fengið hæstu lánshæfiseinkunn, Aaa, frá matsfyrirtækinu Moody's.

Bréfin eru gjaldgeng í endurhverfum viðskiptum hjá Seðlabanka Íslands og Seðlabanka Evrópu. Greining Glitnis bendir á að Glitnir og Kaupþing hafa gefið út sérvarin skuldabréf (e. structured covered bonds) þar sem undirliggjandi safn húsnæðislána er einnig sett sem veð en með öðrum hætti.

# Vonbrigði með tap Straums-Burðaráss

**Straumur-Burðarás tapaði 1,4 milljónum evra (179 milljónum króna) eftir skatt á öðrum ársfjórðungi. Mistök sem gerð voru í stöku fjárfestingarverkefni valda vonbrigðum, segir forstjóri bankans.**

Mistök í fjárfestingu á sviði eigin viðskipta (e. proprietary trading) urðu til þess að á öðrum ársfjórðungi féll til kostnaður upp á 44 milljónir evra (tæpa 5,5 milljarða króna) hjá fjárfestingarbankanum Straumi-Burðarási. „Við gerðum mistök en höfum gripið til ráðstafana til þess að þau endurtaki sig ekki," segir William Fall, forstjóri Straums. „Við lentum þarna í sértækum vanda sem tekið hefur verið á."

Tap til hluthafa Straums á öðrum ársfjórðungi nemur 2,81 milljón evra (rúmum 349 milljónum króna), en 1,37 milljóna evra (170 milljóna króna) hlutdeild minnihluta gerir að endanlegt tap verður 1,44 milljónir evra (179 milljónir króna). Niðurstaðan er töluvert undir meðalspá greiningardeilda Landsbankans, Glitnis og Kaupþings sem hljóðar upp á 2,1 milljarðs evra hagnað. Einungis Glitnir spáði tapi, 5,2 milljónum evra.

Tap fyrir skatt nemur 20,2 milljónum evra (2,5 milljörðum króna). Inni í jákvæðri skattafærslu hefur svo áhrif tekjufærsla, einskiptisleiðrétting, upp á 10,6 milljónir evra (1,3 milljarða króna) vegna breytinga á lögum um söluhagnað hlutabréfa. Stephen Jack, fjármálastjóri Straums, segir mat bankans hafa verið að leiðrétta bækurnar strax, en ný lög voru samþykkt í maí.



**WILLIAM FALL** Straumur-Burðarás fjárfestingabanki kynnti í gærmorgun uppgjör sitt fyrir annan ársfjórðung. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Arðsemi eigin fjár var 2,7 prósent á ársgrundvelli og eiginfjárhlutfall samkvæmt CAD reglum 25,4 prósent.

William Fall forstjóri segir að utan taps af eigin viðskiptum sé uppgjörið viðunandi þótt jafnmikið tap valdi vitanlega vonbrigðum. „Við töpuðum á stórri stöðu og brenndum okkur á henni. Ég á hins vegar ekki von á frekari vandamálum á þessum vígstöðvum. Annars staðar ganga hlutir vel og við í uppbyggingarfasa á ýmsum sviðum," segir hann og bendir einnig á styrka eiginfjárstöðu bankans. Hún geri það að verkum að bankinn þyki ákjósanlegur til samstarfs og jafnvel sé inni í myndinni að fara í kaup eða samruna á smærra fjármálafyrirtæki. „Við höfum augun opin fyrir tækifærum sem kunna að vera til staðar, en lengra eru þessi mál ekki komin."

Hann segir bankann einnig vel fjármagnaðan og bendir á að lausafé nægi til að standa við skuldbindingar á gjalddaga 12 mánuði fram í tímann. Þess utan séu gjalddagar á næsta ári tiltölulega léttvægir, en þá eru á gjalddaga um 263 milljónir evra (tæpir 33 milljarðar króna).

Bankinn stefnir enn á að skrá hlutabréf sín í evrum og segir Willam Fall að grannt sé fylgst með þróun þeirra mála. „Eftir á að hyggja hefði náttúrlega verið langhagkvæmast hvað verðþróun bréfa okkar að gera þetta þegar við ætluðum í fyrra."

**olikr@markadurinn.is**

### TÖLUR ÚR UPPGJÖRI STRAUMS-BURÐARÁSS

| Tímabil | hagnaður á hlut |
|---|---|
| Janúar - júní 2008 | 0,002 evrur |
| Janúar - júní 2007 | 0,017 evrur |

| Tímabil | hagnaður/tap eftir skatt |
|---|---|
| Apríl - júní 2008 | -1,44 milljónir evra |
| Apríl - júní 2007 | 94,19 milljónir evra |

| Skráðar eignir | virði í lok júní |
|---|---|
| Netia | 132 milljónir evra |
| Landsbanki Íslands | 53 milljónir evra |
| Net Entertainment | 25 milljónir evra |
| Hungarian Telephone & Cable | 21 milljón evra |
| Funkom N.V. | 15 milljónir evra |
| Annað | 82 milljónir evra |
| *Alls:* | *328 milljónir evra* |

| Óskráðar eignir | virði í lok júní |
|---|---|
| Play | 253 milljónir evra |
| Novator Pharma Holding 1 hf. | 80 milljónir evra |
| Novator Credit Fund | 19 milljónir evra |
| Boreas Capital Fund | 18 milljónir evra |
| Altima Global | 15 milljónir evra |
| Annað | 150 milljónir evra |
| *Alls:* | *535 milljónir evra* |

Viltu skjól á veröndina?




www.markisur.com og www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál
Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík
Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar

# Brunaútsala á eignum Merrill Lynch

Merrill Lynch tilkynnti á þriðjudag um hlutafjáraukningu upp á átta og hálfan milljarð Bandaríkjadala. Í fréttatilkynningu félagsins er þetta kynnt sem „stærsta hlutafjáraukning í sögu Bandaríkjanna". Hlutafjáraukningin er nauðsynleg til að bæta eiginfjárstöðu bankans, sem hefur tapað miklu á undirmálslánum.

Á mánudag tilkynnti Merrill Lynch um sölu á 30,6 milljörðum af skuldavafningum til Lone Star Funds. Salan vakti athygli því söluverðið var 22 cent fyrir hvern dollar af þessum bréfum, sem er mun lægra en í fyrri sölum af þessum toga.

Bankar hafa bókfært skuldavafninga sína mun hærra. Stærsti banki Bandaríkjanna, Citigroup, bókfærir skuldvafninga sína á 53 cent fyrir dollarinn. Citigroup staðhæfir að skuldavafningar þeirra séu öruggari en bréf sem Merrill Lynch seldi.



**BRUNAÚTSALA** Sala Merrill Lynch á skuldavafningum hefur vakið ótta um stórauknar afskriftir banka vestan hafs. MARKAÐURINN/AFP

Skuldavafningar eru mjög ólíkir innbyrðis og því erfitt að verðleggja þá. Greiningardeildir rýna því nú í sölu Merrill Lynch til að sjá hvort endurmeta þurfi bókfært verð skuldavafninga annarra fjármálastofnana.

Greiningardeild Deutsche Bank telur að Citigroup þurfi að auka afskriftir sínar um 8 milljarða á þriðja ársfjórðungi vegna þessa.

**- msh**


ÉG DÓ...
MEÐ FULLAN MUNNINN AF MOLD.
HRAÐAKSTUR BORGAR SIG EKKI!
FÉLAG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA ÁRNESSÝSLU
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýr stjórnarsáttmáli?

## Um hvað?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Einn af þingmönnum stjórnarflokkanna hefur lýst þeirri skoðun að rétt væri að gera nýjan sáttmála fyrir ríkisstjórnarsamstarfið. Rökin eru þau að mikið hafi breyst frá því stjórnin tók við.

Það hefur hins vegar oft gerst áður að ríkisstjórnir hafa staðið frammi fyrir nýjum veruleika í efnahagsmálum og jafnvel utanríkismálum án þess að það kallaði á nýjan stórnarsáttmála. Nýtt strik er þá sett við ríkisstjórnarborðið.

Eigi að síður er formleg endurnýjun stjórnarsáttmála ekki dæmalaus. Það gerðist til að mynda 1984 eftir eins árs setu þáverandi ríkisstjórnar. Margs konar róttækar hugmyndir um kerfisbreytingar og aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum auk kynslóðatogstreitu bjuggu að baki þar og þá. Aðferðafræðin skiptir ekki öllu, þegar þannig stendur á, heldur hitt hvort menn hafa eitthvað nýtt til málanna að leggja.

Með vissum hætti má segja að ræða forsætisráðherra á ársfundi Seðlabankans í vor hafi opinberað nýjan stjórnarsáttmála. Þar voru kunngerð umfangsmestu áform fyrr og síðar til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans. Sú ákvörðun fól í sér grundvallar stefnubreytingu. Vegna almannahagsmuna þótti rétt að stórauka ábyrgð skattborgaranna á fjármálakerfinu. Stjórnarsáttmálinn gerir hvergi ráð fyrir ráðstöfunum af því tagi. Þær voru samt boðaðar.

Jafnframt var í þessari ræðu tilkynnt um að senn væri kominn tími til að endurskoða peningastefnuna í heild. Það er sterk yfirlýsing og ávísun á stefnubreytingu frá myndun ríkisstjórnarinnar. Svo má deila um hversu rösklega hafi gengið að koma þessum áformum fram. En mismunandi mat á tímasetningum um þessa stefnubreytingu er tæpast efnisástæða fyrir nýjum sáttmála.

Yfirlýsing forsætisráðherra um að fela Evrópunefnd ríkisstjórnarinnar að skoða möguleika á aðild að Evrópska myntbandalaginu var líka umtalsverð stefnubreyting frá skrifuðum stjórnarsáttmála. Menn geta deilt um hversu raunhæf sú hugmynd er. Hún felur hins vegar í sér nýja hugsun sem ekki er að finna í stjórnarsáttmálanum.

Ríkisfjármálin eru annað atriði sem taka þarf á með öðrum hætti en lagt var upp með í stjórnarsáttmálanum. Ef innganga í Evrópska myntbandalagið og Evrópusambandið á að vera möguleg í byrjun næsta kjörtímabils þarf miklu harðari ríkisfjármálaákvarðanir næstu þrjú árin en stjórnarsáttmálinn mælir fyrir um.

Fjárlagafrumvarpið mun sýna hvort Evrópusinnar í ríkisstjórninni meina eitthvað með því sem þeir segja um þau efni. Án verulegs niðurskurðar eru öll slík áform orð án merkingar. Eigi að halda í krónuna þarf fjárlagafrumvarpið að sýna enn harkalegri aðgerðir. Það er meira virði að sjá slík ráð í tölum fjárlagafrumvarpsins en að lesa áform þar um í nýjum stjórnarsáttmála.

Stjórnarsáttmálinn hefur ekki að geyma markvissa orkunýtingarstefnu. Hún er hins vegar óhjákvæmileg nú til þess að treysta gjaldmiðilinn og hindra enn meiri kjaraskerðingu launafólks. Þeir sem streitast á móti eru Þrándur í Götu viðreisnaraðgerða í þjóðarbúskapnum. Hér skipta verkin meira en orðin.

En hitt er rétt að þjóðin þarf bæði að sjá slíkar ráðstafanir og heyra um þær. Það er vissulega hlutverk stjórnarinnar að setja nýjar aðstæður og nýjar ráðstafanir í samhengi og skýra það strik sem siglt er eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráfandi listnemar

Magnús Skúlason, arkitekt og nýr fulltrúi F-lista í skipulagsráði, reifaði sjónarmið sín um nýjan Listaháskóla í útvarpsþættinum Speglinum á þriðjudag. Magnús telur að betur fari á að Listaháskólinn rísi í Lauganesi eða Vatnsmýrinni, þar sem hann væri í meiri sátt við umhverfið og nyti góðs af samgangi við Háskóla Íslands. Magnús var heldur ekki á því að Listaháskóli yrði mikil lyftistöng fyrir Laugaveginn: „Ég sé ekki endilega að nemendur í Listaháskólanum þurfa að vera að ráfa á Laugaveginum. Þetta er verslunargata, ekki satt?“ Á Laugavegi eru ekki bara verslanir heldur líka kaffihús. Og Magnús virðist gleyma að listnemar hafa orð á sér fyrir að vera ein kaffiþyrstasta stétt heims.



### Aftur á Uppsali

Ómar Ragnarsson og Árni Johnsen áforma að opna minjasafn um Gísla Gíslason á Uppsölum í Selárdal. Það fer vel á því að Ómar taki þátt í að koma safninu á laggirnar, enda varð Gísli landsfrægur eftir að hann kom fram í Stikluþætti Ómars. Svo nátengdur er Ómar minningunni um Gísla að ekki væri úr vegi að munstra hann sem safngrip á Uppsölum.



### Beggja vegna borðsins

Meira um Árna Johnsen. Þingmaðurinn ætlar að höfða meiðyrðamál á hendur Agnesi Bragadóttur, fyrir að kalla hann stórslys og reginhneyksli í útvarpsviðtali. Árni segist hafa ákveðið að fara í mál eftir að ókjör af lærðum og leikum mönnum hvöttu hann til að leita réttar síns. Þetta eru ekki einu málaferlin sem Árni stendur í, því Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri kærði hann fyrir meiðyrði vegna ummæla í þá átt að Gunnar væri ekki starfi sínu vaxinn. Líklega eru ekki mörg fordæmi í íslenskri réttarsögu um að sami maður höfði meiðyrðamál í sömu mund og meiðyrðamál er höfðað gegn honum.

bergsteinn@frettabladid.is

# Fullveldi er sameign



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Simbabve og Búrma

Hvað er til bragðs að taka, þegar ríkisstjórn lands leggur efnahag fólks og fyrirtækja í rúst? Þessi spurning brennur á sárþjáðri alþýðu í Simbabve og Búrmu. Þessi tvö lönd eiga það sammerkt, að ríkisstjórnir þeirra, eða öllu heldur einræðisherrarnir Róbert Múgabe og Than Shwe, hafa leyft sér að stöðva matvælasendingar Sameinuðu þjóðanna handa sveltandi fólki með þeim rökum, að ekki sé hægt að líða erlend afskipti af innanlandsmálum. Þeir líta á neyðarhjálpina sem árás á fullveldi landanna.

Ástand beggja landa er hörmulegt. Blöðin í Suður-Afríku sögðu nýlega frá kennslukonu í Simbabve með 60 milljarða dollara í mánaðarlaun. Launin duga fyrir tólf tómötum. Það myndi kosta hana 40 milljarða dollara á dag að taka rútu í skólann. Hún gengur marga klukkutíma á dag.

Mörgum sýnist, að ríku löndin haldi áfram að þjösnast á þróunarlöndunum. Nýlenduveldin komu að ýmsu leyti illa fram við nýlendur sínar í Afríku og Asíu, stundum mjög illa. Margir líta svo á, að yfirgangurinn haldi áfram. Innrásin í Írak 2003 ýtti undir þessa skoðun. Jafnvel Alan Greenspan, þá seðlabankastjóri Bandaríkjanna, staðhæfir í sjálfsævisögu sinni, að Bandaríkjamenn hafi ráðizt inn í Írak til að tryggja yfirráð sín yfir olíulindum Íraks. Stjórnarskrá Íraks frá 2005 skilgreinir þó olíuna sem þjóðareign Íraka. Múgabe og Shwe gera út á þá söguskoðun, að iðnríkin ógni þróunarlöndunum og ásælist auðlindir þeirra, og benda á Írak máli sínu til stuðnings.

### Hvað er hægt að gera?

Hvað er hægt að gera við lönd eins og Simbabve og Búrmu? Vilji kjósenda hefur verið virtur að vettugi í báðum löndum. Ekki verður séð, að hægt sé að koma harðstjórunum tveim frá völdum án hernaðaríhlutunar. Ein leiðin er að ráðast inn, ryðja einræðisherrunum úr vegi með valdi, afhenda réttkjörnum stjórnarandstæðingum landsstjórnarvaldið og hverfa síðan á braut með innrásarherinn. Þannig fór til dæmis Tansaníuher að því að leysa Úgöndu undan ógnarstjórn Ídís Amín á sínum tíma, þótt ekki tæki miklu betra við fyrr en síðar.

Í Búrmu og Simbabve leikur þó enginn vafi á, hverjir eru réttkjörnir leiðtogar landanna. Aung San Suu Kyi, síðar handhafi friðarverðlauna Nóbels, leiddi stjórnarandstöðuna til sigurs í þingkosningum í Búrmu 1990, en henni hefur æ síðan verið haldið í stofufangelsi með stuttum hléum. Hún er réttkjörinn leiðtogi lands síns. Verklýðsforinginn Morgan Tsvangíræ sigraði Múgabe í fyrri umferð forsetakosninganna í Simbabve um daginn þrátt fyrir kosningasvik af hálfu Múgabes, en Tsvangíræ neyddist til að draga sig í hlé í síðari umferðinni vegna ofbeldisverka af völdum Múgabes og manna hans. Múgabe segir, að guð einn geti komið honum frá völdum.

Tsvangíræ er rétt kjörinn leiðtogi Simbabve. Það stæði við eðlilegar aðstæður og í ljósi sögunnar upp á Breta að ráðast ásamt til dæmis herjum Indlands og Suður-Afríku inn í Búrmu og Simbabve og skipta um ríkisstjórnir, en Bretar eru bundnir í Írak og Afganistan og treysta sér ekki heldur eins og sakir standa til hernaðar í öðrum heimshlutum.

Brezki hagfræðingurinn Paul Collier, prófessor í Oxford, stakk upp á því í Washington Post um daginn, að Evrópusambandið gæti liðkað til með því að gefa innlendum herforingjum grænt ljós á uppreisn án beinnar íhlutunar, en kannski myndu þeir þá neyta lags og hrifsa völdin til sín frekar en að afhenda þau réttkjörnum leiðtogum. Staðan er þröng. Stundum er ekki hægt að tryggja framfarir og frið nema með valdi.

### Opin lönd og lokuð

Löndum heimsins er hægt að skipta í tvo flokka: opin lönd og lokuð. Opnu löndin deila fullveldi sínu fúslega hvert með öðru. Þau skilja, að fullveldi er sameign líkt og lífið sjálft og gefur mest af sér, sé því deilt með öðrum. Lokuðu löndin heimta á hinn bóginn fortakslaust fullveldi. Þar eru löggjafarsamkundan, fjölmiðlar og dómstólar á bandi stjórnarherranna.

Þýzkaland er í efnahagslegu tilliti mörg hundruð sinnum öflugra en Simbabve. Hvort landið skyldi heimta fullt og óskorað sjálfstæði í peningamálum, ríkisfjármálum, viðskiptum, sjálfstæða þjóðmynt og dómstóla, sem bjóða ekki upp á neinn rétt til áfrýjunar á erlendum vettvangi? Svarið er Simbabve. Þjóðverjar kjósa heldur að deila sjálfstæði sínu í peningamálum, ríkisfjármálum, viðskiptamálum og dómsmálum með öðrum þjóðum á vettvangi Evrópusambandsins. Robert Múgabe og Than Shwe hafa miklu meiri völd í Simbabve og Búrmu en Angela Merkel kanslari hefur í Þýzkalandi. Opin lönd lyfta lífskjörum og réttindum almennings, lokuð lönd skerða lífskjör og mannréttindi.

# Það er auðvelt að aka varlega

**UMRÆÐAN**

Sigurður Helgason skrifar um umferðaröryggi



SIGURÐUR HELGASON

Verslunarmannahelgin fer í hönd og ýmislegt bendir til þess að margir verði á ferðinni um vegi landsins. Þegar þetta er skrifað lofar veðurspáin góðu og leiðir væntanlega marga af stað út á vegina.

Á síðari árum hefur þróunin verið sú, að allar helgar í júlí og fram í ágúst teljast vera umferðarhelgar. Það hefur komið glögglega í ljós að undanförnu þegar raðir hafa myndast við Hvalfjarðargöngin síðdegis og að kvöldlagi á sunnudögum. Samt hefur sú helgi sem í hönd fer sérstöðu. Aukafrídagur gefst og það hefur þau áhrif að fólk reynir að njóta hennar. En stóra spurningin er: Hvað ber helst að varast í mikilli umferð? Í hverju felst mest hætta?

Reynsla undanfarinna helga hefur sýnt okkur að framúrakstur er sá þáttur sem valdið hefur flestum slysum. Og þegar umferð er mikil og þétt hættir sumum til að grípa til hans. Alltof oft sést þar sem bílstjórar fara fram úr langri röð á vegi, og óbrotin hvít lína er á milli akreinanna. Sík lína er eingöngu þar sem ekki er öruggt að menn geti séð og metið umferð á móti. Þess vegna er slíkur framúrakstur litinn mjög alvarlegum augum af lögreglu. Og þetta varðar ekki aðeins þá sem fara fram úr, heldur ekki síður þá sem þeir eiga hugsanlega eftir að mæta og geta engan veginn komið sér til hjálpar.

Hraðakstur er hins vegar það atriði sem oftast er nefnt varðandi hættur í umferð. Víst er að lögregla beitir öllum sínum leiðum til að koma í veg fyrir hann. Bæði verða lögreglumenn við hefðbundið eftirlit og jafnframt hafa verið settar upp hraðamyndavélar víða í vegakerfinu, sem komið hafa mörgum í opna skjöldu. Þar við bætist að öll viðurlög hafa verið hert, sektir hækkaðar og ungir ökumenn með bráðabirgðaskírteini þurfa að gangast undir akstursbann fái þeir fjóra punkta á tímabilinu sem það er í gildi. Því fylgir mikill kostnaður og óþægindi. Og sannast sagna er óþarfi að lenda í þeirri stöðu. Það gerist með því að fara eftir lögum og reglum. Og það er auðvelt. Sannið til!

Umferðarstofa óskar vegfarendum góðrar ferðar og öruggrar heimkomu.

*Höfundur er verkefnastjóri á Umferðarstofu.*

Vildarklúbbur

# Fjórfaldir
## Vildarpunktar
## um verslunarmannahelgina!

**Ef þú verslar hjá Olís 31. júlí–4. ágúst geturðu fengið fjórfalda Vildarpunkta Icelandair!**





12 ferðavinningar:
4 x 120.000 punktar
4 x 84.000 punktar
4 x 42.000 punktar



Eldsneytisúttekt
að verðmæti
300.000 kr.



Coleman-gasgrill
að verðmæti
295.000 kr.



Daxara-kerra
að verðmæti
200.000 kr.







### Ævintýraeyjan í allt sumar

Taktu þátt í ferðaleik Olís, Ævintýraeyjunni, í sumar.
Það eina sem þú þarft að gera er að safna stimplum
í Ævintýrakortið um leið og þú verslar hjá Olís.
Vertu með í allt sumar.
Allar nánari upplýsingar á www.olis.is

Veglegir ferðavinningar í formi Vildarpunkta Icelandair
verða dregnir út í þætti Hemma Gunn, Bylgjan á
ferðalagi, á hverjum laugardegi í sumar.

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

BYLGJAN 989 Vildarklúbbur

olís
Við höldum með þér!

# Peppland

**UMRÆÐAN**

Haukur Már Helgason skrifar um skýrslu um ímynd Íslands

Það á að vera sameiginlegt verkefni allrar þjóðarinnar að standa vörð um ímynd landsins og koma réttum skilaboðum á framfæri. Að hafa stjórn á slíku einkenni krefst hins vegar sameinaðra krafta allra hagsmunaðila bæði á vegum hins opinbera og einkageirans, til að hægt sé að láta slíkt verkefni ganga upp. Þjóðin, stjórnvöld og aðrir hagsmunaaðilar þurfa að bera fulla ábyrgð á þeim ákvörðunum sem teknar eru og geta staðið við þær í samræmi við það einkenni og þau skilaboð sem vörumerki landsins á að standa fyrir.“

Svo segir í skýrslu um ímynd Íslands sem Forsætisráðuneytið gaf út með nokkurri viðhöfn í mars á þessu ári. Tilvitnunin er ekki einsdæmi og val hennar er ekki útúrsnúningur: tilgangurinn með gerð skýrslunnar er að „þjóðin, stjórnvöld og aðrir hagsmunaaðilar“ stilli saman strengi sína í sköpun ímyndar landsins, bæði „innri ímyndar“ og hefðbundinnar „ytri ímyndar“.

Meðal aðferða sem eru taldar upp í skýrslunni er þessi:

„Ein leið væri að byggja upp sögur af árangri íslenskra fyrirtækja og einstaklinga á öllum sviðum athafnalífsins, menningar, lista og viðskipta. Hér þarf að nýta ljóðskáld, rithöfunda, ljósmyndara og hljóðmenn til þess að koma sögunum á sannfærandi hátt til skila.“



HAUKUR MÁR HELGASON

Þetta plagg er illt. Mér dettur ekki í hug neitt betra orð. Æðstu stjórnvöld í landi funda með fjármagnseigendum til að skipuleggja sjálfsmynd samfélags og velja sögurnar sem skulu heyrast af því – það er, ráðstafa merkingu lífs okkar og samfélags, í þágu útflutningsgreina. Það er illt.

Ég ætlaði að segja þær góðu fréttir á móti að skýrslan væri blessunarlega léleg, að þrátt fyrir tiltrú ráðherra myndi líklega misheppnast að móta stefnu eftir henni. Þá var ég að hugsa um kauðslegar setningar eins og þessa: „Mikilvægasti menningararfur Íslendinga, íslensk tunga, lifir í máli þjóðarinnar“. En skýrslan, eða andi hennar, er alls ekki nógu léleg heldur virðist hún þegar hafa áhrif á ákvarðanir innan stjórnkerfisins.

Þegar lögregla meinaði ljósmyndurum aðgang að nýskotnum ísbirni fyrr í sumar var til dæmis vísað til hagsmuna sem fólgnir væru í ímynd landsins.

Forsíðugrein nýjasta heftis tímaritsins Reykjavík Grapevine fjallar um þessa skýrslu. Þrátt fyrir að finna einhverja annmarka á skýrslunni, þá er höfundur greinarinnar að mestu leyti ánægður með vel unnið starf og telur að það muni skila árangri. Höfundurinn, Bergur Ebbi Benediktsson, er verkefnisstjóri hjá Útflutningsráði.

Annar af tveimur starfsmönnum nefndarinnar á bakvið ímyndarskýrsluna er líka verkefnisstjóri hjá Útflutningsráði. Það meikar sens. Útflutningsráð er nefnt 27 sinnum í skýrslunni, og meðal annars útskýrt að meginhlutverk þess sé að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að koma sínu í verð erlendis. Þá rekur Útflutningsráð Fjárfestingarstofu til að „draga að hugsanlega fjárfesta til landsins og fer þar öflugt kynningarstarf fram“. Útflutningsráð rekur kvikmyndaumboðsskrifstofuna Film in Iceland og veitir „Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar skrifstofuaðstöðu og umsjón með bókhaldi“. Í skýrslunni er lagt til að Útflutningsráð samhæfi „kynningar til viðeigandi markhópa“ og „leggi til starfsmenn og/eða fjármuni til vettvangsins“ Promote Iceland sem er ætlað að koma „alþjóðlegri kynningu á Íslandi í skýran og samstilltan farveg“.

Hagsmunir á markaði felast ekki síst í peppi, því að tala verðmæti hluta upp. Forsíðuefni Reykjavík Grapevine er svikið. Þegar að er gáð reynist það alls ekki vera blaðagrein, heldur bara pepp. Bara drasl.

„Nefndin leggur til að kjarninn í ímynd Íslands sé kraftur, frelsi og friður. Þetta eru lykilorð sem farsælt er að byggja á jákvæða og sanna ímynd af landi og þjóð.“ Svo mælti skýrslan.

Íslensk tunga lifir í máli þjóðarinnar, sagði hún líka og hló. Að sögn verkefnisstjórans dugmikla er íslensk tunga líka lykillinn að heimspekiarfleifð Norður-Evrópu. Hér eru allir að vinna vinnuna sína. Orðin flæða gegnum þetta fólk viðnámslaust.

Að orðin flæði viðnámslaust er ekki blaðamennska. Það er bara vitleysa.

Að starfsmaður Útflutningsráðs skrifi pepp fyrir vinnuveitanda sinn og láti sem það sé blaðagrein, það er tímanna tákn. Blaðamennska snýst hins vegar um að veita tímanna táknum viðnám. Hvernig dirfist ritstjórn Reykjavík Grapevine, sem einu sinni gaf út merkilegt blað, að taka þessu freyðivíni sem forsíðuefni?

*Höfundur er heimspekingur.*

# WTO viðræðum slitið

**UMRÆÐAN**

Sigurður Eyþórsson skrifar um viðskipti með landbúnaðarvörur



SIGURÐUR EYÞÓRSSON

Viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um viðskipti með landbúnaðar- og iðnaðarvörur var slitið á þriðjudag eftir níu daga stanslausa fundi. Það sem réði úrslitum um að samkomulag tókst ekki var deila Bandaríkjamanna annarsvegar og Kínverja og Indverja hinsvegar um rétt þeirra síðarnefndu til að vernda innlenda framleiðslu við ákveðnar aðstæður. Kínverjar og Indverjar vildu hafa rétt til þess að leggja talsvert háa tolla á innfluttar vörur ef skyndileg aukning yrði á innflutningi eða ef verð á innfluttum vörum lækkaði undir ákveðin mörk.

Ekki náðist samkomulag um hver þessi mörk ættu að vera og því fór sem fór. Pascal Lamy forstjóri WTO sagði á blaðamannafundi síðastliðinn þriðjudag að þrátt fyrir þetta hefði náðst mikill árangur í Genf og lausn hefði fundist á 18 af 20 helstu ágreiningsatriðum sem fyrir lágu í upphafi fundar. En niðurstaðan sýnir að mörgum ríkjum er annt um að tryggja það að þau geti verndað innlenda matvælaframleiðslu upp að vissu marki. Stóru útflutningsríkin verða að taka tillit til þess ef samkomulag á að nást.

Ekki liggur fyrir hvenær viðræðurnar verða teknar upp að nýju, en búast má við því að svo verði einhvern tíma á næstu misserum. Margir hafa spáð því að svo verði þó ekki fyrr en nýr forseti hefur tekið við embætti í Bandaríkjunum í janúar nk. og ný framkvæmdastjórn ESB hefur verið skipuð fyrri hluta næsta árs. Samkomulag er því ekki úr sögunni þó viðræðum hafi verið slitið nú.

Eins og kunnugt er snúast þessar viðræður um annarsvegar að draga úr opinberum stuðningi við iðnað og landbúnað og hinsvegar um markaðsaðgang fyrir framleiðsluvörur greinanna. Það er ekkert sérstakt fagnaðarefni fyrir íslenskan landbúnað að ekki hafi tekist samkomulag nú, því óvissa um rekstrarskilyrði er ekki hagstæð fyrir greinina fremur en aðrar atvinnugreinar.

Ljóst er að verulegar breytingar verða á rekstrarumhverfi íslensks landbúnaðar ef samkomulag næst. Ekkert er því til fyrirstöðu að hefja vinnu við að fara yfir hvað þær breytingar geta þýtt. Mörgum spurningum er ósvarað miðað við núverandi samkomulagsdrög s.s. hvernig stjórnvöld hyggjast breyta stuðningskerfinu og hvernig tollabreytingar verða útfærðar. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lýst yfir að ekki verði dregið úr heildarstuðningi og að hann muni fljótlega óska eftir viðræðum við Bændasamtökin um málið í heild. Þessar yfirlýsingar benda til þess að ráðherrann sé tilbúinn að hefja yfirferð á málinu í samstarfi við BÍ.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda og fylgdist með WTO-viðræðunum í Genf fyrir hönd Bændasamtaka Íslands.*

# Gæði og þjónusta

**UMRÆÐAN**

Gylfi Skarphéðinsson skrifar um ferðaþjónustu



GYLFI SKARPHÉÐINSSON

Við höfum hingað til flotið ansi langt á náttúru landsins í ferðaþjónustu hér á landi. Í einfaldri mynd má segja að okkur hafi nægt að birta myndir af Gullfossi og Geysi og fólk hefur flykkst hingað til að sjá þessi náttúruundur. Þannig höfum við komist upp með að láta uppbyggingu í þjónustu sitja nokkuð á hakanum en þar með hefur hún e.t.v. orðið á eftir miðað við aðrar þjóðir og kröfur ferðamannanna. Tökum dæmi: Hvað eru mörg fimm stjörnu hótel á landinu? Hvað eru mörg hótel sem gang út á að nýta okkar einstaka heita vatn í lækninga- og hressingarskyni? Hvað eru margir staðir þar sem fornminjar okkar eru endurskapaðar í upprunalegri mynd og ferðamönnum gefin innsýn í forna tíma?

Skortur á þjónustu, gæðum og afþreyingu gæti reynst okkur dýrkeyptur vegna þess að nú eru á lofti blikur sem leitt gætu til breytinga í kröfum ferðamanna.

**Blikur á lofti**

Að öllum líkindum er hámarki í olíuframleiðslu í heiminum þegar náð en á sama tíma eykst spurn eftir olíu. Langt virðist í aðra orkugjafa sem standa olíunni á sporði. Þetta þýðir einfaldlega að undanfarin hækkun olíuverðs er ekki einhver bóla sem hjaðnar og við sjáum nú þegar nokkrar afleiðingar þessa. Tölur Vegagerðarinnar sýna t.d. að við erum farin að ferðast sjaldnar.

Hærra orkuverð þýðir hærri ferðakostnað. Það gæti þýtt breytt ferðamynstur og breytta samsetningu í ferðamannahópnum sem sækir okkur heim. Ferðamenn munu hugsanlega kjósa lengri ferðir, svipað og var hjá okkur þegar við bjuggum við einokun í flugi, og að dvelja lengur á einhverju ákveðnu svæði í stað þess að fara víða.

Hækkandi ferðakostnaður þýðir að margir þeirra sem hingað til hafa getað farið í frí til dýrra landa, eins og Íslands, ferðast sjaldnar, sleppa því jafnvel eða kjósa að ferðast til ódýrari landa. Þetta gæti þýtt fækkun ferðamanna hingað en líka að samsetning ferðamannahópsins breytist, þ.e. að hlutfall efnaðra ferðamanna eykst.

Efnaðir ferðamenn gera meiri kröfur um gæði gistingar, afþreyingar, aðbúnaðar, aðstöðu og þjónustu. En um leið eru þeir líka fúsir til að borga hærra verð fyrir. Og lengri dvöl gesta þýðir meiri kröfur um fjölbreytta afþreyingu. Erum við búin undir þessar kröfur?

**Því fleiri ferðamenn – því betra?**

Margt gott hefur verið gert í ferðaþjónustu en þó virðist áherslan fremur hafa verið á að fá sem flesta til landsins en ekki á að veita þeim sem koma sem besta þjónustu.

Væntanlega er ástæðan sú trú að við hljótum að hafa hagnað af hverjum ferðamanni. En í rauninni ætti ferðaþjónustan ekki að snúast um fjölda, heldur hagnað. Gefum okkur að meðaltekjur af ferðamanni séu nú í kringum 80.000 kr. og ferðamenn séu 300.000 á ári. Þá erum við að tala um 24 milljarða króna á ári í tekjur. En ef meðaltekjurnar væru 100.000 kr. og ferðamennirnir væru bara 250.000 þá værum við að tala um 25 milljarða króna. Þarna munar einum milljarði þó ferðamennirnir séu færri.

Ferðaþjónusta á Íslandi á því ekki að snúast um að fjölga ferðamönnum, heldur um að auka tekjur okkar af þeim. Það er og verður dýrt að sækja okkur heim og þess vegna fáum við færri ferðamenn en margar aðrar þjóðir. Eftir því sem ferðamennirnir eru færri því mikilvægara er að nýta hvern og einn sem best. Við þurfum því að hugsa betur um hvernig við getum aukið tekjur okkar af hverjum og einum ferðamanni.

Það gerum við best með því að veita framúrskarandi og eftirsótta þjónustu þar sem lögð er áhersla á að fara fram úr væntingum ferðamannanna og halda við og styrkja tengslin eftir að þjónustan er veitt; að byggja upp langtímasamband og tryggð. Þá skiptir verðið ekki máli og við högnumst meira af hverjum viðskiptavini.

Þekktasta dæmi um svona ferðaþjónustu er hótelkeðjan Four Seasons og ef hún getur þetta þá getum við það líka. Það sem við viljum eru ferðamenn sem borga fúslega hið háa verð, kaupa meira, koma aftur og aftur og mæla með okkur við aðra.

Gerum framúrskarandi þjónustu að markmiði okkar í ferðaþjónustu á Íslandi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri GSR þjónusturáðgjafar og áhugamaður um þjónustumál.*

# Hvert stefna stjórnvöld í landinu?

**UMRÆÐAN**

Grétar Mar Jónsson skrifar um efnahagsmál



GRÉTAR MAR JÓNSSON

Aðgerðaleysi núverandi ríkisstjórnarflokka Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er algjört, í einu mesta efnahagsöngþveiti sem um getur á síðari tímum þar sem léleg tök á efnahagsstjórn innanlands og ytri aðstæður leggjast á eitt til að kreppa að hag landsmanna. Ofskattlagning á einstaklinga á vinnumarkaði, hefur gert það að verkum að heimilin hafa í æ ríkari mæli skuldsett sig í formi neyslulána í bönkum, þar sem vextir og verðtrygging verða til þess á tímum sem þessum að fjármálastofnanir græða en hagur fólks rýrnar í réttu samhengi. Ríkisstjórn landsins hefur enn ekki boðað nokkurn þann hlut er létta kann hluta af þeim byrðum er fólk í landinu þarf nú um stundir þarf að bera.

Stjórnarþingmenn eru ekki sammála um stjórnarstefnunna þar sem einhver einn eða annar setur sig upp á móti ákvörðunum ríkisstjórnar í hinum margvíslegustu stjórnvaldsákvörðunum sem teknar hafa verið og talar þannig gegn stefnu ríkisstjórnarinnar. Evrópumálin eru gott dæmi um tilraun stjórnarflokka til þess að nota smjörklípuaðferð til þess að drepa á dreif hinu alvarlega ástandi í efnahagsmálum innanlands. Menn eru ekki sammála um Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli frekar en stjórnvaldsaðgerðir við framkvæmd orkunýtingarstefnu þar sem farið er í felur með skólfustungu að byggingu álvera sem atvinnuskapandi verkefna. Viðskiptaráðherrann virðist til dæmis bæði með og á móti framkvæmdum í Helguvík, og sams konar viðhorf er að finna hjá iðnaðaráðherra gagnvart álveri á Bakka við Húsavík. Með öðrum orðum flokkarnir leika tveimur skjöldum í hverju málinu á fætur öðru þar sem hvor um sig reynir að slá sig sjálfan til riddara á torgi sýndarmennskunnar. Enga samstöðu stjórnvalda er því að finna þegar þjóðin má taka þungum búsifjum efnahagslega, almenningur og fyrirtæki.

Sé það eitthvað eitt sem gæti lagt lóð á vogarskálar í því ástandi sem við blasir hér á landi er þar fyrst að nefna að auka veiðiheimildir úr þorskstofninum hér við land. Í því felst engin áhætta heldur einungis ávinningur sökum þess að okkur er óhætt að veiða 200 þús. tonn hér við land og yfir án áhættu í því sambandi, það sýnir reynsla Norðmanna af ákvarðantöku úr Barentshafi. Jafnframt þarf að sjálfsögðu að hefjast handa við að endurskoða kerfi fiskveiðistjórnunar sem ekki hefur skilað þeim árangri er stefnt var að í áraraðir. Kerfi sem Íslendingar hafa nú fengið að vita að brjóti mannréttindi á þegnum landsins í sjómannastétt og er okkur algjör hneisa að við skulum ekki enn vera þess umkomnir að laga og bæta svo við getum talist þjóð meðal þjóða. Núverandi ríkisstjórnarflokkar þurfa að koma sér saman um hvað skal gera, aðgerðaleysi er óviðunandi.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins í Suðurkjördæmi.*

Verslunarmanna helgin

# Við höfum græjurnar




## Flott í skólann

**Acer Extensa 5220-201G08Mi**
2.0GHz intel Celeron M 550 örgjörvir með 1MB flýtiminni • 1GB DDR 667MHz minni stækkanlegt í 2GB • 80GB SATA harðdiskur • 15,4" skjár • DVD skrifari • Intel GMA X3100 PCI-Express skjákort með allt að 384MB skjáminni • Innbyggð vefmyndavél í skjá • Windows Vista Home Basic stýrikerfi

**69.989 kr.**

1GB MINNISKORT FYLGIR FRÍTT





## 4GB MP3

**SanDisk E260FM**
4GB Sansa MP3 spilari • 1.8" LCD litaskjár • Spilar MP3 og WMA • FM útvarp • Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir • Högg- og rispuþolinn • Auðveldur í notkun • Má skipta um hleðslurafhlöðu • Endist í 20 tíma á hleðslu • MicroSD kortalesari • Innbyggður diktafónn • Hálsól, heyrnartól, USB kapall og geisladiskur fylgir

**12.989 kr.**

Fullt verð ~~19.989~~



## Ódýr GSM sími

**Sony Ericsson J120i**
GSM 900/1800 • 65 þús. lita STN skjár • 9 klst. í tali - 400 klst. í bið • FM útvarp með RDS • Spilar fjölradda Pólýtóna hringitóna • SMS skilaboð • Íslenskt valmyndakerfi, titrari, reiknivél, handfrjáls hátalari, leikir ofl.

**5.989 kr.**

Fullt verð ~~7.989~~



## Playstation Portable

**14.989 kr.**

Fullt verð ~~24.989~~



## Högg- og vatnsheld

**Olympus MJU790SWBL**
Digital myndavél • 7.1 milljónir punkta upplausn • Vatnsheld að 3m dýpi • Höggheld upp í 1.5m hæð • 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom • Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm) • 2,5" LCD Skjár (230.000 pixlar) • Frábær við öll birtuskilyrði • Hreyfimyndataka með hljóði • USB • 14.7MB innbyggt minni • Tekur xD kort ofl.

**29.989 kr.**

DVD myndir **989 kr.**

Kauptu tvær ... og fáðu þriðju fría



## Hundruðir DVD titla í boði!

**OPNUNARTÍMI**

| | |
|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 |
| Föstudaga | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI



## Senseo kaffivél

**Philips HD7810SV**
1450w Senseo kaffivél • Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu • Hver bolli er ferskur og með lag af froðu • Tekur aðeins 30 sekúndur að laga auðvelt að hreinsa

**8.989 kr.**
Fullt verð ~~10.489~~



## Safapressa

**Melissa 643104**
850w vöfflujárn • Lætur vita með ljósi þegar vafflan er tilbúin

**5.989 kr.**
Fullt verð ~~7.989~~

## Ryksuga

**Panasonic MCE7113**
1600W ryksuga • 320W sogkraftur • 4 filtera kerfi • 5 metra snúra • Þyngd 4.1 kg •Notar PAN-AMC8F96T1000 ryksugupoka



**6.989 kr.**
Fullt verð ~~7.989~~



## Vöfflujárn

**Melissa 643104**
850w vöfflujárn • Lætur vita með ljósi þegar vafflan er tilbúin

**2.989 kr.**
Fullt verð ~~3.989~~




# Örsmá Asus fartölva

**Asus EEPC2GS-W003**
Fartölva • 7" TFT LCD skjár • 800 MHz Intel Celeron Mobile örgjörvi • 512MB DDR 400MHz v.minni • 2GB solid-state harður diskur • Intel GMA900 skjákort með allt að 128MB DVMT3 minni • 10/100 netkort og þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • Sérhannað Linux Stýrikerfi (Xandrox) • Yfir 40 uppsett forrit • 3x USB2.0, 10/100 Ethernet og VGA tengi • Þyngd: 0.9 kg • Tekur SD og MMC kort

**29.989 kr.**



## 110 lítra frystikista

**Scancool SB115**
110 lítra frystikista • Orkunýting C • Frystigeta 6.5kg á sólarhring • Mál (hxbxd): 86x55x58 sm

**22.989 kr.**
Fullt verð ~~27.989~~



## 5 kerfa uppþvottavél

**Bauknecht GSFH1640**
60sm uppþvottavél • 12 manna • 5 kerfi • Tveir spaðar dreifa vatni • Hljóðlát - 48 dB (A) • Kerfisveljari rafeindastýrður • Þurrkar með hitaelementum og blásara • Vatnsflæðivörn • Þvotthæfni A, orkunýtni A og þurrkgeta A • Utanmál (hxbxd): 85x59,7x59,6 sm

**59.989 kr.**
Fullt verð ~~79.989~~



## 6kg þvottavél

**Beko WMD26140T**
1400 snúninga og 6kg þvottavél • Hitastillir 30-90° • Hurðaropnun 30sm • Ullarkerfi, skolstopp, aukaskol og hraðkerfi • Þvotthæfni A • Orkunýtni A • Vinduhæfni B • Stærð (bxhxd): 60x85x54 sm

**59.989 kr.**
Fullt verð ~~69.989~~



## Barkalaus þurrkari

**Whirlpool AWZ8465**
Tvíátta barkalaus þurrkari • Tekur 7kg. • 2 hitastig • Kaldur blástur • Rakaskynjari með 6th Sense • Orkunýtni: B • Hljóð: 67dB • Vatnstankur uppi • Stærð (bxhxd): 60x85x59,6sm • Íslenskur leiðarvísir fylgir

**74.989 kr.**
Fullt verð ~~84.989~~

MAX RAFTÆKI

## Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max!

*Tilboðin gilda til 06. 08. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*



















Aníka í eftirlætis flíkinni sinni, peysu frá Naketano. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR ARI ARASON

# Fatnaður úr trjákvoðu

***Aníka Rós Pálsdóttir heldur mikið upp á peysu frá Naketano en merkinu kynntist hún á MySpace.***

Þegar Aníka Rós Pálsdóttir er innt eftir uppáhaldsflíkinni sinni segir hún hana vera peysu frá vörumerkinu Naketano. „Ég er reyndar í henni akkúrat núna. Þetta er hálfsíð peysa og síddin er fullkomin því maður getur bæði verið í gallabuxum eða leggings við hana. Hægt er að klæða hana upp og niður svo hún hentar hvort sem er úti á lífinu eða í hvunndeginum," segir Aníka.

Aníka kynntist Naketano-merkinu fyrir um einu og hálfu ári á MySpace-síðu. „Ég hafði samband við fyrirtækið því mér fannst þessi föt henta á íslenskum markaði. Það var tekið vel í það og ég fékk línuna," segir Aníka sem hefur nú opnað verslunina Tara að Laugavegi 54 með vörum frá uppáhaldsmerkinu sínu, Naketano. „Ég féll alveg fyrir merkinu. Þetta eru föt sem henta við mörg tækifæri og eru einstaklega þægileg."

Flíkurnar eru flestar úr kembdri bómull sem þýðir að allir litlu þræðirnir hafa verið fjarlægðir og þeir löngu eingöngu notaðir. Það gefur meiri mýkt og endingu og flíkurnar afmyndast ekki í þvotti. Aðrar flíkur eru úr modal-efni sem er unnið úr trjákvoðu og birki og eru mjúkar og þægilegar viðkomu. „Með litavali og lögun segjast hönnuðirnir vera að framleiða flíkur sem verða að uppáhaldsflíkum. Ég var einmitt að fá skilaboð frá stelpu sem keypti sér peysu hjá mér og hún segist alltaf vera í henni."

Aníka hefur stundað nám í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík og ætlaði sér alls ekki að fara út í rekstur á næstunni. „Síðan kynntist ég þessu merki og boltinn fór að rúlla. Það var númer eitt, tvö og þrjú að klára skólann en það varð númer þrjú," segir Aníka sem ætlar að taka sér tímabundið frí frá skóla á meðan hún kemur verslunarrekstrinum í réttan farveg.

**mariathora@frettabladid.is**







# Einfaldar verk og sparar tíma

***Kristín Guðmundsdóttir innanhússarkitekt segir mikilvægt að vinnuaðstaða í þvottahúsi sé þannig úr garði gerð að álag á líkamann haldist í lágmarki.***

Kristín Guðmundsdóttir, innanhússarkitekt hjá Innark, hannar innréttingar í þvottahús í samræmi við smekk hvers og eins. Hún segir þó mikilvægt að vinnuaðstaðan í þvottahúsinu sé góð og þægileg.

„Ég hanna ávallt þvottahús með það í huga hvað gert er í þeim. Það sem ég geri ætíð og tel mikið lykilatriði er að vélarnar, til dæmis þvottavélin og þurrkarinn, séu í góðri hæð en ekki niðri við gólf,“ segir hún. „Því set ég stórar og góðar skúffur neðan við vélarnar og á milli skúffunnar og vélarinnar set ég bretti sem hægt er að draga út. Þetta bretti er fyrir þvottabalann svo ekki þurfi að beygja sig niður á gólf eða halda balanum upp við vélina. Þessi lausn er afar hentug þegar tekið er úr vélunum eða sett í þær.“

Að sögn Kristínar einkennist gott þvottahús einnig af góðu skápaplássi og því sé gott að setja skápa fyrir ofan vélarnar þar sem hægt er að geyma þvottaefni og annað þess háttar. „Svo geri ég alltaf ráð fyrir öðrum skáp sem er sextíu sentímetra breiður, eins og hár fataskápur. Ég set útdraganlegar þvottagrindur í hann og flokka þvottinn á grindurnar eftir lit eða hitastiginu sem hann þolir. Verkið verður þannig einfaldara og mikill tími sparast,“ útskýrir hún.

Kristín bætir við að vaskborðið sé ekki síður mikilvægt í skipulaginu. „Þar koma vaskar og borðplötur úr stáli sér vel. Best er að nota sérsmíðaðan djúpan vask með áfastri borðplötu, svo engir kantar eða því um líkt myndist. Oft er þessi hugmynd útfærð í mötuneytum en hún er ekki síður þægileg í þvottahúsinu. Þá er hægt að spúla og engin hætta á að vatn sitji í samskeytum. “

*mikael@frettabladid.is*



Kristín Guðmundsdóttir, innanhússarkitekt hjá Innark, leggur áherslu á góða vinnuaðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Hér sést teikning af þvottahúsi eftir Kristínu. MYND/KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR








vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið





# GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

## Garðurinn – Endurvinnsla

Með skipulagi heima fyrir getur flokkunin verið skemmtileg fyrir alla fjölskyldumeðlimi að taka þátt í. Að hrúga öllu upp í bílskúrinn, kjallarann eða herbergi er ekki góð aðferð. Merkt ílát, hvort eð eru pokar eða önnur ílát, einfalda verkið mjög. Á dagatalinu ættu ákveðnir dagar að vera merktir sem „Sorpu-dagar“ (eða nefndir eftir sorpstöðinn þinni). Þannig hrannast ekki upp birgðir sem leiða bara til leiðinda.

Græna tunna Reykjavíkurborgar er einungis venjuleg tunna sem sótt er sjaldnar en svartar sorptunnur og því er sorpgjaldið lægra fyrir húseigendur.

Bláa tunnan (Pappírstunnan í Reykjavík) tekur við pappír af ýmsu tagi (dagblöðum, tímaritum, markpósti og öðrum prentpappír). Endurvinnslutunna Gámaþjónustunnar og í Grænu tunnu Íslenska gámafélagsins er sett: Dagblöð, tímarit, bæklingar, pappi, mjólkurfernur, plastumbúðir, niðursuðudósir og minni málmhlutir. Rafhlöður og gler má ekki setja í Grænu tunnuna.

*Meira um alla hluti í garðinum á: http://www.natturan.is/husid/1261/*



**Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund**



Staðsetning alparósarinnar hefur áhrif á það hversu stór garðurinn virkar.

# Garðar sem blekkja augu

***Ýmis atriði varðandi stærð, áferð og form plantna geta breytt útliti garðsins.***

Þegar garður er hannaður er hægt að gera ýmislegt til að blekkja augað. Ef fólk vill að garðurinn virðist minni en hann er þá er gott að planta grófum plöntum, svo sem alparós, í fjarlægð, en fíngerðum blómum, svo sem mistilteini, í forgrunninn. Ef fíngerðum plöntum er plantað í fjarlægð og grófgerðum í forgrunninn virðist garðurinn stærri.

Annað sem gott er að hafa í huga er form plantnanna og garðhúsgagnanna. Mælt er með því að hafa lítil form í litlum garði en stærri form í stórum garði. Ef fólk sækist eftir mikilli hreyfingu er hægt að spila saman stórum og litlum formum en ef sóst er eftir rólegri stemningu er ráðlegt að hafa formin af svipaðri stærð.

Nánari upplýsingar er að finna á www.myidealgarden.com.

*- mþþ*




Mynda-upphengibrautir sem hafa þann kost að ekki þarf að negla í veggi og er mjög auðvelt að breyta uppröðun eða bæta við myndum.

LISTALAGERINN
Arti Teq
STATE OF THE ART HANGING SYSTEMS
JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is



„...fyrst á visir.is“

vísir.is
...ég sá það á visir.is





Nú er
Kjúklingastaðurinn Suðurveri
orðinn stór



Alltaf góður!







Allir gömlu góðu réttirnir
og frábærar nýjungar

Komdu til okkar,
taktu með eða borðaðu
á staðnum

Kjúklingastaðurinn ★ Suðurveri ★

**Sólarvörn** er nokkuð sem allir ættu að hafa við höndina í veðurblíðunni sem leikur við okkur þessa dagana.





Cobb

**Tilvalið kolagrill í ferðalagið, bátinn eða pallinn. Sparneytið á kol - aðeins 8-12 kolamolar duga fyrir steikingu. Hægt að staðsetja á borði meðan grillað er þar sem grillið hitnar ekkert að utanverðu.**

disa

Cobb kolagrillin fengu disa verðlaunin 2007

Söluaðilar.: Járn og Gler ehf - Garðheimar - Útilegumaðurinn - Húsasmiðjan, Skútuvogi - Everest.

# Algjört metsumar

***Metaðsókn er í þjónustu frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæ í Grafarvogi þar sem alls konar spennandi afþreying er í boði.***



Boðið er upp á klifur í tólf metra háum súrheysturni. MYND/ÆGIR ÞÓR STEINARSSON

„Þetta er algjört metsumar í Gufunesbæ. Að meðaltali komu tuttugu og þrír á dag í júní í fyrra en í ár voru það um sextíu manns,“ upplýsir Þorsteinn V. Einarsson, leiðbeinandi í frístundamiðstöðinni Gufunesbæ í Grafarvogi. „Mikill fjöldi fólks hefur komið á sumrin og þá sérstaklega núna. Í sumar hefur fólk verið nánast allan daginn á svæðinu í folfi, klifri og blaki.“

Frístundamiðstöðin í Gufunesbæ hefur verið rekin í um það bil tíu ár, bæði á sumrin og veturna, en Þorsteinnn telur ástæðu aukinnar aðsóknar þá að sífellt fleiri séu að uppgötva svæðið og þá fjölbreyttu afþreyingu sem þar er í boði.

„Aðstaðan á svæðinu hefur vaxið alveg gífurlega á undanförnum árum. Afþreyingarmöguleikum fer sífellt fjölgandi,“ segir Þorsteinn. „Hér er strandblakvöllur, sem settur var upp síðastliðið sumar, átján holu folfvöllur, sem líklega er sá eini sinnar tegundar á höfuðborgarsvæðinu, og tólf metra hár klifurturn í gömlum súrheysturni. Hér er líka útigrill á pallinum rétt við klifurturninn, hjólabrettapallar og svo fótboltavöllur rétt hjá.“

Inntur eftir því hverjir sæki þá afþreyingu sem Gufunesbær býður upp á, segir Þorsteinn það helst vinnuskólahópa og hópa á vegum ÍTR. „Ég get ekki sagt að hingað komi mikið af vinahópum eða afmælishópum. Ég held hreinlega að fólk utan ÍTR viti ekki af þessu.“ Hann bætir við að allir séu þó velkomnir. „Það eina sem þarf að gera er að hringja í 520-2300 og panta tíma.“

*martaf@frettabladid.is*



Þorsteinn V. Einarsson frístundaleiðbeinandi segir að strandblakvöllur hafi verið settur upp í Gufunesbæ síðasliðið sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Súpersól til**
**Salou**
**8. ágúst í viku**
**frá kr. 49.990**

Costa Dorada ströndin, sem skartar fremstum bæjunum Salou og Pineda, hefur notið mikilla vinsælda vegna mikils fjölbreytileika svæðisins. Margra kílómetra langar aðgrunnar strendur, hótelgisting sem hentar jafnt fjölskyldufólki sem öðrum, úrval veitingastaða og afþreyingar, blómstrandi menning og frábært skemmtanalíf. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu sumarfrísins á Costa Dorada. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.




**Verð kr. 49.990**
**Netverð á mann, m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku, 8. ágúst. Aukavika kr. 15.000.**

Terra Nova PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku.
Ath. að verð getur breyst án fyrirvara

**Visa Mastercard til 36 mán**



**Golfbílar ~~Verð kr 599.000~~**
**Með Trojan rafgeymum frá USA**

**Verð 499 þúsund**

**Síðustu forvör að ná sér í rafskuttlu og gólfbíla á þessu frábæra verði**



**Rafskutlur Verð kr.149.000**
**Með 2 körfum og stafahaldara**



**Golfhjól Verð kr 156.000 2 gerðir**
**Henta einnig mjög vel til ýmisa nota**

**Heildverslun Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfjörður Iceland •**
**Símar 866-6610 og 893-3347 • www.hberg.is • E mail hberg@hberg.is**



**Pils** eru alltaf frábær sumarklæðnaður. Létt og sumarleg pils koma sérstaklega vel út við sólbrúna leggi.

# Við öllu búin

***Gott er að taka stígvél eða túttur með í ferðalög um helgina vegna þess hversu óútreiknanlegt íslenskt veður getur verið.***

Nú þegar verslunarmannahelgin er fram undan eru margir farnir að huga að því hvað sé best að hafa með sér. Eins og Íslendingar vita er veðrið óútreiknanlegt og því gott að hafa vaðið fyrir neðan sig og taka með sér góðan regnfatnað og skó í öryggisskyni. En úrvalið af sumarlegum stígvélum og túttum er einstaklega gott.

*sigridurp@frettabladid.is.*



Þótt veðrið sé ekki upp á sitt besta þarf það ekki að bitna á útlitinu og þá koma þessi stígvél sér vel. Þau fást í Focus skóm á 4.990 krónur.



Ef fólki finnst í við mikið að vera í stígvélum er tilvalið að fá sér gúmmítúttur. Þessar fást í Kaupfélaginu á 2.995 krónur.



Einlit stígvél fást í mörgum búðum á landinu. Blár er mjög flottur litur á stígvélum.



Þessi litríku stígvél er hægt að fá í nokkrum litum. Þau fást í Skor.is á 5.995 krónur.





Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar
SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Flott í sumar...
stinnari líkami á aðeins 4 vikum

SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 24.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Frábærar vörur pompea betra verð
NO STRESS
Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.


Útsölulok í Hólagarði
Tökum upp nýjar vörur í hverri viku.
Vefta
Tískuföt
Hólagarði & Mjódd
www.vefta.is
Sími. 5572010; 5782051

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

MaxMara
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54
LAGERSALA OUTLET
LAUGAVEGI 51
ENN LÆKKA VERÐIN

# verslunarmannahelgin

FIMMTUDAGUR 31. JÚLÍ 2008



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





BBQ svínarifin frá Jensen´s eru frábær á grillið eða í ofninn

Rifin eru forelduð og taka því stuttan tíma á grillinu

Jensen´s svínarifin finnur þú í eftirtöldum verslunum:

HAGKAUP Ein ferð betra verð

Melabúðin

FK FJARÐARKAUP

Samkaup úrval

**HVERT Á AÐ FARA UM VERSLUNARMANNAHELGINA?**

# Eins og hver önnur helgi


Benedikt Hermann Hermannsson eða Benni Hemm Hemm eins og flestir þekkja hann ætlar ekki út úr bænum um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég verð að spila á Innipúkanum á Nasa á föstudaginn ásamt fleiri hljómsveitum eins og Megasi og Senuþjófunum, Hjálmum og Dísu,“ segir tónlistarmaðurinn Benedikt Hermann Hermansson eða Benni Hemm Hemm, aðspurður um hvernig hann ætlar að verja helginni.

Benni er eins og sumir vita einn af stofnendum Innipúkans. „Innipúkinn var stofnaður sem andsvar við útihátíðirnar, fyrir þá sem vildu vera í bænum og ég er einn af þeim,“ segir hann.

„Ég ætla ekkert út á land heldur verð ég að vinna við upptökur með hljómsveitinni Retro Stefson. Ég er búinn að vera að vinna aðeins með þeim undanfarið,“ segir Benni og viðurkennir að hafa bara einu sinni farið á útihátíð, en það var á Halló Akureyri árið 1996.

„Þá fórum við vinirnir, nokkrir 16 ára guttar, saman í rútu til Akureyrar. Þetta var án efa eftirminnilegasta verslunarmannahelgin. Ég veit ekki af hverju hún stendur upp úr en það var einstaklega gaman. Síðan þá hef ég ekki farið á útihátíð.“ *- stp*

# Ætlar á Leðurhátíð


**Ágúst Bent ætlar meðal annars á Leðurhátíð um verslunarmannahelgina.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ágúst Bent rappari hefur víða komið við um verslunarmannahelgi enda hefur hljómsveit hans Rottweilerhundar verið iðin við að skemmta landanum síðustu ár. Þetta árið verður Ágúst að mestu leyti í og við höfuðborgina þar sem hann ætlar að sækja tónleika og koma sjálfur fram.

„Á föstudaginn er ég að fara á svokallaða Leðurhátíð sem er orðinn árlegur viðburður þar sem fríður hópur manna mætir leðurklæddur og skemmtir sér konunglega. Þessi hátíð fer stækkandi ár frá ári og kannski verður þetta einn daginn aðalhátíðin um verslunarmannhelgina. Á laugardaginn ætla ég sjá Bjartmar Guðlaugsson á Organ og það verður ekki nema snilld. Svo á sunnukvöldið munum við í Rottweilerhundum spila á Prikinu og hvetjum sem flesta að mæta enda verður svakalegt fjör,“ segir Ágústt.

Um eftirminnilegustu verslunarmannahelgina segir hann: „Við í Rottweilerhundum vorum að spila eina verslunarmannahelgi á þremur stöðum. Við vorum að spila í Galtalæk, á þjóðhátíð í Eyjum og svo á Akureyri. Þessi ferð var rosalega í alla staði. Við fengum bíl sem við ferðuðumst á um allt landið. Ástandið var misgott á mönnum en þetta var bara skemmtilegt. Og í Eyjum var vitlaust veður en við fengum konunglegar móttökur af heimamönnum sem hýstu okkur. Þessi verslunarmannahelgi mun seint gleymast.“ *- mmr*

# Verð á fjölskylduhátíð


**Nadia ætlar að eyða verslunarmannahelginni í faðmi fjölskyldunnar.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég ætla að vera með fjölskyldunni á Laugavatni um verslunarmannahelgina. Við ætlum að vera þar öll fjölskyldan saman í sumarbústað. Frænka mín á einmitt afmæli og verða mikil veisluhöld í tilefni af því, þannig að það mætti segja að ég sé að fara á fjölskylduhátíð,“ segir Nadia Katrín Banine, einn þáttastjórnandi Innlit/útlit á Skjá einum.

„Þegar verslunarmannahelgin gengur í garð förum við oftast í sumarbústað. Þar sem ég vinn sem flugfreyja er ég mikið í útlöndum á sumrin þannig að verslunarmannahelgin er í raun eins og hver önnur helgi fyrir mig. Ég er reyndar oft að vinna þá helgi eins og hverja aðra,“ segir Nadia og bætir við að henni finnist stundum gert rosalega mikið úr þessari helgi. „Þetta er auðvitað lengri helgi fyrir fólk sem vinnur venjulega vinnu en ekki þá sem eru í vaktavinnu.“

Nadia segir að málum hafi þó verið öðruvísi háttað þegar hún var yngri. „Þetta var að vísu öðruvísi þegar maður var unglingur. Þá fór ég tvisvar sinnum á útihátíð, en eftir það fékk ég nóg og hef ekki farið síðan. Finnst best að vera núna einhvers staðar í rólegheitum og í faðmi fjölskyldunnar.“


**Kajaksiglingar um sunnlenska skerjagarðinn við Stokkseyri.**

# Eitthvað fyrir allan aldur

**Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn, Grill og gleði við Kaffi Kjós, Fjölskylduhátíð SÁÁ á Hlöðum, Hvalfjarðarströnd, Sæludagar í Vatnaskógi og Fjölskyldudagar á Stokkseyri. Allt eru þetta skemmtanir sem standa barnafjölskyldum til boða um verslunarmannahelgina á Suðvesturlandi.**


**Danskennsla er meðal dagskráratriða á landsmóti UMFÍ.**
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Landsmót Ungmennafélags Íslands í Þorlákshöfn er vafalaust ein viðburðaríkasta fjölskylduhátíð verslunarmannahelgarinnar. Íþróttakeppnir skipa þar veglegan sess en auk þeirra má nefna listasmiðjur, bókamarkað, opna vinnustofu og handverksmarkað. Einnig sprelligosaklúbb fyrir fimm ára og yngri og fjörkálfaklúbb fyrir sex ára og eldri. Þá er danskennsla, bæði línudans og frístæl, ljósmyndasýning, hjólabrettamót og brúðuleiksýningar. Á kvöldin eru kvöldvökur. Meðal skemmtikrafta á föstudagskvöld eru Harasystur og Haffi Haff og á laugardagskvöld er ganga út í vita sem endar með varðeldi þar sem hljómsveitirnar Fargan og Ingó og Veðurguðirnir spila.

Kaffi Kjós heldur fjölskylduhátíð á laugardag í samvinnu við félag sumarhúsaeigenda við Meðalfellsvatn. Þar verður ýmis varningur boðinn til kaups á útimarkaði. Spákona verður á svæðinu og ljúfir harmóníkutónar hljóma. Fyrir börnin verður andlitsmálun, hoppkastalar, leikir og annar glaðningur auk þess sem hjólabátar verða á vatninu.

Þess má geta að á sunnudagskvöld stjórnar Hörður G. Ólafsson brekkusöng við varðeld klukkan 21 og hann heldur áfram að spila til miðnættis eftir að flugeldum hefur verið skotið upp um ellefuleytið.


**Síðasti sjens spilar bæði á föstudags- og laugardagskvöld á fjölskylduskemmtun SÁÁ að Hlöðum. Sveitina skipa Þórir Ólafsson, söngur og bassi, Jens Einarsson, söngur og gítar, og Þorbergur Ólafsson, sem leikur á trommur.**

Að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd stendur SÁÁ fyrir fjölskylduhátíð sem hefst á morgun, föstudag klukkan 20. Þar verður eitthvað við að vera alla helgina, félagsvist, bingó, barnadagskrá, ratleikir og söngvakeppni svo nokkuð sé nefnt. Hljómsveitin Síðasti sjens spilar bæði á föstudags- og laugardagskvöld fyrir dansi en diskótek verður í kvöld og á sunnudagskvöld. Varðeldur verður kyntur og væntanlega ekki slegið af í söngnum. Á sunnudeginum verður hugvekja séra Skírnis Garðarssonar, prests í Saurbæ, klukkan ellefu árdegis.

Gospelsöngur og bænastund bendir til kristilegra sæludaga KFUM og KFUK í Vatnaskógi en þar er fótboltinn líka í hávegum hafður og alls konar hreyfing og fjör. Eyrarvatnið verður vettvangur hluta dagskrárinnar, koddaslagur, kappróður og sigling. Á landi verður kassabílarall, teygjuhlaup og tuskukast meðal annars. Kvöldvökur verða í íþróttahúsinu föstudags- og laugardagskvöld og unglingadagskrá hefst á miðnætti á föstudagskvöld. Grillin verða heit við matarskálann og hægt


**Keppt verður í koddaslag á sæludögum í Vatnaskógi. Hressandi í góðu veðri.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að kaupa eitthvað á þau á vægu verði. Meðal hápunkta á hátíðinni má telja tónleika með Bubba og Pétri Ben á laugadagskvöldið.

Stokkseyri myndar umgjörð um enn eina fjölskylduskemmtunina. Kajaksiglingar í hinum sunnlenska skerjagarði, álfa- og draugasetur draga fólk að, einnig frí tjaldstæði, tívolí og töfragarður og á Draugabarnum mun Hera syngja fyrir gesti með sinni hljómþýðu röddu á laugardagskvöld. *- gun*







www.klaustur.is

Hildur Hlín Jónsdóttir / hildur@dv.is

# Sagnalist og leikir

Grettishátíð verður haldin að Laugabakka í Miðfirði nú um helgina, að því er fram kemur í tilkynningu frá húskarli Grettis. Að þessu sinni er hátíðin helguð sagnaarfinum eða sagnalistinni og dagskráin verður fjölbreytt því sagðar verða sögur frá ýmsum löndum, á ýmsum tungumálum og með ýmsum hætti.



Hægt verður að spreyta sig í bogfimi á Grettishátíðinni. MYND/MINJASAFNIÐ AKUREYRI

Í Grettisgarðinum verða sagnamenn, víkingar og handverksfólk og leikir verða í anda ofurhetjunnar frá Bjargi, bogfimi, axarkast, grjótkast, fella og Grettiskúlugrip. Súpusögur verða sagðar og bakað brauð sem kallast „iljar Grettis“.

Í Grettisbóli og í Félagsheimilinu Ásbyrgi verða sýningar og sögur. Hanna Margrét Snorradóttir, leikari og sagnakona, leiðir fólk inn í töfraheim sögunnar. Færeyskur danshópur skýrir dansinn út frá sögunni eða söguna út frá dansinum. Hilmar Agnarsson, orgelleikari og kórstjórnandi, tengir söguna við sönginn og Helgi Þór og hljóðfæraleikarnir syngja og leika sögur. Hljómsveitin Lexía hvetur fólk til þátttöku og til að segja sína sögu með fótunum.

Á Bjargi verður kraftakeppni þar sem Andrés Guðmundsson kraftakarl stjórnar aðgerðum. Hátíðin verður sett klukkan 18 föstudaginn 1. ágúst og stendur linnulítið fram til mánudagsins 4. ágúst.

*- gun*



Tívolí við Samkaup í Neskaupstað verður opnað á laugardaginn klukkan 13. AUSTURGLUGGINN/GUNNAR

# Markmenn sprauta vatni

**Benedikt Ernir Stefánsson, annar framkvæmdastjóra Neistaflugs í Neskaupstað, lofar stærri og flottari hátíð í ár.**

„Okkar markmið er að það sé eitthvað í boði fyrir alla, Neistaflug í Neskaupstað er fjölskylduhátíð,“ segir Benedikt Ernir Stefánsson, sem er framkvæmdastjóri hátíðarinnar ásamt vini sínum, Guðjóni Birgi Jóhannssyni.

Dagskráin verður með svipuðu sniði og í fyrra en hún er þó stærri og flottari að sögn Benedikts. „Þetta heppnaðist alveg frábærlega í fyrra, allir atburðir voru vel sóttir og bærinn iðaði af lífi. Við ætlum að stækka þetta í ár. Við viljum að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hvort sem það eru amman og afinn eða litla fólkið.“

Hann segir að margt verði í boði. „Meðal atburða má nefna íþróttamót, strandblak og brunaslöngubolta. Síðastnefndi leikurinn er sér norðfirskur. Fimm manns eru í hvoru liði en markmenn eru með brunaslöngur sem þeir mega nota að vild. Keppnin fer fram í götunni fyrir framan útisviðið og keppir tónlistarklúbburinn Brjánn, sem stendur fyrir hátíðinni, alltaf á móti hljómsveitinni sem spilar á laugardagskvöldinu. Í ár koma Buff og Matti Papi sterkir til leiks svo búast má við hörkukeppni.“

Af öðrum listamönnum sem koma fram má nefna tónlistarmennina Selmu Björns og Einar Ágúst, hljómsveitina Nýdönsk, leikarana Örn Árnason, Gunnar og Felix og töframanninn Mighty Gareth. „Síðan er alltaf vel sótt á brekkusönginn og varðeldinn á sunnudagskvöldinu ásamt risaflugeldasýningunni.“

Aðkomufólki stendur til boða tvö tjaldstæði og er annað þeirra splunkunýtt tjaldavæði. „Nýja stæðið köllum við fjölskyldustjaldstæði. Það er aðeins fyrir utan örtröðina í bænum og þar eru rafmagnsinnstungur fyrir fellihýsi og slíkt. Síðan eru fimm hótel í bænum.“

Benedikt segir bæinn alltaf af fullan af fólki um verslunarmannahelgina. „Öll heimahús fyllast af brottfluttum Norðfirðingum og einnig eru nágrannabæjarbúar duglegir að kíkja í heimsókn.“

Tjaldstæðin sem og allir atburðir eru ókeypis að dansleikjunum frátöldum. Nánari upplýsingar um dagskrárliði á www.neistaflug.is.

*- mþþ*



Brunaslöngubolti er sér norðfirskur leikur þar sem markmenn mega sprauta úr brunaslöngu að vild.



Dagskráin á Neistaflugi er jafnt fyrir unga sem aldna.



Glitnir býður upp á glæsilega flugeldasýningu á sunnudagskvöldið.








Góa
Stofnað 1968
40 ára
Safnaðu 40 stigum og þú færð hlaupahjól frá Góu
* á meðan birgðir endast
Afmælisleikur
1 stig
2 stig
Safnaðu saman strikamerkjum varanna og komdu með þau til Góu, Garðahrauni 2, og þú færð nýtt Góu hlaupahjól.
SAFNAÐU MIÐUM YFIR VERSLUNARMANNAHELGINA OG FÁÐU ÞÉR SVO HJÓL
Gefum 4000 hlaupahjól



Eyrún Jónsdóttir segir að tilkynningum vegna kynferðisafbrota eftir verslunarmannahelgi hafi fækkað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tilkynningum hefur fækkað

Fjöldi manns hefur leitað sér aðstoðar vegna kynferðisbrota eftir verslunarmennahelgina í gegnum tíðina. Að sögn Eyrúnar Jónsdóttur, verkefnisstjóra Neyðarmóttökunnar, hefur tilkynningum um kynferðisafbrot þó fækkað á síðustu árum.

„Maður vonar að allur þessi áróður, forvarnir og aldurstakmörk inn á hátíðirnar hafi eitthvað að segja og það sé ástæðan fyrir fækkandi tilfellum, en ekki að fórnarlömb leiti sér ekki hjálpar,“ segir hún og bætir við að eins konar vitundarvakning virðist hafa orðið eftir útihátíðina á Eldborg árið 2000 þegar yfir 20 tilfelli kynferðisafbrota voru tilkynnt.

„Eftir verslunarmannahelgina á síðasta ári leituðu til dæmis þrjár manneskjur til Neyðarmóttökunnar. Hvorki komu tilfelli uppi á Akureyri né í Vestmannaeyjum. Verslunarmannahelgin undanfarin þrjú til fjögur ár hefur ekki skorið sig úr frá öðrum helgum. Þetta sýnir hversu mikilvægar forvarnir eru.“

*- stp*

# Málefni sem alla varðar

**Um verslunarmannahelgina verður hægt að leita til fjölda aðila sem halda úti öflugu upplýsinga- og forvarnastarfi gegn nauðgunum og öðrum kynferðisafbrotum.**



Karlahópur Femínistafélagsins verður meðal annars í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Akureyri um verslunarmannahelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Karlahópur Femínistafélags Íslands stendur fyrir átakinu Karlmenn segja NEI við nauðgunum um verslunarmannahelgina og er þetta í þriðja sinn sem karlahópurinn fer af stað með átakið. „Markmiðið hefur frá upphafi verið að hvetja karlmenn til að taka þátt í umræðunni um forvarnir gegn nauðgunum og kynbundnu ofbeldi, sem hefur verið alltof lítil,“ segir Hjálmar Gunnar Sigmarsson, ráðskona karlahópsins, sem þróaði hugmyndafræðina að baki átakinu í samvinnu við Stígamót.

„Við verðum á þeim stöðum þar sem mikil umferð er. Nú í ár sendum við hópa til Akureyrar, Vestmannaeyja og síðan verður hópur í Reykjavík fyrir helgina. Þar munum við vera með bás og ganga um til að vera sýnileg og fræða fólk um málefnið,“ bendir hann á.

Karlahópurinn mun þó ekki standa vaktina einn um helgina þar sem fleiri leggja hönd á plóg. „Við verðum með sálgæslu í dalnum allar næturnar um helgina. En þá eru sálfræðingar fengnir til að vera til staðar ef þess gerist þörf,“ segir Tryggvi Már Sæmundsson, einn af staðarhöldurum Þjóðhátíðar í Eyjum spurður hvert þolendur kynferðisofbeldis geti leitað. „Síðan störfum við náið með heilsugæslunni og lögreglunni. Við erum með hús, gamla golfskálann, þar sem sjúkragæsla verður og hægt að leita þangað.“

Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi verða hins vegar til taks á útihátíðinni Ein með öllu á Akureyri um helgina. „Við verðum með sólarhringsvakt alla helgina. Við erum með húsnæði, þar sem rúm og teppi eru til staðar,“ segir Anna María Hjálmarsdóttir, annar tveggja formanna Aflsins. „Við verðum mjög sýnilegar um allan bæ, dag sem nótt, í gulum vestum merktum Aflinu svo fólk sé fljótara að koma auga á okkur og geti leitað sér upplýsinga eða aðstoðar. Auðvitað verður alls kyns gæsla í bænum en enginn sem sér sérstaklega um þennan flokk nema við. Svo er hægt að hafa samband við okkur með því að hringja í síma 461 5959.“

Á það skal jafnframt bent að þolendur kynferðisafbrota geta haft samband við Neyðarlínuna í síma 112.

*- stp*



# norðurland
FIMMTUDAGUR 31. JÚLÍ 2008

## Staðarskála lokað

**Skálanum verður lok-að þegar þjóðvegurinn verður færður.**

BLS. 2






FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR





Íslandsmeistaramót í

MOTOCROSS

KKA AKSTURSÍÞRÓTTAFÉLAG

3. umferð verður haldið á svæði KKA ofan Glerár 2. ágúst

Keppni í unglinga og kvennaflokki
hefst kl. 12:00

Keppni í meistaraflokki
hefst kl. 14:00

COBOLT EHF. ER AÐALSTYRKTARAÐILI MÓTSINS

POLARIS The Way Out.
COBOLT
POLARIS The Way Out.

FREYJUNESI 6 • SÍMI 461 1500 • COBOLT@COBOLT.IS • WWW.COBOLT.IS – LIFANDI HEIMASÍÐA



Valdi vatnsberi setur skemmtilegan blæ á skrúðgarðinn á Þórshöfn.
MYND/GUÐJÓN GAMALÍELSSON

# Minnisvarði afhjúpaður á Þórshöfn

Nýverið var afhjúpað minnismerki um Valda vatnsbera í skrúðgarðinum á Þórshöfn, en Valdi vatnsberi var síðasti vatnsberinn á Íslandi.

Vatnsveita Þórshafnar tók til starfa haustið 1945 og ári seinna var búið að tengja flest hús í kauptúninu við veitukerfið. Þar með hófst upphafið að endalokum á starfi síðasta vatnsberans á Íslandi, en Guðvaldi Jón Sigfússon, ýmist kallaður Valdi Fúsa eða Valdi vatnsberi, var vatnsberi staðarins og sótti vatn í brunn hreppsins, sem var mikil steinþró. Úr þrónni var vatninu dælt með sogdælu og bar Valdi það síðan syngjandi í hvert hús.

Nýverið var afhjúpað minnismerki um Valda í skrúðgarðinum á Þórshöfn og flutti listamaðurinn Jóhann Ingimarsson (Nói) stutta tölu af því tilefni þar sem hann greindi meðal annars frá lífshlaupi síðasta vatnsberans á Íslandi.

Gerð minnismerkisins var kostuð af Langanesbyggð og að auki styrkt af Menningarráði Eyþings.

# Staðarskáli heyrir brátt

**Um áratugaskeið hafa tveir söluskálar verið reknir við þjóðveginn í Hrútafirðinum en nú sér brátt fyrir endann á því.**

Einn af þekktustu söluskálum landsins, Staðarskáli, og nágranni hans, Brúarskáli, munu renna saman í einn söluskála með haustinu. Ástæðan fyrir því er að þjóðvegurinn hjá skálunum verður færður þannig að hann mun liggja nokkru norðar en hann gerir í dag. Sá vegur sem nú liggur fram hjá Staðarskála verður innansveitarvegur en gatnamót hans og þjóðvegarins verða þar sem Brúarskáli stendur í dag. Eftir vegarfærsluna mun því standa einn sameinaður skáli við Hrútafjörðinn.

Að sögn Kristins Guðmundssonar stöðvarstjóra var nýi skálinn hannaður frá grunni sem þjónustumiðstöð á einni hæð og mun bera nafnið N1 Staðarskáli, en N1 keypti Staðarskála síðastliðið sumar. Þegar Kristinn er inntur eftir því af hverju ákveðið hafi verið að halda í nafn Staðarskála segir hann Staðarskála alltaf hafa haft stóra markaðshlutdeild. „Það hefur verið stórt nafn í gegnum tíðina. Svo er þetta líka byggt í landi Staðar og eðlilegt að það nafn fylgi áfram.“

Kristinn segir að skálarnir tveir hafi verið sameinaðir undir sömu stjórn árið 2002. „Olíufélagið kom til okkar, eigenda Staðarskála, og óskaði eftir samvinnu eða samruna á þessum skálum.“

Kristinn útskýrir að samruni skálanna muni líklega bæta þjónustuna. „Ég held að það sé sterkara fyrir þá sem fara um veginn að hafa eina öfluga þjónustumiðstöð heldur en margar.“

Þó verið sé að breyta og búa til öfluga þjónustumiðstöð við Hrútafjörðinn segir Kristinn að reynt verði að halda í gamlar hefðir þó eitthvað breytist í samræmi við það sem N1 gerir annars staðar. „Við viljum halda í rétt dagsins sem eru þrír réttir sem við bjóðum yfirleitt upp á í hádeginu og á kvöldin en þeir eru þjóðlegir,“ upplýsir hann og bætir við að hinir þekktu, heimagerðu ástarpungar og íslenska kjötsúpan muni að sjálfsögðu verða áfram á boðstólum. *- mmr*



Fljótlega munu vegfarendur í Hrútafirðinum ekki keyra fram



Kristinn Guðmundsson stöðvarstjóri segir að reynt verði að halda í gamlar hefðir skálanna. MYND/ERLA SIF KRISTINSDÓTTIR




# Kanínur og kaffihús

Í Hléskógum í Eyjafirði er skemmtilegur húsdýragarður í stöðugri uppbyggingu. Hjónin Guðbergur Egill Eyjólfsson og Birna Kristín Friðriksdóttir eiga garðinn og reka, en garðurinn opnaði í fyrra með fullri starfsemi.

„Á hverju ári ætlum við að bæta aðeins við garðinn. Í ár fjölgum við kanínutegundum og opnum kaffihús og á næsta ári munu refir og svín bætast við,“ segir Guðbergur.

Þau hjónin keyptu jörðina árið 2005 til að gerast kúabændur. „Þegar við seldum kvótann okkar kom upp sú hugmynd að opna húsdýragarð því að hér viljum við búa og ala upp börnin okkar,“ segir Guðbergur, en hann er formaður Búkollu, samtaka áhugamanna um íslensku kúna.

Í garðinum eru kindur, kýr, naut, hestar, kálfar og geitur, fjórar tegundir af kanínum, hundur, kettlingar, fasanar og hænur. „Allir sem koma fá að halda á og klappa kettlingunum, hitta hundinn og fara inn til geitanna,“ útskýrir Guðbergur. Í húsdýragarðinum er einnig ein svört geit en að sögn Guðbergs er það merkilegt fyrir þær sakir að á Íslandi eru aðeins um fimm hundruð geitur. Áttatíu prósent þeirra eru flekkóttar og tuttugu eru hvítar. Þetta er því eina svarta íslenska geitin í heiminum.



Í húsdýragarðinum býr þessi svarti kiðlingur sem er svo gæfur að hann heilsar öllum með knúsi.





Öll aðstaða í garðinum er góð. Á svæðinu er tjaldsvæði, heimagisting og leiksvæði fyrir börnin ásamt salernisaðstöðu. „Þeir sem koma og gista hjá okkur fá frítt inn í húsdýragarðinn. Einnig bjóðum við öllum þeim sem koma í garðinn upp á kaffi og heimabakað meðlæti,“ segir Guðbergur. Aðsókn í garðinn hefur verið góð. Í fyrra komu um sex hundruð manns en í ár hafa aðsóknarmet verið slegin tvisvar.

Hléskógar eru í um tuttugu mínútna fjarlægð frá Akureyri, Grenivíkurmegin.

Þeir sem vilja kynna sér húsdýragarðinn í Hléskógum betur er bent á heimasíðuna www.bondi.is/pages/926

*- kka*

# sögunni til



hjá hinum gamla Staðarskála.





Gatnamót nýja og gamla vegarins verða þar sem Brúarskáli stendur í dag.

MYND/ERLA SIF KRISTINSDÓTTIR

# Skiljum alveg ágætlega þarfir hvert annars

Íbúar Þingeyjarsveitar og Aðaldælahrepps sameinuðust í vor í eitt sveitarfélag undir nafninu Þingeyjarsveit. Oddviti nýrrar sveitarstjórnar er Ólína Arnkelsdóttir í Hraunkoti í Aðaldal.

„Við erum rétt að fóta okkur fyrstu skrefin og koma nýju batteríi af stað,“ byrjar Ólína. „Nýja sveitarstjórnin fundaði í fyrsta skipti 14. júlí og síðan eru ekki nema tvær vikur. Því er engin ósköp búið að gera nema skipa í nefndir, skipta með sér verkum og taka aðkallandi afgreiðslumál fyrir, meðal annars auglýsa eftir nýjum sveitarstjóra.“

Ólína var oddviti Aðaldælinga fyrir sameiningu og er sú eina úr sinni sveit sem á sæti í hinni nýju sjö manna sveitarstjórn. „Þingeyjarsveit varð til árið 2002 með sameiningu nokkurra hreppa og var því mun fjölmennari en Aðaldælahreppur fyrir sameininguna nú,“ útskýrir Ólína. „Íbúar voru 686 í Þingeyjarsveit og 261 í Aðaldal þann 1. desember síðastliðinn. Við sem sitjum í sveitarstjórn vinnum fyrir allt sveitarfélagið hvaðan sem við komum í upphafi og munum að sjálfsögðu vanda okkur við störfin.“



**„Við sem sitjum í sveitarstjórn vinnum fyrir allt sveitarfélagið hvaðan sem við komum í upphafi,“ segir Ólína, húsfreyja í Hraunkoti í Aðaldal og oddviti Þingeyjarsveitar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Aðalskrifstofa sveitarfélagsins og fundaraðstaða er í Kjarna á Laugum en hver eru helstu verkefnin sem liggja fyrir nýrri stjórn? „Það eru hin ýmsu mál sem þarf að leiða til lykta. Skólamálin taka auðvitað þó nokkra orku og tíma, enda mikilvæg,“ svarar Ólína og lýsir því að grunnskólarnir séu þrír, Hafralækjarskóli í Aðaldal, Litlu-Laugaskóli í Reykjadal og Stóru-Tjarnarskóli í Ljósavatnsskarði. Þeir verða allir reknir áfram að hennar sögn enda með 45 til 70 nemendur hver. Hafralækjarskóli er þeirra fjölmennastur og þjónar líka íbúum Tjörneshrepps og Norðurþings sem taka þátt í rekstri hans.

„Það eru engin áform um að steypa saman skólum,“ segir Ólína. „En auðvitað veit maður aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér. Lífið er svo síbreytilegt og fólki fjölgar og fækkar til skiptis í byggðum landsins.“

Í Þingeyjarsveit er enginn stór þéttbýliskjarni. Spurð hvort það skapi ekki enn betra jafnvægi en annars væri, svarar Ólína. „Við skiljum að minnsta kosti alveg ágætlega þarfir hvers annars. Hér er öflugt bændasamfélag og ferðaþjónusta, líka veiðiár og verktakar og svo er framhaldsskóli á Laugum. Það eru sumarhúsabyggðir í sveitarfélaginu og við erum eigendur að Þeistareykjum sem áform eru uppi um að virkja. Það eru ýmis sóknarfæri í spilunum og við erum bara bjartsýn.“ *-gun*



## ●HANDVERKSHÁTÍÐ Í EYJAFIRÐINUM

Hátíðin „Uppskera og handverk" verður haldin í 16. sinn í og við Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit dagana 8. til 10. ágúst næstkomandi. Þema sýningarinnar í ár er „miðaldir".

Fjölbreytt dagskrá verður á hátíðinni og mun handverksfólk víðs vegar af landinu kynna og selja handverk sitt. Einnig mun fjölbreyttur hópur handverksmanna erlendis frá sækja hátíðina heim, en tilgangur Handverkshátíðarinnar er bæði að endurvekja áhuga á þeirri ríku handverkshefð sem áður var til staðar hér heldur einnig að skapa handverksfólki vettvang til að sýna og selja vöru sína sem og að standa að námskeiðahaldi og ýmiss konar fræðslu.

Opnunartími sýningarinnar er kl. 10.00 til 19.00 alla dagana og er miðaverð 1.000 krónur fyrir fullorðna. Miði veitir aðgang alla dagana en frítt er fyrir börn.



## ●FRÍTT Í SUND FYRIR BÖRNIN

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur ákveðið að frítt verði í sund fyrir öll börn á grunnskólaaldri.

Þetta þýðir að öll börn á aldrinum 0 til 16 ára geta buslað og synt í sundlaugunum á Ólafsfirði og á Siglufirði án þess að borga krónu fyrir.

Sundlaugin á Siglufirði er opin frá 6.30 til 21.00 alla virka daga og frá 10.00 til 17.00 um helgar. Sundlaugin á Ólafsfirði er opin frá 6.45 til 20.00 frá mánudegi til fimmtudags, frá 6.45 til 19.00 á föstudögum og frá 10.00 til 17.00 um helgar.





**Bryggjan að Skálum stendur enn þótt langt sé síðan útgerð lagðist af.**

# Á eyðislóðum

Á Langanesi er víða hægt að finna skemmtilegar gönguleiðir og fjörurnar eru kapítuli út af fyrir sig. Þótt útnesið sé allt komið í eyði má enn greina mannvistarleifar. Á Skálum eru til dæmis rústir þorps sem þar var á fyrri hluta síðustu aldar. Þegar flest var voru 117 manns þar heimilisfastir, auk lausafólks. Það var árið 1924. Milli 50 og 60 áraskip munu hafa róið frá Skálum og bryggjan vitnar um stórhug íbúanna.



**Á Draflastöðum er boðið upp á ýmiss konar fjórhjólaferðir.** FRÉTTABLAÐIÐ/NJÁLL

# Fjórhjólaferðir í Fnjóskadalnum

Á Draflastöðum í Fnjóskadal er boðið upp á ýmiss konar spennandi ferðir á fjórhjólum. Draflastaðir eru í um tuttugu og fimm kílómetra fjarlægð frá Akureyri og þar er ásamt fjórhjólaferðunum rekin ferðaþjónusta allt árið um kring.

Fjórhjólaferðirnar sem í boði eru taka frá tuttugu og fimm mínútum upp í þrjár klukkustundir. Kennt og leiðbeint verður á fjórhjólin í ferðunum þannig að óreyndir og lengra komnir munu ekki fara sér að voða.

Að fjórhjólaferðinni lokinni er hægt að gæða sér á grilluðum mat inni í hlöðu og skella sér í heitan pott.

Nánari upplýsingar má finna á www.sveitarsetrid.is. *- mmf*






512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

HVERT Á AÐ FARA UM VERSLUNARMANNAHELGINA?

# Gestirnir létu ekki sjá sig

Þegar Margrét Eir Hjartardóttir, leik- og söngkona, er innt eftir því hvernig hún ætli verja verslunarmannahelginni segist hún meðal annars ætla að halda upp á afmælið sitt.



**Margrét Eir Hjartardóttir hefur oft átt afmæli um verslunarmannahelgi og segir það stundum hafa skapað vandamál.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég ætla að halda upp á það á föstudaginn en ég á oft afmæli um verslunarmannahelgar,“ segir hún og bætir við að það hafi stundum skapað vandamál þegar hún var yngri. „Þá kom oft fyrir að krakkarnir komust ekki í afmælið mitt. Nú finnst mér mjög gaman að eiga afmæli um verslunarmannahelgina.“

Margrét segir það líka hugsanlegt að hún fari í langan göngutúr á laugardaginn. „Ef það verður ekkert af göngutúrnum þá er búið að bjóða mér í hádegismat. Eftir það er lítið planað þar sem ég er að fara til Frakklands á mánudaginn.“

Aðspurð út í eftirminnilegar verslunarmannahelgar segir Margrétar þær vera þónokkrar í gegnum tíðina. „Fyrsta skipti sem ég upplifði útihátíð var þegar ég vann í Borgarfirði líklega um tólf ára. Þá var hátíð á Húsafelli og allir í sveitinni sáu um veitingasölu. Ég var fengin til að vinna í sjoppunni tvö kvöld og fannst þetta allt mjög forvitnilegt.

Ég hef annars aldrei verið mikil útihátíðarmanneskja þannig að ég hef frekar farið eitthvað þar sem engar útihátíðir eru eins og í Þórsmörk og Þjórsárdal en það eru allt of svæsnar sögur til að ég geti verið að segja frá þeim,“ upplýsir hún hlæjandi. *- mmf*

# Opnar dyrnar að Nornasetrinu



**Sirrý ætlar að leyfa fólki að heimsækja Nornasetrið sitt um helgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég verð að öllum líkindum heima hjá mér með opið hús fyrir gesti og gangandi,“ segir Sirrý Sigfús spákona aðspurð um plönin fyrir verslunarmannahelgina. Sirrý ætlar að bjóða almenningi í Nornasetrið sitt og lofar heitu kaffi á könnunni. „Þetta er í litlu húsi hérna í Bleikargróf 15. Ég er með mjög sérstakt nornasafn, einnar sinnar tegundar í heiminum.“ Safnið samanstendur af nornadúkkum hvaðanæva úr heiminum sem Sirrý hefur sankað að sér í 23 ár. „Ég er með dúkkur frá Afríku og Indlandi til dæmis, svo er ég með indjána, heilara og risastórar nornadúkkur sem eru stærri en ég.“

Sirrý kveðst yfirleitt ekki gera mikið um verslunarmannahelgina og fari lítið í útilegur. „Það er ekkert þægilegt að liggja í tjaldi en ef ég ætti húsbíl þá væri ég alltaf á ferð og flugi.“

Aðspurð segist hún þó eiga eftirminnilega verslunarmannahelgi. „Þegar ég var ung stúlka fór ég eitthvert skiptið í Húsafell, það var æðislega gaman. Þar voru allar helstu hljómsveitirnar að spila; Fjarkar, Hljómar og fleira. Ég var náttúrlega bara hippi,“ segir Sirrý hlæjandi. „Það var dansað og skemmt sér eins og gengur og gerðist áfallalaust.“ *- mþþ*

# Frumflytur nýtt efni

„Ég hef aldrei farið neitt um verslunarmannahelgina,“ segir Geir Ólafsson söngvari spurður um eftirminnilega verslunarmannahelgi. „Þetta er náttúrlega stórfrétt en ég er að segja dagsatt. Fyrir mér eru allir dagar hátíðardagar, það þarf ekki verslunarmannahelgi til þess.“



**Geir Ólafsson ætlar að syngja á Innipúkanum næsta laugardag.** FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Geir kveðst ekki vera útilegutýpa sem fer í tjaldferð á útihátíð. „Ég vil miklu frekar vera á fínum hótelum með sundlaug en láta rigna á mig í tjaldi. Ég hef hins vegar mjög gaman af því að vera með öðrum og ferðast.“

Það er þó ekki laust við að Geir finni fyrir verslunarmannahelginni þar sem hann syngur yfirleitt á einhverjum hátíðum um þessa helgi. „Ég hef þó séð til þess að það hafi verið hér í bænum. Ég á til dæmis alveg eftir að koma fram í Vestmannaeyjum. Það kemur einhvern tímann að því, en þetta hefur bara ekki heillað mig hingað til.“

Spurður hvert planið sé fyrir helgina svarar hann: „Ég verð á Innipúkanum á laugardag. Um leið og það er búið fer ég að gera mig tilbúinn fyrir plötuupptöku daginn eftir,“ segir Geir sem er að klára upptökur á nýrri plötu, Meira, sem gefin verður út af Zonic í október. „Þetta eru stórsveitarlög. Ég verð með útgáfutónleika 12. september. Gestir á Innipúkanum mega búast við einu til tveimur lögum af nýju plötunni. *- mþþ*



**Þrastarlundur stendur í jaðri Þrastaskógar og skemmtilegt getur verið fyrir krakka að hlaupa þar um á daginn.** MYND/EGILL BJARNASON

# Lifnar yfir Þrastarlundi

**Heljarinnar verslunarmannahelgarhátíð verður í fyrsta sinn haldin í Þrastarlundi um helgina.**



**Mark Brink stendur ásamt fleirum fyrir hátíð í Þrastarlundi um verslunarmannahelgina.** MYND/EGILL BJARNASON

„Við erum að prófa þetta í fyrsta skipti hérna. Það er svo mikil byggð hér í kring og svo Selfoss fyrir neðan. Það er alveg synd að gera ekki eitthvað þessu líkt,“ segir Mark Brink vert um fyrirhugaða hátíð í Þrastarlundi um verslunarmannahelgina. „Ég byrjaði hér í fyrravor og var lengi búinn að hugleiða að brydda upp á einhverjum nýjungum. Þetta er niðurstaðan,“ útskýrir hann og bætir við að tilvalið sé að halda hátíðina vegna þess hversu margir eigi leið um svæðið á þessum tíma.

Mikil fjölskyldustemning verður á hátíðinni yfir daginn og hægt að finna sér ýmislegt til dundurs að sögn Marks. „Ferðaleikhús mætir á laugardaginn með leiksýningu um Galdrakarlinn í Oz. Svo verður líka hoppukastali á svæðinu,“ upplýsir hann og bætir við að fleiri skemmtilegar uppákomur verði yfir helgina. Rúsínan í pylsuendanum verður þó vafalaust miðnæturtónleikar Bogomils Font og Milljónamæringanna, sem munu spila bæði á föstudags- og laugardagskvöld.

„Þess má geta að eftir líflegan dag getur fólk mætt í veglegt hlaðborð og grill um kvöldið áður en tónleikarnir hefjast,“ segir Mark. „Fólk getur þá haft fataskipti um kvöldið, en boðið verður upp á sætaferðir í sumarbústaðahverfin í nánd við Þrastalund.“

Mark gerir fastlega ráð fyrir því að fólk af tjaldsvæðinu við lundinn, sumarbústaðasvæðinu í kringum Þrastarlund og íbúar frá Selfossi muni einna helst sækja hátíðina. „Ef það verður mikil traffík þá getur vel verið að ég fái Sjonna Brink og Gunna í Skítamóral í einhverja stemningu á sunnudagskvöldið.“ *- mmf*




**Um kvöldið verður veglegt hlaðborð og grill áður en miðnæturtónleikar hefjast.** MYND/EGILL BJARNASON



**Miðnæturtónleikar með Bogomil Font og Milljónamæringunum verða rúsínan í pylsuendanum á hátíðinni í Þrastarlundi um helgina.**


VEIÐIFATNAÐUR
fyrir útihátíðina
Gallabuxur frá 990
Mittisjakkar frá 1.990
Quartbuxur frá 690
Bolir frá 390
Rauðu sólgleraugun loksins komin aftur.
Ósóttar pantarnir seldar daglega.
Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073
Opið fimmtudag til 18.00.
Opið föstudag til 19.00.
Lokað um helgina.
Herra
hafnarfjörður
PIPAR • SÍA



Lögreglan mun leggja sérstaka áherslu á hraðamælingar um verslunarmannahelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR ÞÓR GUÐMUNDSSON

# Göngum frá og ökum varlega

Ferðastraumurinn liggur frá höfuðborginni um helgina. Þar sem fátt er óskemmtilegra en að koma heim úr ferðalagi og verða þess var að innbrotsþjófar hafi látið greipar sópa um heimilið, er nauðsynlegt að ganga tryggilega frá húsnæðum áður en haldið er af stað; læsa hurðum og gluggum. Gott ráð er biðja nágranna um að líta eftir húsnæðinu. Fá þá til að kveikja ljós, fjarlægja póst, leggja í bílastæði og þess háttar.

Lögreglan leggur sérstaka áherslu á hraðamælingar og sýnilegt eftirlit á vegaköflum og svæðum þar sem talið er að mestur fólksfjöldi og umferð verði um verslunarmannahelgina. Umferðareftirliti verður einnig sinnt úr þyrlu Landhelgisgæslunnar, sem er hluti af samstarfsverkefni ríkislögreglustjórans og Landhelgisgæslunnar um þjóðvega- og hálendiseftirlit. *- stp*

# Keppt í sandkastalagerð

Þeir sem ekki geta setið auðum höndum og slappað af yfir verslunarmannahelgina geta tekið stefnuna á Holtsfjöru í Önundarfirði. Þar mun fara fara fram keppni í gerð sandkastala laugardaginn 2. ágúst. Kastalakóngurinn Guðmundur Björgvinsson mun taka fyrstu skóflustunguna klukkan 14.

Stefnt er að því að í fjörunni verði sannkölluð fjölskyldu- og strand-stemming. Verðlaun verða að sjálfsögðu veitt fyrir flottustu listaverkin en keppendur eru beðnir um að koma sjálfir með skóflur og önnur hjálpartæki.

Kvenfélagskonur verða með bryggjukaffi þar sem seldar verða samlokur, heimabakað bakkelsi, kaffi og svali. *- tg*



Sá sem byggir einn slíkan sandkastala ætti að fara með sigur af hólmi. NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

# Sund um helgina

Þeir sem vilja kíkja í sund yfir helgina ættu að kynna sér afgreiðslutíma sundlauga, enda líkur á því að sundlaugar séu ekki opnar á sama tíma og venjulega. Hér má sjá hvenær sumar sundlaugar víðs vegar um landið eru opnar.



**Sundlaugar eru flestar opnar eins og venjulega um verslunarmannahelgina en sumar laugar eru lokaðar á mánudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## AFGREIÐSLUTÍMAR SUNDLAUGA

| | Laugardagur | Sunnudagur | Mánudagur |
|---|---|---|---|
| Árbæjarlaug | 8 - 22 | 8 - 22 | 10 - 18 |
| Grafarvogslaug | 8 - 20.30 | 8 - 20.30 | 10 - 18 |
| Kópavogslaug | 8 - 22 | 8 - 22 | 8 - 22 |
| Laugardalslaug | 8 - 20 | 8 - 20 | 8 - 20.30 |
| Sundhöllin Selfossi | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 |
| Sundlaug Akureyrar | 8 - 19.30 | 8 - 19.30 | 6.45 - 22 |
| Sundlaug Egilsstaða | 10 - 19 | 10 - 22 | 6 - 21.30 |
| Sundlaugin Höfn í Hornafirði | 9 - 18 | 9 - 18 | 9 - 18 |
| Sundhöll Ísafjarðar | 10 - 16 | 10 - 16 | Lokað |
| Stykkishólmur | 10 - 19 | 10 - 19 | 10 - 19 |
| Vesturbæjarlaug | 8 - 20 | 8 - 20 | 10 - 18 |

# Hátíð fyrir borgarbörnin

**Margir af þekktustu tónlistarmönnum landsins munu troða upp á Innipúkanum um helgina sem verður umfangsmeiri með ári hverju.**



Meistari Megas ætlar að mæta á svæðið ásamt hljómsveitinni Senuþjófunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLLI

Innipúkinn er tilvalin skemmtun fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu og aðra sem kjósa að sneiða hjá hefðbundnum útihátíðum eða útilegum úti á landi um verslunarmannahelgina. Óhætt að segja að hátíðin verði umfangsmeiri með ári hverju, en þetta er sjöunda árið í röð sem hún fer fram, og munu margir af fremstu tónlistarmönnum landsins troða upp.

„Við í Sprengjuhöllinni ætlum að taka tvö til þrjú ný lög. Við erum að vinna að nýrri plötu þannig að gestir Innipúkans fá að heyra smá hljóm af henni. Svo verðum við með örlitla óvænta uppákomu, sem verður mjög skemmtileg,“ segir Snorri Helgason, söngvari Sprengjuhallarinnar. „Sjálfur hef ég aldrei verið á Innipúkanum þannig ég er mjög spenntur yfir því að upplifa stemninguna á þessari hátíð.“

Fjöldi annarra tónlistarmanna hefur boðað komu sína. Má þar nefna Hjaltalín, FM Belfast, Múgsefjun, Dr. Spock, Hjálma, Morðingjana, Megas og Senuþjófana, Benna Hemm Hemm, Grjóthrun í Hólshreppi, Sound-spell, Boys in a Band, Dísu og Borko að ógleymdum sjálfum Geir Ólafssyni.

Innipúkahátíðin fer fram á Nasa eins svo oft áður og verður tónleikahald bæði föstudags- og laugardagskvöld. Húsið opnar klukkan 19 bæði kvöldin og stendur dagskráin yfir fram eftir nóttu.

Tuttugu ára aldurstakmark er á inn á hátíðina. Miðasala fer fram á www.midi.is og kostar miðinn á bæði kvöldin 3.900 krónur.

Þannig að nú er um að gera og skemmta sér ásamt öðrum innipúkum á Nasa um næstkomandi helgi. *- mmr*



Hjálmar ætla sér að trylla lýðinn á hátíðinni í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Líf og fjör og allir eru ávallt glaðir á Innipúkanum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Dr. Spock mun troða upp en hljómsveitin er þekkt fyrir litríka og skemmtilega sviðsframkomu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Gönguhátíð í Grindavík

Gönguhátíð verður haldin í Grindavík um verslunarmannahelgina fyrir fólk sem kýs að taka göngur og útivist fram yfir hina venjulegu útihátíð.

Hátíðin er liður í viðburða- og menningardagskrá Grindavíkur 2008 og hluti af verkefninu AF STAÐ á Reykjanesið, sem hefur verið í gangi síðastliðin tvö sumur. Verkefnið gengur út á að bjóða upp á gönguferðir með leiðsögn um gömlu þjóðleiðirnar á Reykjanesskaganum.

Göngurnar á hátíðinni taka frá einum og upp í sex tíma og er ekkert þátttökugjald en rútugjald er 500 krónur og frítt fyrir börn yngri en tólf ára.

Nánari upplýsingar má finna á www.grindavik.is og www.sjfmenningarmidlun.is. *- mmf*



Gönguhátíð á Grindavík er liður í gönguferðaverkefni um Reykjanesið. MYND ÚR SAFNI.






- Egilsstaðir
- Fellabær
- Eiðar
- Hallormsstaður
- Brúarás

# Fljótsdalshérað

## – Hvergi annars staðar

fljotsdalsherad.is

## Með framsækni og virðingu að leiðarljósi

Það eiga alla tíð að vera sérstök og eftirsóknarverð lífsgæði að búa á Fljótsdalshéraði, njóta þeirrar fögru náttúru og örugga umhverfis sem þar er og taka þátt í að búa núverandi og komandi kynslóðum fyrirmyndarsamfélag.

**Stefna sveitarfélagsins hvílir á fjórum stoðum sem eru:**

- **Þekking** – einn af mikilvægustu undirstöðu- og áhrifaþáttunum.
- **Þjónusta** – af fjölbreyttum toga og framsækið atvinnulíf.
- **Velferð** – þar sem íbúarnir njóta hæfileika sinna, stuðnings og hvatningar.
- **Umhverfi** – þar sem virðing fyrir samfélagi og náttúru er einkennandi.

**Verið velkomin til Fljótsdalshéraðs**



Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700


Þykkvabæjar
Forsoðnar
Grillkartöflur
argus – 05-0302
FUNHEITAR EÐA SVALAR *í grillveisluna*
Þykkvabæjar
forsoðnar grillkartöflur
kartöflusalat
hrásalat
Einfalt og gott!
KARTÖFLUSALAT
með lauk og graslauk
HRÁSALAT
400 g
KARTÖFLUSALAT
Þykkvabæjar

## Nú kostar bara 500 kall að auglýsa útilegudótið þitt til sölu




# Láttu smáauglýsingar Fréttablaðsins koma gamla útilegudótinu í verð

## Markaðstorg heimilanna

Dagana 24. júlí – 14. ágúst bjóðum við auglýsingar í flokknum *Útilega* fyrir aðeins 500 krónur (grunnverð) í Markaðstorgi heimilanna í Fréttablaðinu og á *visir.is*. Skráðu inn auglýsinguna á *visir.is* eða hafðu samband við þjónustuver í síma **512 5100**.

Afgreiðslan er opin alla virka daga frá 8–17 en tekið er við pöntunum í síma kl. 8–22, um helgar kl. 10–22 og á *visir.is*.



**Allt sem þú þarft… …alla daga**

## TIL SÖLU

# Travel John ferðaklósett leysa málið



Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Engin kemísk efni, engin þrif, aðeins tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.

Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í **Lyfju, Lyf og heilsu** og **Fjarðakaupum**.

Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is

TravelJohn

## TILKYNNINGAR

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

### Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarbær

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Öldugötu, Öldutún 2-6, Ölduslóð 1-10 og 12 og Hringbraut 1-15 í Hafnarfirði. Framlengdur athugsemdafrestur

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 22. júlí 2008, að framlengja athugasemdafrest við tillögu að deiliskipulagi fyrir Öldugötu, Öldutún 2-6, Ölduslóð 1-10 og 12, og Hringbraut 1-15 í Hafnarfirði, til 27. Ágúst 2008. Kynningarfundur verður auglýstur síðar.

Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is/skipulag_og_framkvaemdir/skipulag. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

„...fyrst á visir.is"



vísir.is
...ég sá það á vísir.is

## TILKYNNINGAR

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

### Hefur þú áhuga á að byggja upp þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara á einum besta stað á Höfuðborgarsvæðinu ?

Hafnarfjarðarbær auglýsir lausa til umsóknar lóðina Einivellir 3 sem ætluð er undir 3 - 5 hæð hús með þjónustuíbúðum fyrir aldraða .

Einivellir eru á Völlum 3 sem afmarkast til norðurs af miðsvæði Valla og til austurs af Haukasvæðinu, Berja- og Drekavöllum, til suðurs af Engjavöllum og 1. áfanga Valla og til vesturs af Ásbraut/Krísuvíkurvegar. Aðkoma akandi að svæðinu er um gatnamót Ásbrautar og Ásvalla, Kirkjuvalla, Akurvalla og Engjavalla. Í hverfinu er stutt í alla verslun og þjónustu og þar er m.a. að finna námsmannaíbúðir, íþróttasvæði, leikskóla, sundlaug, kirkju og á næstunni verður þar opnuð heilsugæsla.

**Umsækjandi þarf að gera grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi á lóðinni, þjónustu sem í boði verður í húsinu, s.s húsvörslu, öryggisvörslu o.s.frv. og hvernig ætlunin sé að nota jarðhæð hússins. Áhersla er lögð á að húsnæðið verði til sölu/leigu á viðráðanlegu verði fyrir eldri borgara og að gert verði ráð fyrir að húsnæðið geti verið í einkaeign, leiguhúsnæði og/eða með búseturétti.**

Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2007 og milliuppgjöri fyrir árið 2008 árituðum af löggiltum endurskoðendum. Einnig þarf að fylgja yfirlýsing lánastofnunar um fjármögnun byggingarframkvæmda.

Lóðinni er eingöngu úthlutað til lögaðila.

Umsóknin kostar 3000 kr. sem greiðast þegar umsókn er skilað. Umsóknum skal skilað í síðasta lagi 19. ágúst 2008 í Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6. Umsóknum má skila rafrænt og skal umsóknargjald þá greitt inn á reikning 327-26-59 - kt. 590169-7579 . Vinsamlega sendið kvittun og umsókn á info@hafnarfjordur.is þegar gengið hefur verið frá greiðslu í Heimabanka.

**Skipulagsuppdrætti og skipulags- og byggingarskilmála má finna á www.hafnarfjordur.is/skipulag og í Þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6.**

**Þjónustuverið er opið alla virka daga kl. 8 - 17.**

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

## TIL LEIGU

### Einbýlishús óskast til leigu

Stórt og huggulegt einbýlishús (parhús, raðhús) óskast til leigu frá 1.sept. 2008 til 1.sept 2009 fyrir traustan aðila. Svör óskast send á netfangið: **box@frett.is merkt "Leiguhúsnæði"**

## ÞJÓNUSTA

### AFLHÚS Smíðavinna

Getum bætt við okkur verkefnum. Ekkert verk of stórt eða of lítið hvort sem það er mótauppsláttur eða uppsetning á innréttingum.

Unnar Óli 698-1370 / Baldur Smári 899-9799

## ATVINNA

### VANTAR ÞIG

**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu. Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

### SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

### MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## FASTEIGNIR

www.domus.is | Borgarnes | Akranes

domus FASTEIGNASALA

**María Magnúsdóttir**
Löggiltur fasteignasali, hdl
**669 7936**
maria@domus.is



**Kveldúlfsgata 17 - 310 Borgarnes / Einbýlishús**

Einbýlishús á tveimur hæðum við Kveldúlfsgötu ásamt bílskúr á glæsilegum útsýnisstað í Borgarnesi. Húsið er 326,9 fm ásamt 33,5 fm bílskúr Húsið er á tveimur hæðum og skiptist efri hæðin í forstofu, gestabaðherb., eldhús, þvottahús, stofu, sjónvarpshol, sólstofu, gang og 5 herbergi. Á jarðhæðinni eru 3 herbergi, eldhús, baðherbergi, stofa og stór geymsla. Samkvæmt fasteignamati er hæðin 136,9 fm, jarðhæðin er 163,5 fm og sólskálinn er 26,5 fm
Allar nánari upplýsingar á skrifstofu

**Verð 37,0 millj.**



**Sumarhúsalóðir úr landi Hálsa í Skorradalshrepp.**

Til sölu eða leigu nokkrar 3400-6000 fm sumarhúsalóðir í glæsilegu umhverfi á skipulögðu svæði í landi Hálsa í Skorradal norðan Andakílsár. Svæði þetta er á kjarrivöxnum klapparholtum. Útsýni er frá austri til vesturs yfir neðri hluta Skorradals og efri hluta Andakílsár að Skarðsheiði og Skessuhorni. Í norð-vestri er Hestafjall og Hestháls í norðri. Glæsilegt útsýni. Mikil náttúrufegurð á frábærum útsýnisstað. Einnig er hægt að fá hágæða sumarhús byggð á staðnum. Hitaveita á svæðinu, rafmagn og kalt vatn. Upplýsingar um lóðirnar eru hjá **Pálma Ingólfssyni í S:896-5948**

Byggðu framtíðina á traustum grunni | Borgarbraut 61 | 310 Borgarnes | Sími 440 6140

# Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs og Garðabæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

### Kjóavellir - hesthúsabyggð, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 24. júní 2008 og bæjarstjórn Garðabæjar þann 8. júlí 2008 tillögu að deiliskipulagi við Kjóavelli. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26 . gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 31. júlí 2008.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:30 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 og bæjarskipulagi Garðabæjar milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til miðvikudaga, fimmtudögum frá 8:00 til 18:00 og föstudögum frá 8:00 til 14:00

Arinbjörn Vilhjálmsson
Skipulagsstjóri Garðabæjar.

Smári Smárason
Skipulagsstjóri Kópavogs.

# 20% afsláttur

## af öllum hljómtækjum í bílinn!



## Örsmár MP3 spilari



**SanDisk CLIP2GB**
MP3 Spilari • 2GB innbyggt minni • Útvarp með stöðvaminnum • Spilar MP3 og WMA • Diktafónn • USB 2.0 • Innb. hleðslurafhlaða með allt að 15 tíma spilun

**7.989 kr.**
Fullt verð ~~10.989~~

## Notaðu iPod og alla MP3 spilara með bílgræjunum

MONSTER



**Monster FM sendir**
FM sendir fyrir iPod og MP3 spilara • Sendir þráðlaust gegnum útvarpið í bílnum • Virkar með öllum bíltækjum

**5.989 kr.**
Fullt verð ~~7.989~~

## Ferðahátalarar fyrir MP3 og tölvur



**Creative TRAVELSOUND250BK**
Ferðahátalar með innb. magnara • Passar fyrir tölvur, MP3, geislaspilara og fl. • Tveir NeoTitanium micro hátalarar • 2x3w innb. magnari • Snertitakkar • 3.5mm jack tengi • Endist 25 tíma á 4 AAA rafhlöðum • Stærð (bxhxd): 17,5x3,5x8,8 sm • Þyngd: 248g án rafhl.

**5.989 kr.**
Fullt verð ~~7.989~~

## Asus – flott í skólann



**Asus A8E4P008E**
14" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innb. vefmyndavél • Intel Core 2 Duo T7100 1.8GHz örgjörvi • Innb. GMA X1300 skjákort • 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB) • 120GB 5400rpm SATA harður diskur • Intel High Definition samhæft hljóðkort • 10/100 Ethernet og WLAN 802.11 a/g/n netkort • SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari • DVD Dual Layer brennari • 5 USB 2.0, FireWire, Express og VGA út tengi • Line in, Mic og heyrnartólstengi • Infrared • Windows Vista Business stýrikerfi • Flott taska og lasermús fylgja • Lithium Ion 6 Cells rafhlaða

**89.989 kr.**

## LCD með innbyggðum DVD spilara



3 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

19 tommur

12 og 220v

**United TVD7056**
19" LCD breiðtjald með innb. DVD spilara • 1440x900 p.uppl. • Skerpa: 500:1 • Nicam Stereó • Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • 12v og 220v • 12v snúra fylgir

**59.989 kr.**

## Mega O.I.S. titrings deyfir



2.7"

**Panasonic NVGS80**
Digital tökuvél • 2,5" skjár • 1/6" upptökuflaga með 800.000 punkta uppl. • 32x Optical Zoom og 1000x Digital Zoom • Color Night view • Pure Colour Engine • MEGA O.I.S titringsdeyfir • 2.7" LCD breiðskjár • Snapshot möguleiki • DV útgangur • Vefmyndavél

**27.989 kr.**
Fullt verð ~~32.989~~

## LCD breiðtjald



**129.989 kr.**
Fullt verð ~~149.989~~

37 tommur

10 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

**Toshiba 37C3000PG**
37" LCD breiðtjald • HD Ready 1366x768p • ActiveVision • Active Backlight • 9000:1 Dyn. Contrast • 8 ms svartími • 10 Bit Processing • DCDi Faroudja Prog. Scan • 3D Color System • 2 HDMI v1.3, 2 Scart, 1 VGA, 1 Component • Textav. ofl.

## Pixel Plus HD



**169.989 kr.**
Fullt verð ~~219.989~~

42 tommur

10 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

**Philips 42PFL5322**
42" LCD Pixel Plus HD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 5.000:1 • Progressive Scan • HD Ready • Ljósskynjari og Active Control • 2 x 10w Nicam stereó með Dolby Virtual Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.

**OPNUNARTÍMI**

| | |
|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 |
| Föstudaga | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI







3.989 kr.

# Topp myndir á DVD

1.989 kr.

Verð á einu stk.



# MSI fartölva

**MSI PR200**
1.66GHz Intel Core 2 Duo T5450 - með 2MB flýtiminni • 2GB DDR2 667MHz 200pin • 160GB SATA hljóðlátur diskur 5400RPM • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW • 12,1" WXGA WideScreen með 1280x800 og 16.7 milljón liti • Intel GMA X3100 PCI Express með allt að 384MB minni • Gigabit 10/100/1000 netkort og 56K mótald • Innb. þráðlaust 54Mbps 802.11g netkort og Bluetooth • 3x USB 2.0 , HDMI, ExpressCard o.fl. • Þyngd 1.95kg, W 303 x D 225 x H 28-30mm • Fingrafaraskanni og vefmyndavél • Taska og mús fylgir

119.989 kr.

# Topp tónlist á CD

1.989 kr.

Verð á einu stk.



## Ferðatæki með CD

**Lenco SCD25**
Nett ferðatæki • FM útvarp • Geislaspilari • Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA • Heyrnartólstengi • Góðir hátalarar

4.989 kr.

Fullt verð ~~5.989~~



## Fjölkerfa DVD spilari

**Toshiba SD180**
Fjölkerfa DVD spilari • Progressive Scan • Dolby Digital og DTS • Scart (með RGB), Component og CVBS tengi • Digital Coaxial tengi ofl.

6.989 kr.

Fullt verð ~~8.989~~

3 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

## Ferða DVD



12 og 220 volt

**United DVP7046**
7" TFT skjár • 480 x 234 p.uppl. • Format: 4:3 / 16:9 • Built-In Dolby Digital Decoder • Innb. 2x 1W hát. • Multi OSD • Anti Schock

*Má festa aftan á sætispúða í bílnum!*

14.989 kr.

Fullt verð ~~19.989~~

MAX RAFTÆKI

# Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max!

Tilboðin gilda til 06. 08. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Skorað á ráðherra – heilsuverndinni til heilla

**UMRÆÐAN**
Þórunn Ólafsdóttir skrifar um heilsuvernd

Mæðravernd, ung- og smábarnavernd, skólaheilsugæsla, og heilsuvernd aldraðra er sú starfsemi heilsugæslustöðva sem flokkast undir heilsuvernd. Heilsuverndin hefur það að markmiði að fylgjast með og efla heilsu einstaklinga og fjölskyldna. Hún skipar stóran sess í lífi Íslendinga og hefur gert það svo áratugum skiptir. Þjónustan fer hljótt en á þó stóran þátt í að heilsufar Íslendinga er jafn gott og raun ber vitni. Að öðrum stéttum ólöstuðum hafa hjúkrunarfræðingar staðið vörð um þessa þjónustu. Þeir hafa borið hita og þunga af starfseminni, ásamt því að þróa og aðlaga þjónustuna að samfélaginu hverju sinni.

Nú eru tímamót í heilsugæslunni. Það á að auka fjölbreytileikann í rekstri. Hvað þýðir það? Hver er framtíðarsýnin? Eru þetta endalok heilsugæslunnar í núverandi mynd? Og hversu mörg rekstrarform er skynsamlegt að hafa í jafn litlu samfélagi og Ísland er? Við gleymum því stundum að



ÞÓRUNN ÓLAFSDÓTTIR

Ísland er álíka fjölmennt og þokkalega stórt bæjarfélag í nágrannalöndunum.

Nýlega var undirritaður samningur milli heilbrigðisráðherra og Læknafélags Íslands um þjónustu heimilislækna á læknastofum utan heilsugæslustöðva. Með þessum samningi er heimilislæknum gefinn kostur á því að reka sínar eigin heimilislæknastöðvar og sinna þar meðal annars ungbarna- og mæðravernd. Samningurinn er eins og blaut tuska í andlit hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra sem hafa byggt upp og þróað heilsuverndina. Þó svo að í samningnum standi að á heimilislæknastöð skuli að jafnaði starfa hjúkrunarfræðingur þá starfar hann á ábyrgð heimilislæknisins. Hjúkrunarfræðingar og læknar eru samstarfsfólk sem vinnur þverfaglega að lausn verkefna. Hjúkrunarfræðingar hafa hingað til ekki starfað á ábyrgð lækna. Einnig má nefna að í samningnum er hvergi minnst á ljósmæður og hver á þá að sinna mæðraverndinni?

Þessi samningur milli heilbrigðisráðherra og Læknafélagsins er hjúkrunarfræðingum heilsugæslustöðva mikið áhyggjuefni. Í honum er heilsuverndin ekki metin að verðleikum og hætta er á að uppbygging hennar og framgangur verði ekki sem skyldi. Undanfarin ár hafa hjúkrunarfræðingar í heilsugæslu unnið ötullega að því að samræma aðgerðir sem snúa að gæðum og skilvirkni í heilsuverndinni. Þar má nefna mikla uppbyggingu og samræmingu í heilsueflingu skólabarna á landsvísu, ungbarnaverndin er að taka miklum breytingum og mæðraverndin hefur verið efld til muna á hverri heilsugæslustöð. Ætla má að þessir þættir falli vel að framsækinni heilsustefnu núverandi ráðherra. Þetta vilja hjúkrunarfræðingar og ljósmæður í heilsugæslu standa vörð um og fá metið að verðleikum.

Ef ný rekstrarform er það sem koma skal í heilsugæslunni verður að gæta þess að taka tillit til allra þátta. Til að geta áfram staðið vörð um heilsuverndina skorum við á ráðherra að semja við hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu um að leiða heilsuverndina og tryggja þannig faglega uppbyggingu hennar með þarfir notenda að leiðarljósi og um leið styrkja stöðu þeirra hjúkrunarfræðinga sem sérhæfa sig í heilsuvernd Íslendinga, þjóðinni til heilla.

*Höfundur er framkvæmdastjóri hjúkrunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.*

# Vitlaus misskilningur?

**UMRÆÐAN**
Þorgrímur Gestsson svarar Höskuldi Þórhallssyni

Já, vissulega erum við Þórhallur Höskuldsson alþingismaður lentir í undarlegri ritdeilu, eins og hann skrifar í Fréttablaðinu fimmtudaginn 25. júlí.

Hún er undarleg vegna þess að hún snýst ekki um aðalatriði fyrstu greinar minnar, sem er að engin „þjóðarsátt“ varð um að gera RÚV að opinberu hutafélagi eða hlutafélagi yfirleitt. Þvert á móti var það ákaflega umdeilt.



ÞORGRÍMUR GESTSSON

Í öðru lagi sagði ég að rekstrarformið hefði ekkert með afkomu RÚV að gera – þar af leiðandi kenndi ég því ekki um ástandið á RÚV nú. Hins vegar sagði ég að „kosturinn“ við hlutafélagaformið væri að það gerði mögulegan niðurskurð og samdrátt í stað þess að forsenda ríkisútvarps, almannaútvarps, er að haldið sé úti viðunandi dagskrá.

En hvort tveggja rekstrarformið krefst þess sama: Að stjórnvöld tryggi RÚV nægilegt rekstrarfé. Já, þar held ég að Sjálfstæðisflokkurinn hafi svikið og Samfylkingin sé í hlutverki Brútusar í þessu máli. Þar erum við Þórhallur sammála en ég áskil mér fyllsta rétt til að hafa þá skoðun að Framsóknarflokkurinn hafi svikið RÚV í tryggðum eftir margar stuðningsyfirlýsingar við stofnunina, þegar þingmenn hans greiddu atkvæði með núverandi lögum.

Kannski get ég fallist á það, svona að lokum, að Þórhallur Höskuldsson hafi misskilið mig vitlaust.

*Höfundur er formaður Hollvinasamtaka RÚV.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


MEGAS & SENUÞJÓFARNIR Á MORGUN




1. HAGAVAGNINN – *Jónas Jónasson - Ragnar Jóhannesson*
2. LITLA STÚLKAN – *Steingrímur Sigfússon*
3. FRÆNDI ÞEGAR FIÐLAN ÞEGIR – *Pjetur Sigurðsson - Halldór Laxness*
4. FORNT ÁSTARLJÓÐ ENSKT – *Erlent lag, útsetning Megas - Halldór Laxness / Ben Jonsson*
5. BRÚNALJÓSIN BRÚNU – *Jenni Jónsson*
6. ÞÓRSMERKURLJÓÐ – *Erlent lag – Sigurður Þórarinsson*
7. Á MORGUN – *Ingibjörg Þorbergs*
8. JÁTNING – *Sigfús Halldórsson – Tómas Guðmundsson*
9. ÆSKUMINNING – *Ágúst Pétursson – Jenni Jónsson*
10. MANSTU GAMLA DAGA – *Alfreð Clausen – Kristín Clausen*
11. ÞÓRÐUR KAKALI – *Erlent lag, útsetning Megas – Hannes Hafstein / Björn Blöndal*
12. SELJA LITLA – *Jón Jónsson frá Hvanná – Guðmundur Ingi Kristjánsson*
13. STÍNA Ó STÍNA – *Árni Ísleifs – Aðalsteinn Aðalsteinsson*
14. HVERT ÖRSTUTT SPOR – *Jón Nordal – Halldór Laxness*
15. ÞEGAR HNÍGUR HÚM AÐ ÞORRA – *Erlent lag, útsetning Megas – Hannes Hafstein*
16. VALS MODERATO – *Magnús Pétursson*

KOMIN Í VERSLANIR!

sena
okkar heimur // þín skemmtun

**J. K. ROWLING RITHÖFUNDUR ER 43 ÁRA.**

*„Í sannleika sagt trúi ég ekki á galdra.“*

***J.K. Rowling er höfundur hinna geysivinsælu bóka um töframanninn unga, Harry Potter, sem selst hafa í meira en hálfum milljarði eintaka.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 31 JÚLÍ 1954**

## *Toppnum á K2 náð*



K2 er næsthæsta fjall heims. Fjallið er í Himalaja-fjallgarðinum sem stendur á landamærum Kína og Pakistan. Fjallið er 8.611 metra hátt og þykir það erfiðara að komast upp á tindinn en að fara upp á Everest.

Þennan dag árið 1954 tókst í fyrsta skipti að komast á topp fjallsins. Margir höfðu reynt áður en þurft frá að hverfa og því þótti það mikið afrek er hópur, sem leiddur var af Ítalanum Ardito Desio, komst loks alla leið.

Erfitt er að segja til um hvaða einstaklingur steig fyrstur á toppinn en heiðurinn skiptist líklega á milli tveggja leiðangursmanna, Linos Lacedelli og Achilles Compagnoni.

Hlíðar K2 eru mjög brattar og hafa margir látið lífið í þeim. Veðrið er mjög breytilegt á fjallinu og hefur það oft kostað fjallgöngugarpa lífið. Afrek Ítalanna er stórbrotið, sérstaklega þegar litið er til þess að allur búnaður til fjallaklifurs var mun frumstæðari en hann er í dag.

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lára Kristjana Hannesdóttir**

Hrafnistu, Hafnarfirði,

sem lést 23. júlí síðastliðinn, verður jarðsungin í Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 5. ágúst kl. 13.

**Aðalheiður Halldórsdóttir** — **Valdimar Jónsson**
**Hannes Einar Halldórsson** — **Kristín Valgerður Ólafsdóttir**
**Gunnar Sigurður Halldórsson** — **Guðrún Ingvarsdóttir**
**Garðar Friðfinnsson** — **Hulda Sigurðardóttir**
**Rut Friðfinnsdóttir** — **Tómas Sigurðsson**
**Björk Friðfinnsdóttir** — **Jón Óskar Hauksson**
**Viðar Már Friðfinnsson**

---



*Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Lárus Arnar Kristinsson**

fyrrverandi sjúkraflutninga- og slökkviliðsmaður, Hátúni 23, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 28. júlí. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 6. ágúst kl. 14.

**Kristín Rut Jóhannsdóttir**
**Jóhann Kristinn Lárusson** — **Kolbrún Kristinsdóttir**
**Hafsteinn Lárusson** — **Halla Benediktsdóttir**
**Sigvaldi Arnar Lárusson** — **Berglind Kristjánsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Ásthildur Guðmundsdóttir**

síðast til heimilis að Maríubakka 20 Reykjavík,

lést þann 22. júlí síðastliðinn á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

**Guðmundur Karlsson**
**Margrét Guðrún Karlsdóttir** — **Indriði Kristinsson**
**Torfi Karl Karlsson** — **Margrét Þráinsdóttir**
**Þorbjörg Karlsdóttir** — **Hreggviður Sigurðsson**
**Ágústa S. Karlsdóttir** — **Jón Guðmundsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

*Eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdasonur og bróðir,*

**Karl Ómar Clausen**

Nesvegi 45,

lést aðfaranótt 20. júlí á Líknardeild Landspítalans. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Bára Jóhannesdóttir**
**Brynjar Pétur Clausen**
**Guðfinna Magnea Clausen**
**Kristján Clausen**
**Jens Pétur Clausen** — **Marsibil Jóna Tómasdóttir**
**tengdaforeldar, systkin og aðrir aðstandendur.**

---

**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**

Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Óskars K. Júlíussonar**

húsasmíðameistara, Álfheimum 7 Reykjavík.

**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
**Gunnar S. Óskarsson** — **Guðfinna Finnsdóttir**
**Kristjana Óskarsdóttir** — **Magnús Tryggvason**
**Ingi Óskarsson** — **Þóranna Tryggvadóttir**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hjálpsemi og vinsemd við andlát, minningarathöfn og útför ástkærs föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Indriða Indriðasonar**

ættfræðings og rithöfundar, frá Fjalli.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Dvalarheimilinu Hvammi fyrir þeirra umhyggju og einstaka virðingu sem þau sýndu honum.

**Indriði Indriðason**
**Ljótunn Indriðadóttir**
**Sólveig Indriðadóttir** — **Björn Sverrisson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



*Elsku hjartans drengurinn okkar, bróðir, barnabarn og frændi,*

**Bjarni Páll Kristjánsson**

Ægisíðu 107, Reykjavík,

sem lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 15. júlí, verður jarðsunginn frá Neskirkju fimmtudaginn 31. júlí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Styrktarsjóð skáta hjá Bandalagi íslenskra skáta.

**Kristján Geirsson** — **Droplaug Guðnadóttir**
**Anna Björk, Birkir, Baldvin**
**Anna Gísladóttir** — **Geir Kristjánsson**
**Ásta Ólafsdóttir** — **Guðni Þ. Valdimarsson**
**Margrét Geirsdóttir** — **Haukur K. Bragason**
**Guðrún A. Guðnadóttir** — **Sigurjón H. Hauksson**
**Valdimar Guðnason** — **Páll Guðnason**
**og fjölskyldur.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalbjörg Sigurðardóttir**

frá Hróarsstöðum, Víðilundi 24, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri aðfaranótt 21. júlí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 1. ágúst kl. 11.00.

**Hjörtur Hermannsson** — **Rannveig Gísladóttir**
**Svala Hermannsdóttir** — **Bárður Guðmundsson**
**Sigurður Hermannsson** — **Antonía Lýðsdóttir**
**Stefán Hermannsson**
**Brynjar Hermannsson** — **Sigríður Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**EKKERT STOPP** Jóhannes Larsen og fyrirtækið hans gefur ekkert undan á þessum síðustu og verstu tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**BROS:** FAGNAR 15 ÁRA STARFSAFMÆLI

# Brosum framan í kreppuna

Bræðurnir Friðrik og Jóhannes Larsen stofnuðu árið 1993 fyrirtækið Bros-boli sem sérhæfði sig í merkingum og sölu á bolum. Fyrirtækið fagnar 15 ára starfsafmæli sínu í ár en það hefur vaxið hratt frá fyrsta stundu.

„Ég stofnaði fyrirtækið ásamt bróður mínum en í upphafi vorum við í litlu húsnæði í Síðumúlanum. Bróðir minn kom með hugmyndina frá Bandaríkjunum en þar var hann í námi og ég var sjálfur að ljúka námi hérna heima. Við byrjuðum í bola- og silkiprentun og vorum í því í sjö ár en árið 2000 fórum við einnig út í að selja auglýsingavörur,“ segir Jóhannes sem hefur unnið við fyrirtækið frá stofnun þess. „Við vorum ekki hættir þar heldur keyptum við fyrirtækið Fjölprent árið 2003 og síðan þá höfum við verið að byggja fyrirtækið upp.“

Á síðasta ári flutti fyrirtækið í stórt 2.000 fermetra húsnæði upp í Grafarholti og á sama tíma var það sameinað Gjafaveri. „Á þessum tímapunkti vorum við komnir á þann stað með fyrirtækið þar sem við vildum vera,“ segir Jóhannes.

Hjá Bros starfa um tuttugu og sjö starfsmenn en fyrirtækið býður upp á fatnað, auglýsingar og gjafavörur.

„Í fyrra opnuðum við fyrirtæki í Bretlandi til þess að þjónusta öll útrásarfyrirtækin þar í landi. Allir þessir hlutir sem hafa blómstrað á síðustu árum, eins og að vera komnir til Bretlands, kaup á auglýsingastofu og flutningurinn í stærra húsnæði, er það sem ætlum að byggja á næstu árin,“ bætir Jóhannes við.

Árið 2006 fékk Bros gæðavottun samkvæmt ISO 9001:2000 staðlinum. Þessi vottun er mikil viðurkenning á því starfi sem unnið er í fyrirtækinu og er Bros fyrsta fyrirtækið á sínu sviði til að fá þessa gæðavottun.

Jóhannes segist bjartsýnn þegar talið berst að samdrættinum í samfélaginu og hefur hann þetta að segja:

„Eftirspurnin hefur auðvita minnkað og er það ekki bara hjá okkur. Við bíðum spennt eftir haustinu en þá er okkar besta vertíð og nær hún alveg fram að jólum.“

**mikael@frettabladid.is**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ragnhildur Kristín Sandholt**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 27. júlí.

**Jón Eiríksson**
**Eiríkur Jónsson** — **Ásthildur Björnsdóttir**
**Íris Jónsdóttir** — **Einar Sigurðsson**
**Atli Már Jónsson** — **Lilja Dagbjartsdóttir**
**og barnabörn.**

# ALLTAF BETRA VERÐ



## ACER 5620Z-2A

acer

15.4" SKJÁR

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.6GHz Intel Pentium<br>Dual Core með 1MB flýtiminni, |
| Minni | 2GB DDR2 667MHz<br>Auðvelt að stækka vinnsluminnið |
| Harður diskur | 120GB SATA harður diskur<br>hljóðlátur harðdiskur 5400RPM |
| Skrifari | 8xDVD±RW/DL skrifari<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15,4" WXGA WideScreen skjár<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 384MB Intel GMA X3100<br>2.0GHz DDR3 - 675MHz Kjarni |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum<br>Tengi fyrir heyrnartól og hljóðnema |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort<br>Acer InviLink og Acer SignalUp tækni |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| Stýrikerfi | Windows Vista Home Premium<br>Öruggara og öflugra |
| Annað | Aðeins 2.88KG að þyngd<br>B: 360 x D: 267 x H: 43mm |

**79.990**

FULLT VERÐ ~~89.990~~



15.4" SKJÁR

## ACER 5920G - 5A4

- 1.83GHz Intel Core 2 Duo örgjörvi
- 4GB DDR II vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM harður diskur
- 15.4" breiðtjaldsskjár 1280x800
- Hraður DVD ± skrifari
- 256MB Radeon HD 3470 skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

**119.990**



15.4" SKJÁR

## ACER 5920G - 604

- 2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi
- 4GB DDR II vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM harður diskur
- 15.4" breiðtjaldsskjár 1280x800
- Hraður DVD ± skrifari
- 512MB Geforce 9500 GS skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

**149.990**



ÁBYRGÐ 5 ÁR

WD Western Digital

## 500GB HARÐUR DISKUR

500GB Western Digital Special Edition SATA II harður diskur. Diskurinn er með 7200RPM snúningshraða og 16MB buffer. Gæða diskur með 5 ára ábyrgð!

**7.990**



## ICY BOX

**MARGMIÐLUNARSPILARI**

Icybox MP302 er magnaður margmiðlunarspilari frá RaidSonic. Spilarinn er einstaklega auðveldur í notkun og tekur allar stærðir 3.5" SATA harða diska.

ICYBOX

**12.990**



NÝTT

## SLINGBOX SOLO

sling MEDIA

Horfðu á íslenskt sjónvarp í útlöndum. Slingbox gerir þér kleift að horfa á sjónvarpið í tölvunni hvar og hvenær sem er yfir netið

**24.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | SELFOSS | KEFLAVÍK | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 | HLÍÐASMÁRA 10<br>S: 414 1760 |

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.



**Klappstóll sem kælir**
Þessi litli klappstóll er með litlu kæliboxi og passar í bakpokann. 400 krónur



**Kælitaska**
19 x 28 x 16 cm. Góð sem nestisbox í vinnuna, lautarferðina eða hvað sem er. 400 krónur



**Vasapeli**
Góður í veiðina eða ... 400 krónur



**Bocca sett**
Frábært í garðinn eða til að taka með í útileguna. 400 krónur



**Regnslá**
Ein stærð passar fyrir alla. 400 krónur

**TIGER**
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is


# STUÐ MILLI STRÍÐA Falinn fjarsjóður

**MIKAEL MARINÓ RIVERA** SKRIFAR UM RAGNAR SAMLOKUGERÐARMANN



Hér á landi má finna fagran lítinn bæ sem hefur mikla sérstöðu miðað við aðra bæi á landsbyggðinni. Í þessum bæ býr ungur maður sem heitir Ragnar. Allir þekkja Ragnar sem heljarmenni sem hikar ekki við að blása á málefni sem honum mislíka. Ragnar lumar á töktum sem engum öðrum í þessum bæ tekst að leika eftir og þar á ég við samlokugerð. Lengi hef ég heyrt talað um Ragnar og samlokugerð hans en hann stundar hana að nóttu til um helgar.

Fjölmargir bæjarbúar hafa notið þess að fá rjúkandi heita samloku eftir skemmtanahald. Samlokurnar er ástæðan fyrir því að fjölmargir flykkjast í kringum Ragnar þegar ljósin hafa verið kveikt og slökkt er á tónlistinni á skemmtistað bæjarins. Allir vilja komast í samlokuteiti hjá Ragnari en hann verður að fara ýmsar krókaleiðir heim til sín til þess að losna við skarann sem honum fylgir. Ýmis leyniorð og fingratákn fylgja Ragnari og samferðafólki hans á heimleiðinni, og er það gert til þess að losna við óboðna gesti.

Ég var spenntur að komast í kotið hans og fá eina af þessum frábærum samlokum. Í upphafi voru tuttugu manns í kringum Ragnar en aðeins átta fengu sæti við borðið hans og veislan hófst. Hver samlokan á fætur annarri kom rjúkandi á borðið og viðstaddir fengu tár í augun af hrifningu og ég var einn af þeim. Betri samloku hef ég ekki fengið eftir djamm og hvet ég alla sem hafa ekki smakkað samloku à la Ragnar að leita hann uppi. Ég ætla ekki að segja í hvaða bæ hann býr eða hvar hann er að finna því svona gimsteini er best að halda leyndum. En eina vísbendingin sem ég gef upp er frá Ragnari sjálfum en hann segist eiga heima í nafla alheimsins!

En hvaða landsbyggðarmaður segist ekki búa þar, gangi ykkur vel við leitina, gott fólk.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LAMBAKJOT.IS



# GRILLBRAGÐ
*- helgarinnar*



H:N markaðssamskipti / SÍA

**„Ég vil hafa það hollt og gott og auðvelt að elda. Að narta í ljúffengan bita af grillinu - þannig eru náttúrulega bestu helgarnar.“**

## Grillað lambalæri með jógúrtkryddlegi

Lambalæri, án lykilbeins og sagað eftir endilöngu (langsagað).

Veltið lambinu upp úr kryddleginum og geymið í kæli í 2 - 12 klst. Strjúkið megnið af kryddleginum af kjötinu og grillið á meðalheitu grilli í 25 - 30 mín. Snúið kjötinu reglulega.

### Jógúrtkryddlögur:

2 dl jógúrt, hreint • 2 hvítlauksgeirar, pressaðir • 2 msk engiferrót, smátt söxuð • 3 msk sítrónusafi
1 tsk kummin • 1 tsk kóríanderfræ, steytt • 1/2 tsk kardimommur, steyttar • 1/2 tsk salt
3 msk mynta, smátt söxuð. Setjið allt í skál og blandið vel saman.

Berið lambalærið fram með grilluðu grænmeti og bökuðum kartöflum.

25 - 30 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

*Lambakjöt* NÁTTÚRULEGA GOTT



**TEIKNING Í ÞRÍVÍDD** Verk eftir banda-ríska listamanninn Creighton Michael.

# Þrjár sýningar, fjórir listamenn

Hvorki meira né minna en þrjár nýjar sýningar verða opnaðar í StartArt listamannahúsi, Laugavegi 12b, í dag kl. 17. Um er að ræða sýningar listamannanna Creighton Michael, Magdalenu Margrétar og samsýningu þeirra Ingunnar Fjólu Ingþórsdóttur og Þórdísar Jóhannesdóttur.

Sýning Creightons Michael nefnist Bylgjulengdir. Á henni sýnir hann tví- og þrívíðar teikningar sem innblásnar eru af náttúru íslands. Í flestum verkum sínum leggur Michael fyrst og fremst áherslu á teikningu; hann vinnur með liti og þrykk og teiknar á pappír, auk þess sem hann býr til svokallaðar skúlptúrteikningar. Enn fremur má finna sterk áhrif frá ritun og letri í flestum verka hans og því er ekki fráleitt að varðveisla íslenskrar menningar í handritaformi hafi einnig haft sín áhrif á listsköpun hans. Um þessar mundir stendur einnig yfir sýning á verkum Creightons Michael í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, og því úr nægu að moða fyrir aðdáendur verka hans. Listamaðurinn sjálfur verður viðstaddur opnunina á verkum sínum í StartArt í dag.

Grafíklistakonan Magdalena Margrét Kjartansdóttir opnar sýninguna Svart List í forsal StartArt. Magdalena hefur starfað sem grafíklistamaður frá 1984 og vakið athygli fyrir stór verk þrykkt á pappír. Verkin sem hún sýnir nú eru svartar tréristur er fjalla um fórnina, eilífðina, endurfæðinguna og hringrásina sem tengir þetta saman.

Þriðja sýningin sem opnuð verður í dag nefnist Flökt og er í austur- og vestursal jarðhæðar StartArt. Á henni tefla þær Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir saman hugmyndum sínum á óhefðbundinn hátt með því að nota verk hvor annarrar sem efnivið í nýjar innsetningar. Sýningin virkar þannig sem sjónræn rannsókn sem taka mun breytingum daglega, en með henni vilja listakonurnar vekja upp spurningar er varða sjónmenningu, frumleika, höfundarrétt og traust og ferli sköpunar gagnvart hinu fullkláraða verki. **- vþ**

# Leiftur úr fortíðinni



**LEIKLIST**

**Ferðaleikhúsið sýnir Visions from the Past**

Höfundur og leikstjóri: Kristín G. Magnúss. Ljósmyndavinnsla og aðstoð við samningu: Magnús S. Halldórsson. Lýsing: Lárus Björnsson. Tækni: Jón Ívarsson. Ljós og myndbönd: Björn Elvar Sigmarsson.

★★

Geðfelld sýning byggð á endurminningum

Á hverju sumri gefst ferðamönnum tækifæri til að fara í alíslenskt leikhús þótt leikið sé á ensku. Kristín G. Magnúss hefur rekið Ferðaleikhús sitt allar götur frá 1965 er hún stofnaði það ásamt eiginmanni sínum Halldóri Snorrasyni.

Að líta yfir farinn veg er þemað í þessari sýningu sem frumsýnd var í Iðnó á fimmtudaginn var. Kristín raðar saman atburðum bernskunnar í Reykjavík sem eðlilega tengjast mjög þeim tíma er landið var hersetið, fyrst af Bretum og síðan Ameríkönum. Umgjörðin er eins og við séum í heimsókn hjá henni persónulega. Hún býður okkur velkomin að líta með sér til baka og fáum við tækifæri til þess að sjá kvikmynd sem ég efast um að nokkur í salnum hafi séð áður en það var mynd sem Kristínu tókst að fá frá herminjastofnun Bretlands, The Imperial War Museeum. Það voru myndskeið frá því að Bretarnir stigu hér fyrst á land og athyglisvert að sjá og heyra hvernig þeir upplifðu sjálfa sig og fólkið sem hér bjó. Það var verið að skipa upp timbri og öðru byggingarefni þar sem hér í þessu landi voru engin tré. Og það var svo sannarlega satt af myndunum að dæma.

Fyrir svo utan að það virtist á myndununum að Bretarnir hefðu komið hingað sem einhvers konar skemmtikraftar, fótboltafélagar og sumarfóstrur, því það voru heilu skararnir af krökkum sem eltu þá brosandi víðs vegar í Reykjavík. Vafalítið einhver sem þekkir sjálfan sig eða sína nánustu þar.

Milli þessara myndskeiða og fleiri mynda fléttar Kristín svo söguna um Kristínu litlu sem snemma byrjar að dansa og fer hún á kostum í hlutverki kvennanna í lífi hennar. O dear, o dear, slær hún sér á lær með skuplu og er svo ofuríslensk en þó með þennan fágaða breska hreim. Hún kynnir foreldra sína af mikilli hlýju og á skjánum birtast myndir af ýmsum húsum í Reykjavík. Henni til fulltingis á sviðinu eru tveir ungir leikarar þau Sandra Þórðardóttir og Ólafur Þór Jóhannesson. Sandra leikur Kristínu litlu tínandi blóm í sveitinni þar sem álfarnir hóa til hennar úr klettinum. Ólafur og Sandra hafa bæði góða nærveru og skýra framsögn en atriðin sem þau birtast í eru svo stutt að við fáum heldur lítil tækifæri til þess að sjá hvað í þeim býr.

Sýningin í heild spannar tuttugu áhrifarík ár í sögu Íslands og þar með lífi leikkonunnar og það vantar ekki dramatíska tóna eða litríkar myndir til þess að lýsa þessu landi sem alið hefur álfa og tröll og Djáknann frá Myrká. Kristín situr í huggulegu söguhorni til hægri á sviðsbrúninni og flettir doðranti og segir okkur þessa mögnuðu sögu um leið og stúlkan fer á fund elskhugans og þarf ekki að hafa fleiri orð um það því allir þekkja söguna en eins og hún birtist hér mun hún seint líða áhorfendum úr minni. Stórkarlalegur, hálf andlitslaus bröltir hann gegnum salinn og afskræmdur þeytist hann upp úr rauðlýstri lúgu á sviðsgólfinu. Upp um þá sömu lúgu og aðalleikkonan féll síðan afturábak niður um að frumsýningu lokinni og stórslasaðist.

Í salnum voru margir útlendingar en einnig mikið af íslenskum áhorfendum. Það var hlegið mikið og dátt, ekki minnst þegar gamla konan var að fá djáknann í gröfina og reka út drauga. Gerfi Kristínar í því atriði var óborganlegt. Hún nýtur sín einkar vel í gríni og glensi. Því miður léku þau oft svolítið innarlega á sviðinu sem kæfði nokkuð tal þeirra. Það sem einkenndi sýninguna í heild sinni var einlægni og leikgleði og alrómantísk sýn á landið með jöklana og norðurljósin, huldufólkið og björtu næturnar.

Það var skelfilegt að verða vitni að þessu slysi í lokin og vonandi jafnar leikkonan sig að fullu. Þessi sýning á svo sannarlega eftir að falla mörgum vel í geð og alls ekki úr vegi að sýna hana einnig á íslensku fyrir þá áhorfendur sem voru þessi börn er birtust í kvikmynd Bretanna.

**Elísabet Brekkan**







...TVÆR ÁSTÆÐUR FYRIR (BRAGÐ)GÓÐRI VERSLUNARMANNAHELGI



# Hreindýra-tvenna

5.490 kr. kg

Fullt verð 9.290 kr. kg



## Dýrindis meðlæti!

Ekki má gleyma því sem við á að éta og minnum við því á dýrindis meðlæti í verslunum okkar. Nú er upplagt að kippa með okkar víðfrægu forbökuðu kartöflum sem einungis þarf að hita og steinliggja með steikinni um verslunarmannahelgina. Einnig er rétt að minna á okkar sérlöguðu sósur, jafnt heitar sem kaldar.

Góða skemmtun!



# 1. flokks Humar í lausu!

2.990 kr. kg

Fullt verð 4.211 kr. kg




## Verslunarmanna-helgarveðrið

Blíða alla helgina og kjörið að grilla!
Spá f. föstud. 01.08. 2008 (vísir.is 30.07. kl. 14:45)

**Á HÖFUÐB.SVÆÐINU:** GRENSÁSVEGI • BÚÐARKÓR • DALVEGI HAMRABORG • HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI HÁALEITISBRAUT • TJARNARVÖLLUM • BITRUHÁLSI

**Á AKRANESI:** ÆGISBRAUT 29

**Í REYKJANESBÆ:** VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM

**Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar**
– virka daga 11:00 – 18:30
– laugardaga 11:00 – 17:00 (lokað á Akranesi)

(Auglýsingin gildir í dag fimmtudag, föstudag og laugardag.)



800 5555
Alla daga
frá 10 til 22


Linde Gas AGA


# bíó

bio@frettabladid.is

### > BOND-LAGIÐ TIL

Titillag næstu Bond-myndar, Quantum of Solace, er tilbúið. Það samdi Jack White úr The White Stripes og hann syngur það ásamt sálarsöngkonunni Aliciu Keys. Þetta verður fyrsti dúettinn í sögu Bond-laga. Í nýju myndinni, sem frumsýna á í nóvember, leikur Daniel Craig njósnarann í annað sinn.



## Óði hattarinn Johnny Depp?



Orðrómur er um að Johnny Depp eigi að leika Óða hattarann í útgáfu Tim Burton af ævintýrinu sívinsæla, Lísu í Undralandi. Það myndi þá vera í sjöunda skipti sem leikarinn starfar með Tim Burton. Orðrómurinn hefur ekki verið staðfestur en það þykir styðja grun manna að innanbúðarmenn hjá Pinewood Studios, þar sem myndin verður tekin upp, hafa heyrst pískra um málið. Þar voru seinustu myndir Tim Burton, Sweeney Todd og Charlie and the Chocolate Factory, teknar upp. Disney, framleiðendur myndarinnar, hafa hvorki neitað né staðfest sögusagnirnar.

Mia Wasikowska, ung áströlsk leikkona, hefur verið ráðin í hlutverk Lísu. Verður þetta með fyrstu stóru hlutverkum hennar í Hollywood. Aðrir leikarar hafa ekki verið staðfestir. Grunntökur á Lísu í Undralandi hefjast í nóvember, en Disney hyggst senda myndina frá sér árið 2010 í 3-D gæðum.

**ÓÐUR HATTARI?** Johnny Depp finnst gaman að vinna með Tim Burton og vera með hatta.
MYND/GHETTYNORTHAMERICA



**DVERGAGRÍN** Verne Troyer tekur á móti Mike Myers og félögum.

# Vélmennið og gúrúinn

**Í þessari viku eru tvær myndir frumsýndar, nýjasta myndin frá teiknimyndaverinu Pixar um vélmennið WALL-E, og gamanmyndin The Love Guru með Mike Myers.**

Frumsýningarmyndirnar hafa vægast sagt fengið misgóðar móttökur. Á meðan gagnrýnendur keppast við að hlaða WALL-E lofi, er The Love Guru rifin niður og jafnvel sögð versta gamanmynd ársins.

### Vélmenni sem allir elska

Vélmennið WALL-E virðist við fyrstu sýn vera teiknuð samsuða af umrenningi Chaplins, Mr. Bean og E.T. Hann er aðalsöguhetjan í nýjustu mynd snillinganna hjá teiknimyndaverinu Pixar, sem hafa fært okkur myndir eins og Toy Story, Cars og The Incredibles.

Myndin gerist í framtíðinni. Þegar mannkynið yfirgaf jörðina var WALL-E skilinn einn eftir til að taka til. Í hundruð einmanalegra ára hefur hann staðið í ströngu við tiltektir en líf hans tekur stórum breytingum þegar leitarvélmennið EVE birtist utan úr geimnum. WALL-E verður ástfanginn en EVE uppgötvar að WALL-E hefur óvart rekist á lykilinn að framtíð jarðarinnar. Mannkynið hefur lengi beðið eftir fregnum af því að óhætt sé að snúa heim svo EVE flýtir sér með fréttirnar út í geim. WALL-E eltir EVE og æsilegt ævintýri er í uppsiglingu þar sem gælukakkalakkar og bilað vélmannagengi kemur við sögu.

Leikstjóri og handritshöfundur WALL-E er Andrew Stanton sem einnig gerði Finding Nemo og A Bug's Life. Hann er einn af elstu starfsmönnum Pixar-versins, hefur unnið þar síðan 1990. Myndin hefur fengið frábæra dóma og gagnrýnendur spyrja unnvörpum hvernig sé eiginlega hægt annað en að elska þetta sniðuga vélmenni.



**ÆSISPENNANDI FRAMTÍÐARÆVINTÝRI** Wall-E og EVE í nýjustu mynd Pixar versins.

Þó að myndin sé að mestu án mikilvægra samtala er hún bæði sýnd á ensku og íslensku. Þau Atli Rafn Sigurðarson og Inga María Valdimarsdóttir tala fyrir Wall-E og EVE og munu aðallega hafa þurft að segja nafn hvort annars með mismunandi áherslum. Júlíus Agnarson upptökustjóri setti svo raddir þeirra í gegnum tölvuna og gerði þau „vélmannaleg".

### Lærimeistari ástarinnar

Mike Myers hefur gert góða hluti í gríninu eins og frábærir taktar hans í myndum eins og Austin Powers- og Waynes World-myndunum sanna. Síðast sást hann þrælmeikaður sem kötturinn í The Cat in the Hat, en hann hefur einnig talað sem aðalsöguhetjan í Shrek-teiknimyndunum. Nýrrar leikinnar myndar hefur því verið beðið með nokkurri eftirvæntingu.

Mike skrifaði handritið að The Love Guru ásamt Graham Gordy. Leikstjóri er Marco Schnabel og þetta er hans fyrsta mynd. Myndin, sem gerir góðlátlegt grín að Bollywood-myndunum svokölluðu, fjallar um Pitka (Mike Myers). Pitka er Bandaríkjamaður sem var alinn upp á Indlandi af gúrúum (lærimeisturum). Pitka flytur til Bandaríkjanna og leitar þar að frægð og frama í heimi sjálfshjálpar og andlegrar viðleitni. Ýmsir koma við sögu á þeirri leið, meðal annarra Jessica Alba, Justin Timberlake og dvergurinn Verne Troyer, sem varð heimsfrægur með Mike Myers sem Mini me.

Þrátt fyrir góðan ásetning þykir Mike Myers almennt hafa tekist fremur illa upp við að gera grín að Bollywood og hinum andlega heimi í Bandaríkjunum. Gúrúinn Pitka er fyrsti nýi karakterinn sem Mike býður upp á síðan Austin Powers kom fram. Kannski er Mike farinn að ryðga, hann þykir að minnsta kosti klikka á tímasetningum í gríninu. Það er örmjór þráður á milli fyndni og heimsku og Mike þykir í þessari mynd hafa týnt þeim þræði.

### DÓMAR NETMIÐLA

**Wall-E**
IMDB: 8.8/10
Metacritic: 93/100
Rotten Tomatoes: 96/100

**The Love Guru**
IMDB: 3.5/10
Metacritic: 24/100
Rotten Tomatoes: 15/100



**SÉRFRÆÐINGUR Í SKRÍMSLUM** Del Toro tekur að sér meiri hrylling.

## Fleiri skrímsli frá del Toro

**Guillermo del Toro, leikstjóri og framleiðandi mynda eins og Hellboy, Laberinto del fauno, eða Pan's Labyrinth, og The Orphanage hefur tekið að sér að framleiða endurgerð hryllingssjónvarpsmyndarinnar Don't Be Afraid of the Dark. Teiknimyndahöfundurinn og teiknarinn Troy Nixey leikstýrir, en það er hans fyrsta leikstjórnarverkefni. „Það hefur alltaf verið draumur minn að vinna með Guillermo, hann er uppáhalds kvikmyndagerðarmaðurinn minn," sagði Nixey.**

**Don't Be Afraid of the Dark fjallar um litla stelpu sem er send til föður síns og nýrrar kærustu hans. Þar finnur hún undarlegar verur undir stiganum og brátt reyna þær hvað þær geta að draga hana inn í myrkrið. Miðað við stíl del Toro má búast við verum sem eru engum öðrum líkar, líkt og „handaskrímslið" í Laberinto del fauno. Myndin hefur áður verið gerð undir nafninu Nightmare. Framleiðsla nýju myndarinnar er á byrjunarstigi og gætu því fleiri framleiðendur bæst í hópinn.**



**ILLT BLÓÐ** Voldemort þegar hann var ungur.

## Myndir birtar úr nýjustu Harry Potter

**Myndir úr nýjustu Harry Potter-myndinni, Harry Potter og Blendingsprinsinn, hafa verið vinsælar seinustu daga á netinu. Augljóst er að myndirnar verða sífellt dekkri og má búast við enn kuldalegri heimi í næstseinustu myndinni. Hinn ungi Voldemort, sem leikinn er af frænda Ralphs Fiennes, hefur vakið sérstaka athygli. Minningar hins myrka herra eru í brennidepli og lærir Harry margt um manninn með hjálp Dumbledore.**



**GLÆSILEGUR** Bestu hliðar Dumbledore koma í ljós.

# Hagkaup býður

*Mesta vörúrvalið*

OPIÐ til 20 alla daga










## Yfir 50 tegundir af BBQ sósum í Hagkaupum




Gildir til 03. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*



> **PÖNNUKÖKUR...**

...eru góðar upp á gamla mátann, en prófaðu líka að snæða þær að austurlenskum sið. Fylltu þær með bananasneiðum, dreyptu hunangi yfir og kreistu að lokum dálítinn limesafa yfir herlegheitin – þá verða þær bæði sætar og frískandi.

**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN BIRGIR ÖRN STEINARSSON TÓNLISTARMAÐUR

# *Fór á blindra-veitingahús í Berlín*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Sushi, indversks kjúklings og lambalæris.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Ætli það sé ekki sushi-ið á veitingastaðnum Kyoto í Soho í London. Það var svakalega sætur staður sem var rekinn af kóreskum hjónum og var í miklu uppáhaldi.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég hef aldrei komist upp á lagið með að borða þorramat nema af bráðri nauðsyn.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Ég hef lært heilmikið af konunni minni, helst að einfaldir hlutir geta gert kraftaverk. Til dæmis bara að setja jarðarber og mangó í venjuleg salöt.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Það fer alveg eftir því hvers vegna mér líður illa. Hamborgari ef það er þynnka, nammi ef ég er eitthvað andlaus en ef ég er í góðu jafnvægi þá finnst mér best að sjóða grænt te og drekka mikinn ávaxtasafa.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Ávaxtasafa, drykkjarjógúrt og yfirleitt kók.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Veiðistöng og nóg af veiðiflugum. Veiðihníf, fullt af BBQ sósu, rommi, i-pod spilara og úrvals græjum. Já, og sjálftrekkjandi vasaljós eins og maður getur keypt í Tiger.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Ég fór einu sinni á blindraveitingahús í Berlín. Salurinn var í algjöru myrkri og þjónarnir voru allir blindir. Til þess að fá afgreiðslu þurfti maður að kalla sérstaklega á þjóninn, sem birtist þá bara upp úr engu við hliðina á manni. Ég valdi mér máltíð þar sem ég vissi ekki hvað ég var að borða. Það bragðaðist einhvern veginn allt eins og kjúklingur, nema hvað kjötið var þurrara og seigara. Eftir á var okkur sagt að við hefðum verið að borða krókódíl og stork.



**HRÍSGRJÓNANÚÐLUR** Köld núðlusalöt eru matarmikil og góð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Góð núðlusalöt

Salöt eru tilvalin þegar maginn ásælist léttan kvöldverð. Ef kál og grænmeti dugar ekki til er hins vegar ágætt að búa til núðlusalat, sem er töluvert matarmeira. Þetta hrísgrjónanúðlusalat er bæði gott og skemmtileg tilbreyting fyrir bragðlaukana.

**Núðlusalat með laxi fyrir fjóra**

200 g hrísgrjónanúðlur
200 g reyktur lax
2 vorlaukar
1 mangó
½ gúrka
200 g snöggsoðinn aspas
1 avókadó
1 búnt kóríander
1 msk. ristuð sesamfræ
Salt og pipar
Dressing:
4 msk. sesamolía
Safi úr einu lime
1 tsk. fínt saxaður, kjarnhreinsaður chillí
½ tsk. hunang
Salt eftir smekk

*Brjótið núðlurnar niður í plastpoka, eldið samkvæmt leiðbeiningum. Skolið í köldu vatni og kreistið vökvann úr. Skerið lax í ræmur og lauk í bita. Afhýðið mangó og skerið í bita, skerið gúrkuna í ræmur með ostaskera. Snöggsjóðið aspasinn, fjarlægið neðsta hlutann, skolið í köldu vatni og skerið í bita. Hrærið saman dressinguna. Blandið saman núðlum, laxi og grænmeti í skál, hrærið dressingu saman við og kryddið eftir smekk. Setjið á disk og skreytið með avókadó, kóríander og sexamfræjum. Berið fram með lime-bátum, sesamolíu og sojasósu.*


**Ítalía**

**3. og 10. ágúst**

**frá kr. 19.990**

***Örfá sæti laus!***

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Trieste á Ítalíu 3. og 10. ágúst. Þú velur hvort þú leggur Ítalíu að fótum þér, kíkir til Króatíu eða heimsækir Slóveníu.

Verð kr. **19.990** Flugsæti til Trieste (Keflavík - Trieste) með sköttum, 3. eða 10. ágúst. Netverð á mann.

Verð kr. **29.990** Flugsæti báðar leiðir til Trieste með sköttum 3. - 10. ágúst. Netverð á mann.

**Heimsferðir**

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Saltkjötið í uppáhaldi

**Söngkonan Kenya Emilíudóttir segist ekki vera mikill kokkur en hefur gaman af að elda ömmumat.**



**ELDAR OFTAST Í MIÐRI VIKU** Kenya vinnur mikið um helgar og segir miðvikudagskvöld því oft vera eins og laugardagskvöld fyrir hana og kærastann, en þá eldar hún gjarnan læri, kótelettur eða saltkjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég er ekki mikill kokkur, en hef mjög gaman af góðum mat og er svo heppin að bæði mamma mín og systir eru listakokkar," segir söngkonan Kenya Emilíudóttir sem var í óðaönn að undirbúa sig fyrir tónleika þegar blaðamaður náði tali af henni, en í kvöld kemur hún fram ásamt hljómsveit sinni á Café Oliver klukkan tíu.

„Ég gef mér ekki mikinn tíma til að elda og er mjög sátt við að borða bara hafragraut, túnfisksamlokur og ávexti," bætir hún við og hlær. „Ég er rosalega mikill sælkeri og er miklu betri í að baka en elda mat. Ég baka til dæmis brauð, pitsu eða hjónabandssælu og kann að gera rosalega góða ostaköku. Hún er samt svo fitandi að ég geri hana bara svona einu sinni á ári, en þegar ég elda finnst mér gaman að búa til svona „ömmumat" eins og læri, kótelettur og saltkjöt. Það er þá helst í miðri viku sem ég elda því ég vinn mikið um helgar, svo miðvikudagskvöld eru svolítið eins og laugardagskvöld hjá mér og kærastanum mínum," segir Kenya, en í næstu viku heldur hún til Noregs þar sem hún mun syngja ásamt hljómsveit sinni á djasshátíð þar í landi.

„Ef ég ætla að gera virkilega vel við mig fæ ég mér saltkjöt með rófustöppu og uppstúfi," útskýrir Kenya. Aðspurð segist hún þó ekki hafa alist upp við hefðbundinn íslenskan mat. „Við fluttum til Íslands frá Svíþjóð þegar ég var um sex ára gömul svo ég man fyrst eftir að hafa smakkað svona gamaldags íslenskan mat í kringum átta ára aldurinn. Mér finnst hann virkilega góður og borða meira að segja súrmatinn á þorranum, en ég hef aldrei vanist slátrinu," segir Kenya sem gaf okkur uppskrift að girnilegum kjúklingarétti.

„Ég reyni að öllu jöfnu að borða frekar holt og þá vill kjúklingur oft verða fyrir valinu. Ég fékk þessa uppskrift hjá Guðrúnu systir minni og finnst hún skemmtileg að því leytinu til að hún er frekar fljótgerð og það er erfitt að klúðra henni," segir Kenya að lokum.

alma@frettabladid.is

### Kjúklingur að hætti Guðrúnar systur (fyrir 4-6)

1 kjúklingur heill eða hlutaður
1 dós Campbells-sveppasúpa
1 haus brokkolí
karrý og kjúklingakrydd

**Aðferð:**

*Hlutið kjúklinginn ef keyptur er heill, bitarnir kryddaðir að vild og sveppasúpunni hellt yfir. Brytjið brokkolíið niður í hæfilega stóra bita og blandið öllu saman, helst með höndunum og setjið í eldfast mót. Bakað í ofni við 200°C í um það bil 40 mínútur eða þar til girnilega angan leggur um húsið, þá er mótið tekið út og ostasneiðum eða rifnum osti stráð yfir. Sett aftur inn í nokkrar mínútur þar til osturinn er gullinbrúnn.*

*Berið fram með fersku salati ásamt grænum vínberjum, melónubitum, hrísgrjónum og hvítlauksbrauði.*

# Fleira í boði en pipar og salt



**ENSKT OG GOTT** Sigríður Þorvarðardóttir segir enska appelsínumarmelaðið frá Dart Valley geysivinsælt, en í versluninni Pipar og salt kennir ýmissa grasa í krukkumatnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Með leiðangri í verslunina Pipar og salt á Klapparstíg má hæglega fylla búrið af alls kyns góðgæti. Þar er að finna ýmiss konar sultur, marmelaði, mauk og chutney til að gera góða máltíð enn betri.

„Sulturnar og marmelaðið frá Dart Valley Foods, sem eru merktar okkur sérstaklega, eru alvinsælust hjá okkur," segir Sigríður Þorvarðardóttir, sem á og rekur búðina ásamt eiginmanni sínum, Paul Newton. „Við erum meðal annars með ekta enskt appelsínumarmelaði í þremur grófleikum sem er mjög vinsælt hjá fastakúnnunum okkar," segir Sigríður og kímir. „Marmelaðið frá Dart Valley er allt gert úr Sevilla-appelsínum, sem eru ekki eins sætar og aðrar," útskýrir hún.

Þá er einnig hægt að kaupa hið hefðbundna enska myntuhlaup, eða mint jelly, Cumberland-sósu og trönuberjasósu í versluninni, að ógleymdu skoska Walters-kexinu sem er geysivinsælt hjá viðskiptavinum verslunarinnar.

„Svo erum við líka með alls kyns chutney sem eru sérstaklega vinsæl yfir sumartímann. Það nota þau margir með grilluðum mat. Mangó chutney selst allt árið, en svo erum við með Mediterranean chutney, ananas- og mangósalsa og chutney úr kúrbít og sólþurrkuðum tómötum," bendir Sigríður á.

Þeir sem girnast gómsætan krukkumat ættu því að leggja leið sína í Pipar og salt á Klapparstígnum, eða kíkja á heimasíðuna piparogsalt.is.

- sun

KJARNAFÆÐI

vörurnar fást í Bónus!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gleðilega verslunarmannahelgi!

## Einiberjakryddað lúxus lambalæri

frá Kjarnafæði,

**1.198 kr./kg.**

Merkt verð 1.998 kr./kg

40 % afsláttur

Mest selda lambalærið í Bónus!

## Lambalærissneiðar grill, 1. flokkur

frá Kjarnafæði

**1.918 kr./kg.**

Merkt verð 2.398 kr./kg

20 % afsláttur

Einungis úr miðlærinu!

allt & sumt

### Úrvals hamborgarar

120g - 10 stk./pk.
frá Kjarnafæði.

**1.489 kr./pk.**

100% íslenskt nautakjöt

### Kofareykt sveitabjúgu

frá Kjarnafæði.

**298 kr./kg.**

Merkt verð 398 kr./kg.

25 % afsláttur

### Hangiframpartur með beini

frá Kjarnafæði.

**679 kr./kg.**

Merkt verð 799 kr./kg.

15 % afsláttur

### Heimilispylsur

frá Kjarnafæði.

**476 kr./kg.**

Merkt verð 635 kr./kg.

25 % afsláttur

Bragðmiklar að norðan!

### Reyktar BBQ-grísakótilettur

frá Kjarnafæði.

**1.189 kr./kg.**

Merkt verð 1.698 kr./kg.

30 % afsláttur

BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

> **BONDDÚETT**



Alicia Keys og Jack White hafa tekið upp titillag nýju Bond-myndarinnar, Quantum of Solace. Þau eru þar með fyrsta parið til að takast verkefnið á hendur, en áður hefur listamönnum á borð við Tom Jones, Tinu Turner og Madonnu verið falið að syngja Bondlög. White lætur einnig til sín taka á trommum í laginu, sem hann samdi sjálfur.

# Fólk

folk@frettabladid.is

## Dönnuð stemning



Bogomil Font og Milljónamæringarnir spila á miðnæturtónleikum í Þrastalundi um verslunarmannahelgina, 1. og 2. ágúst. Boðið verður upp á karnivalstemningu í lundinum, sprell yfir daginn fyrir fjölskyldur, hlaðborð að hætti hússins og dansskemmtun fyrir fullorðna.

„Við verðum að spila þetta Milljónamæringaprógram, mambó djambó músík og íslenska slagara frá síðustu öld,“ segir Sigtryggur Baldursson, betur þekktur sem Bogomil Font. „Við erum með slatta af íslenskum slögurum, sjarmerandi íslenska gullaldarmúsík. Þetta er ekki beinlínis hugsað sem sveitaball heldur meira sem tónleikar. Við erum að stíla á þessa gríðarstóru sumarbústaðabyggð sem er þarna allt í kring. Meiningin er að fólk geti komið þarna og fengið sér drykk við lifandi tónlist, frekar en að eitthvað gargandi sveitaball. Annars ræðst þetta bara, það er oft erfitt að stjórna því. Þetta gæti leyst upp í eitthvert svakalegt partí þess vegna, maður bara veit það ekki.“ Sætaferðir verða um sumarbústaðasvæðið á klukkutíma fresti frá klukkan sex til klukkan fjögur um nóttina. **- kbs**

## Rhys í rugli

Leikarinn og fyrrverandi kærasti Siennu Miller, Rhys Ifans, sást með nýja dömu upp á arminn um helgina. Sú er engin önnur en Kimberly Stewart, dóttir rokkarans Rod Stewart.

Þau Rhys og Kimberly hittust á skemmtistaðnum vinsæla Bungalow 8 og að sögn sjónarvotta voru þau mjög upptekin af hvort öðru allt kvöldið. Parið sást svo snemma á þriðjudagsmorgni þar sem þau voru á leið í síðbúin morgunverð.

Kimberly og Jude Law stungu saman nefjum stuttu eftir sambandsslit Judes við Siennu og nú virðist sem Kimberly hafi nælt sér í annan fyrrverandi Siennu.

## Komin úr meðferð



Það virðist vera áhættusamt fyrir stjörnurnar að opna sig meðan á meðferð stendur þar sem þær eiga það alltaf á hættu að aðrir sjúklingar fari að meðferð lokinni og selji sögur þeirra til slúðurtímarita. Melrose Place-leikkonan Heather Locklear lauk sinni meðferð fyrir stuttu og hefur nú einn sjúklingur deilt sögu hennar með heiminum. Samkvæmt honum eignaðist leikkonan fjölda vina innan veggja meðferðarheimilisins og var mjög jarðbundin og hlýleg. Hún eyddi mörgum stundum í reiðmennsku og vann að hljómplötu. Fyrrverandi eiginmaður leikkonunnar, Richie Sambora, hringdi til hennar daglega en hann hefur sjálfur átt við áfengisvandamál að stríða og lokið nokkrum meðferðum. Heimildarmaðurinn vildi einnig halda því fram að Heather væri á leið upp að altarinu með núverandi kærasta sínum og fyrrum samleikara úr Melrose Place, Jack Wagner.








**HUGAÐ AÐ BJÖRGUNARVESTUM** Björn Jörundur með sitt vesti á hreinu, og hefur annað til fyrir Valla sport meðan Siggi Hlö lengir í sínum ólum.

# Skemmtisigling í sólinni

**Björn Jörundur bauð samstarfsfólki sínu á auglýsingastofunni Pipar í skemmtisiglingu í sólinni í gær en þar fara náttúrulega fremstir þeir Siggi Hlö og Valli Sport, sem jafnframt eiga glæsiskútuna sem Björn ætlar að keppa á í komandi Íslandsmóti í siglingum.**

Veðrið í gær var lamandi gott og hvað er þá betra en bregða sér í skemmtisiglingu og láta frísklega hafgoluna leika um vanga? Björn Jörundur á, í félagi við nokkra aðra, glæsiskútuna Aquarius. Og starfsmenn auglýsingastofunnar Pipars, þar sem þeir fara fyrir fríðum flokki Siggi Hlö og Valli Sport, fóru með kapteini Birni Jörundi út fyrir hafnarbakkann um hádegisbil í gær. **- jbg**



**BJÖRN JÖRUNDUR OG AQUARIUS** Fréttablaðið upplýsti á dögunum að Björn hefur siglt frá barnsaldri og ætlar sér að sigra í komandi Íslandsmóti í siglingum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Mörgum hættir við að bruna framhjá markverðum stöðum og aldrei að vita hverju þú missir af ef farið er um í óðagoti.

Ferðumst um landið – en förum okkur hægt og komum heil heim.

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA 9080339



**Á LEIÐ TIL KÍNA** Atli Þór og Jói G. halda til Kína í næstu viku þar sem þeir skoða mannlífið í kringum Ólympíuleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Smakka á síkjaþörungum og æfa kungfú

**Leikararnir og útvarpsmennirnir Jói G. og Atli Þór fara á Ólympíuleikana í Kína í næstu viku. Þeir verða með hressar fréttir í útvarpi og sjónvarpi frá leikunum.**

Útvarpsmennirnir Jóhann G. Jóhannsson og Atli Þór Albertsson halda til Peking í næstu viku þar sem þeir ætla að flytja okkur sem heima sitjum fréttir af Ólympíuleikunum í Kína. Þeir félagar hafa vakið mikla athygli fyrir útvarpsþátt sinn, Frá A til J, á Rás 2 í vetur en þátturinn þótti gríðarlega skemmtilegur og fræðandi. Atli Þór og Jói munu láta íþróttamenn sjónvarpsins alfarið um íþróttaviðburðina en sjálfir ætla þeir að einbeita sér að mannlega þætti leikanna. „Þar sem leikarnir fara fram í Peking ætti að vera úr nógu að taka og ætlum við að fylgjast með fólkinu í borginni, heimamönnum jafnt sem gestum, og fræðast um landið,“ segi Atli Þór, annar Pekingfaranna.

Þeir Atli og Jói munu ekki sitja auðum höndum úti í Kína en samhliða því að sinna eigin útvarpsþætti munu þeir vera með innslög og pistla í öðrum útvarpsþáttum sem og sjónvarpi. „Við verðum daglega með innslög í Popplandi á Rás 2 og í morgunútvarpinu þar sem við munum spjalla um það sem á daga okkar hefur drifið ásamt því að vera með pistla í Sjónvarpinu í kringum handboltaleiki íslenska landsliðsins. Við munum halda uppteknum hætti með pistlum okkar og halda áfram að fræða og skemmta hlustendum okkar.“

Atli segir að Kínverjar muni opna landið fyrir fjölmiðlum í kringum leikana og því sé um að gera að nýta tækifærið og kynnast landi og þjóð betur. „Við ætlum að reyna við allt það helsta í kínverskri menningu. Jói ætlar að prófa kungfú og ég ætla að borða skrítinn mat. Við höfum undirbúið okkur vel og erum búnir að horfa mikið á kínverskar kvikmyndir og borðum reglulega kínverskan mat. Svo höfum við að sjálfsögðu lesið okkur til um landið því það er ekki hægt að fara í svona stórt verkefni án góðs undirbúnings,“ segir Atli Þór að lokum.

sara@frettabladid.is

# Mugison of ljótur fyrir heimsfrægð

Seth Combs, gagnrýnandi hjá San Diego City Beat í Bandaríkjunum, vill meina að Mugison sé of ljótur og það sé helsta ástæða þess að hann sé ekki orðinn heimsfrægur. Hann ber saman Björk og Mugison í dómi um plötuna Mugiboogie sem nýkomin er út í Bandaríkjunum á vegum Ipecac-útgáfunnar. „Björk líkist álfadrottningu úr hugarheimi Tolkiens en Mugison líkist trölli, eða í besta falli hobbita,“ skrifar Seth. „Það er okkar vandamál að vera svona aum að falla bara fyrir fögrum andlitum.“

Seth er þó yfir sig hrifinn af plötunni og gefur henni 8, 9 af 10 mögulegum. „Þetta er besta platan hans. Á henni sameinar hann trega og frumlegar hljóðsamsetningar sem Björk myndi drepa fyrir,“ skrifar hann.



**HVAÐA VITLEYSA!?** Mugison er gullfallegur.



**ALLIR Á DANSGÓLFIÐ** Trevor Loveys þeytir skífum um helgina.

# Klúbbakvöld

**Trevor Loveys, einn þekktra plötusnúða hjá Ministry of Sound, klúbbnum og plötufyrirtækinu, spilar í Sjallanum, Akureyri á föstudagskvöld og á Tunglinu á laugardagskvöld. Hann er þekktastur fyrir að hafa verið hluti af tvíeykinu Switch sem hefur endurhljóðblandað fjölda laga, m.a. eftir Chemical Brothers og Róisin Murphy. Ásamt honum koma fram plötusnúðarnir Ghozt, Trix og Mr. Cuellar. Þeir dansþyrstu ættu því ekki að láta þetta framhjá sér fara um helgina, en 2.500 krónur kostar inn. Miðar eru seldir við dyrnar.**


HÖRKUSPENNANDI BÓK
með plotti sem gengur upp

„Frábær bók.“
*Sigmundur Ernir Rúnarsson / Stöð 2*

„Sennilega besta saga Árna til þessa.“
*Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga*

„Mæli hiklaust með henni.“
*Katrín Jakobsdóttir / Mannamál, Stöð 2*







TILBOÐSVERÐ
1.490
TILBOÐSVERÐ

*DAUÐI TRÚÐSINS* ER HÁDEGISLEIKRIT RÁSAR 2

eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872








Hofsós í Skagafirði er heillandi kauptún sem lætur lítið yfir sér.
Þú beygir af hringveginum við Varmahlíð, eða kemur við á leið
þinni utan af Tröllaskaga.

www.ferdalag.is

UMFERÐARSTOFA
Ferðamálastofa
www.ferdalag.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE LOVE GURU LÚXUS | kl. 8 - 10 | 12 |
| WALL-E ÍSL. TAL | kl. 3.30D - 5.45D | L |
| WALL-E LÚXUS ÍSL. TAL | kl. 3.30D - 5.45D | L |
| THE STRANGERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8D - 10.30D | L |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl. 3.45D - 5.50D | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MEET DAVE | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 10.10 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 6 - 9 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 10.10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| WALL–E | kl. 4 og 6.10 | L |
| THE DARK KNIGHT | kl. 7 og 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 4, 8 og 10.10 | L |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

SAMbio.is SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | VIP |
| WALL-E m/ísl. tali DIGITAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| WALL-E m/ensku tali DIGITAL | kl. 1:30 -3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 2 - 5:50 - 8:20 | L |
| DECEPTION | kl. 11:10 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 8 | L |
| WANTED | kl. 11:10 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 DIGITAL | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - (11:10 Power) | 12 |
| DECEPTION | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |
| HELLBOY 2 | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| DECEPTION | kl. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:45 | L |
| LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 11 | 12 |

UPPSELT ÖRFÁ SÆTI


# Þetta er bara músik

Ómar Guðjónsson, yngri bróðir saxófónleikarans Óskars, hefur gefið út aðra plötuna sína, Fram af.

„Á fyrstu plötunni var saxófónninn hjá Óskari í forgrunni en nú hef ég losnað við hækjuna og gítarinn er orðinn aðalröddin,“ segir Ómar. Hann hefur komið víða við og segist vera djassisti sem vill vera poppstjarna. „Maður hefur köllun og músiklegar þarfir sem þarf að fullnægja. Ég söng í hljómsveitinni Ebeneser á sínum tíma. Við tókum þátt í Músiktilraunum og komumst í úrslit og allt. Bakgrunnurinn hjá mér er Hendrix og Led Zeppelin og slík tónlist, en í djassinum fann ég að ég mátti gera hvað sem er. Maður gat tjáð sig frá A-Ö í lögunum. Það voru engar hömlur. Því meira sem ég kemst út fyrir rammann því betur líður mér.“

Ómar segist tjá sig með gítarnum í stað þess að reyna að tjá sig í söng. Hann segir þó að allt geti gerst: „Ég gæti þess vegna verið farinn að syngja með rokkbandi eftir fimm ár.“

Fram af er tríóplata. Með Ómari spila þeir Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur. Platan var tekin upp í Heita pottinum í mars. „Ég lít ekki á þetta sem djassplötu,“ segir Ómar. „Þetta er bara músik fyrir mér. Ég leyfi öðrum að skilgreina hana betur.“ - glh



**ENGAR HÖMLUR** Ómar Guðjónsson fer „Fram af“ á nýrri sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**KRAFTMIKLIR** Tommygun Preachers eru þekktir fyrir kraft og líflega framkomu.

# Fagna plötu

**Útgáfu plötunnar Jawbreaker með Tommygun Preachers verður fagnað á Organ í kvöld. „Það verður örugglega þrususstemming. Fólk er að hita upp fyrir verslunarmannahelgina og auðvitað afmælishátíð Organ. Við erum loksins að koma aftur og ryðjast inn í bæinn, en við erum búnir að vera að spila mikið í Keflavík,“ segir Smári, gítarleikari Tommygun Preachers.**

**Hljómsveitin tekur sér annars frí yfir helgina. Hann segir plötuna, sem kom út fyrir nokkrum vikum, hafa gengið vel. „Við höfum reyndar ekki fengið neinar tölur, en þetta gengur bara eins og venjuleg íslensk plata held ég.“ Hljómsveitin Dys sér um upphitun. Tónleikarnir hefjast klukkan níu og kostar 500 krónur inn.** - kbs

# „Gay“-fótboltamót á Íslandi

**Fótboltafélagið St. Styrmir stendur fyrir alþjóðlegri keppni fótboltaliða samkynhneigðra hér á landi um næstu páska.**



**VAXANDI** Styrmir hefur bætt leik sinn en liðið er á leið á heimsmeistaramót samkynhneigðra.

„Svona mót hefur aldrei verið haldið áður á Íslandi,“ segir Alfreð Hauksson, formaður fótboltafélagsins St. Styrmis, um alþjóðlegt fótboltamót samkynhneigðra sem haldið verður á Íslandi um páskana. „Þegar við höfum rætt við aðila úti á sambærilegum mótum hefur alltaf komið upp gríðarlegur áhugi á að koma til Íslands. Nú þegar eru nokkur lið búin að skrá sig. Við gerum ráð fyrir að fá tíu til tuttugu lið til landsins.“

Farið verður í rafting niður Hvítá og göngu Baldurs Þórhallssonar um sögustaði samkynhneigðra í Reykjavík. Þá skemmtir Páll Óskar á balli eftir verðlaunaafhendinguna. Fjórir dómarar hafa samþykkt að koma auk liða frá Hamburg, Danmörku og New York. Eiður Smári er sérstakur stuðingsaðili mótsins og verndari.

St. Styrmir er á leið á heimsmeistaramót samkynhneigðra í ágúst þar sem um 40 lið keppa. „Við verðum með dreifimiða þar og hvetjum fólk til að skrá sig beint á mótið. Við ætlum að reyna að ná sem bestum árangri. Síðast náðum við öðru sæti, í Kaupmannahöfn fyrr á árinu. Árið þar á undan, sem var okkur fyrsta keppnisár, lentum við í næstsíðasta sæti.“

„Flestir hættu í boltanum á sínum tíma því það var ekkert talið henta samkynhneigðum. Ég held að það hafi verið fótboltayfirvöld í Bretlandi sem sögðu: Það verður einhver að stíga fram. Þetta gengur ekki lengur. Í boltanum hérna heima hefur verið tekið á kynþáttafordómum. Þetta er svipað mál sem þyrfti helst að brjóta ísinn með. Okkur finnst þetta vera eitt síðasta vígið sem þarf að brjóta niður.“

St. Styrmir verða áberandi á Gay Pride. „Svo erum við að spá í að vera með fótboltamót þar sem við myndum keppa við einhverja fræga, stjórnmálamenn eða fjölmiðlamenn. Það gæti verið skemmtilegt.“ kolbruns@frettabladid.is

# Vel heppnað hliðarspor

Á morgun hefur að geyma nýjar útgáfur Megasar og hljómsveitarinnar Senuþjófanna á sextán gömlum lögum, tólf þeirra eru íslensk, en fjögur erlend við íslenska texta. Lagavalið er fjölbreytt, en lögin eiga það sameiginlegt að Megas ólst upp með þeim og hefur á þeim dálæti. Þarna eru m.a. lög við texta eftir Hannes Hafstein og Halldór Laxness og sígild dægurlög, flest frá sjötta áratugnum. Eins og við er að búast eiga þessi lög það líka flest sameiginlegt að textarnir eru góðir.

Flest lögin hljóma kunnuglega. Þarna eru m.a. Hagavagninn, Litla stúlkan, Brúnaljósin brúnu, Á morgun, Játning, Æskuminning, Manstu gamla daga, Selja litla og Stína, ó Stína og svo kvöldvökuslagarar eins og Þórsmerkurljóð og Þórður kakala. Senuþjófarnir eru mjög öflug hljómsveit og meðlimir hennar fara létt með að flytja þessi gömlu lög og ljá þeim karakter með mismunandi hljóðfæraskipan og útsetningum.

Megas fer mislangt frá upprunalegu útgáfum laganna. Sumum þeirra breytir hann talsvert, en önnur eru mjög lík frumgerðunum. Hljómurinn er samt að sjálfsögðu annar og svo er sérstaklega gaman að hlusta eftir því hvernig Megas syngur lögin. Í sumum þeirra skælir hann röddina eins og honum einum er lagið, t.d. í Þórsmerkurljóði, Þórði kakala og Þegar hnígur húm að þorra sem öll eru á meðal minna uppáhaldslaga á plötunni. Önnur umgengst hann af meiri nærgætni, t.d. Játningu og Hvert örstutt spor. Platan staðfestir það sem við hefur verið vitað: Megas er frábær söngvari.

Á morgun verður að teljast vel heppnuð. Hún er full af flottum lögum og textum, vel fluttum og útsetningar eru nógu fjölbreyttar til að platan renni vel í gegn. Þetta er allt mjög smekklega gert, næstum því of smekklega á köflum og persónulega hefði ég alveg verið til í aðeins meiri stæla og vesen, en ég virði samt þann ásetning Megasar að vera lögunum trúr.

Á morgun er önnur plata Megasar með tökulögum. Sú fyrri var barnaplatan Nú er ég klæddur og kominn á ról sem kom út fyrir þrjátíu árum. Sú plata var stórmerkileg fyrir flott konsept og nýstárlegar og djarfar útsetningar. Við hlið hennar virkar Á morgun léttvæg. Hún er samt skemmtileg og góð viðbót við glæsilegan katalóg Megasar. Fínt hliðarspor sem á víst sæti í spilaranum á meðan maður bíður eftir næstu alvöru Megasarplötu.

Trausti Júlíusson




## TÓNLIST

**Á morgun**

Megas & Senuþjófarnir

★★★★

Tökulagaplata Megasar & Senuþjófanna Á morgun inniheldur sextán lög sem Megas ólst upp við og hefur dálæti á. Vel heppnað hliðarspor sem á tryggt sæti í spilaranum á meðan beðið er eftir næstu alvöru Megasarplötu.

Stærsta útihátíð landsins um hverja verslunarmannahelgi er í Reykjavík!

*Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í samvinnu við Rás 2 kynna:*

**SUNNUDAGURINN**
**3. ágúst kl. 18:30**

# TÖÐUGLEÐI

## 2008

## STUÐMENN
ásamt Sigurjóni Digra

## NÝDÖNSK
horfa til himins

## INGÓ & VEÐURGUÐIRNIR
frá Bahama

*Sérstakur heiðursgestur og kynnir er spaugfuglinn og útvarpsmaðurinn skondni*

## FREYR EYJÓLFSSON

- *Ókeypis í öll leiktækin frá kl. 18:30.*
- *Veitingatjöld opin fyrir unga sem aldna.*
- *Forsala hafin á staðnum og á midi.is.*

*Miðaverð aðeins kr. 1.000.*
*(5-12 ára í fylgd með fullorðnum kr. 500)*
*Tónleikunum verður útvarpað beint á Rás 2.*

***ATHUGIÐ! - Forðist biðraðir og mætið tímanlega!***
***Svæðið opnar kl. 18:30 og tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 19:30.***

## *KVÖLDHÁTÍÐ ALLRA KYNSLÓÐA!*

RÁS 2

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN



## >Atvik umferðarinnar

Bjarni Guðjónsson náði þeim merka áfanga að leika með tveimur liðum, ÍA og KR, í 13. umferð Landsbankadeildarinnar. Hann tapaði með ÍA gegn FH uppi á Skaga á sunnudegi en vann með KR gegn Fjölni í Frostaskjólinu á þriðjudegi. Hann gat fagnað mörkum með báðum liðum.

## >Ummæli umferðarinnar

„Það eina sem maður er í raun svekktur með er að hafa ekki mætt í Armani jakkafötunum hingað upp á Skaga því maður var eins og umrenningur við hliðina á tvíburunum,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, eftir sigur liðs síns gegn ÍA.



**sport**
sport@frettabladid.

13. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA: FLÓÐGÁTTIR OPNUÐUST

# *Met slegið yfir flest mörk skoruð*

Sóknarleikurinn var alls ráðandi í 13. umferðinni en alls voru 29 mörk skoruð, sem er met yfir flest mörk skoruð í einni umferð í efstu deild.

FH endurheimti toppsætið með því að vinna ÍA, 2-5, á Akranesvelli. Þetta var fyrsti leikur Skagaliðsins undir stjórn tvíburanna Arnars og Bjarka sem og síðasti leikur Bjarna Guðjónssonar með ÍA.

Keflvíkingar voru með unnin leik í höndunum gegn Fylki á Árbæjarvelli en máttu á endanum teljast heppnir með að halda jöfnu 3-3.

Valsmenn héldu pressunni á toppliðin með 3-5 sigri gegn Grindavík á Grindavíkurvelli og Íslandsmeistararnir hafa nú unnið fjóra af síðustu fimm leikjum sínum í deildinni.

Þróttur og Breiðablik gerðu 2-2 jafntefli á Valbjarnarvelli en liðin skildu einnig jöfn á Kópavogsvelli í fyrri umferðinni.

Botnlið HK fann engar glufur á besta varnarliði deildarinnar Fram og tapaði 0-2 á Kópavogsvelli.

KR-ingar náðu loks að hefna ófaranna gegn Fjölni frá því í 2. umferð með 2-0 sigri á KR-vellinum þar sem Bjarni Guðjónsson lék sinn fyrsta leik með KR og enn fremur sinn annan leik í 13. umferðinni.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 21, FH
**Flest skot á mark:** 14, FH
**Fæst skot:** 3, Fjölnir
**Hæsta meðaleink.:** 6,92 Fram
**Lægsta meðaleink.:** 3,83 Fjölnir
**Grófasta liðið:** 22 brot, Fjölnir
**Prúðasta liðið:** 8 brot, Grindavík
**Flestir áhorf.:** KR-Fjölnir, 2.317
**Fæstir áhorf.:** HK-Fram, 677
**Áhorfendur alls:** 7.413

> **Besti dómarinn:** Tveir dómarar voru efstir og jafnir í einkunnargjöf Fréttablaðsins fyrir 13. umferð. Kristinn Jakobsson fékk 8 fyrir leik Grindavíkur og Vals og Magnús Þórisson fékk 8 fyrir leik Þróttar og Breiðabliks.

Landsbankadeild karla:

# Markametið féll í 13. umferð

**FÓTBOLTI** Það hafa aldrei verið skoruð fleiri mörk í einni umferð í efstu deild en í síðustu umferð Landsbankadeildar karla þegar skoruð voru 29 mörk í sex leikjum eða 4,83 mörk að meðaltali í leik. Gamla metið var frá því í lokaumferðinni sumarið 1995 þegar skoruð voruð 27 mörk í fimm leikjum.

Skoruð voru 26 mörk í umferðinni á undan og síðustu tvær umferðir eru því báðar í hópi fimm markahæstu umferða í efstu deild síðan hún varð fyrst tíu liða deild sumarið 1977.

- óój

### FLEST MÖRK Í UMFERÐ

| | |
|---|---|
| 13. umferð 2008 | 29 mörk |
| 18. umferð 1995 | 28 mörk |
| 5. umferð 1993 | 27 mörk |
| 17. umferð 2002 | 27 mörk |
| 12. umferð 2008 | 26 mörk |



**VIGNIR** Missir af Ólympíuleikunum og er eðlilega svekktur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hef náð að þróa leik minn hjá KR

**Jónas Guðni Sævarsson er leikmaður 13. umferðar Landsbankadeildar hjá Fréttablaðinu eftir að hafa átt frábæran leik gegn Fjölni. Hann telur að KR sé ekki búið að segja sitt síðasta í toppbaráttunni og er þegar búinn að grafa stríðsöxina með Bjarna Guðjónssyni, nýjasta liðsmanni KR, frá því í umdeildu atviki í fyrra.**

**FÓTBOLTI** Jónasi Guðna Sævarssyni líkar lífið hjá KR og hann er fullviss um að félagið hafi getuna til þess að blanda sér í toppbaráttu Landsbankadeildarinnar. Miðjumaðurinn snjalli hefur leikið mjög vel með Vesturbæjarliðinu í sumar og átti enn einn stórleikinn þegar nýliðar Fjölnis komu í heimsókn á KR-völlinn í fyrrakvöld.

„Eftir tvo tapleiki í röð í deildinni þá var mjög kærkomið að vinna Fjölni. Þetta var stund hefndarinnar eins og Logi þjálfari orðaði það þar sem Fjölnismenn unnu fyrri leikinn. Það var líka ánægjulegt hvernig við náðum að vinna, hvernig liðið spilaði og fylgdi því almennilega sem lagt var upp með fyrir leikinn. Við pressuðum á þá strax frá fyrstu mínútu og héldum þeim hátt uppi á þeirra vallarhelmingi þannig að Fjölnismenn náðu aldrei að komast almennilega í takt við leikinn,“ sagði Jónas Guðni sem hefur fundið sig vel með KR og sér alls ekki eftir því að hafa tekið þá ákvörðun að koma í Vesturbæinn.



**SÁTTUR HJÁ KR** Jónas Guðni sér alls ekki eftir ákvörðun sinni að hafa farið yfir í KR og finnur ekki fyrir utanaðkomandi pressu yfir því að vera hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BÚIÐ AÐ GRAFA STRÍÐSÖXINA** Jónas Guðni viðurkennir að Bjarni hafi ekki verið besti vinur sinn í fyrra en er búinn að spjalla við hann og er sáttur við komu hans í KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Heiður að bera fyrirliðabandið

„Það var erfitt að þurfa að yfirgefa Keflvíkingana á sínum tíma en mér fannst þetta þá vera ákveðinn tímapunktur á mínum ferli þar sem ég þurfti á breytingu að halda og nýjum áskorunum. Ég stend við þá ákvörðun og sé ekki eftir neinu. Ég er í raun rosalega sáttur með hvernig leikur minn hefur þróast síðan ég kom í KR. Ég lagðist strax í mikla vinnu á undirbúningstímabilinu til að bæta þær hliðar á leik mínum sem ég taldi að ég þyrfti að bæta og er enn að vinna á fullu í því. Ég er búinn að fá mikla aðstoð frá Rúnari Kristinssyni hvað það varðar og það er ekki slæmt að þiggja ráð frá örugglega besta miðjumanni Íslands frá upphafi,“ sagði Jónas Guðni sem hefur borið fyrirliðabandið í undanförnum leikjum en finnur ekki fyrir neinni sérstakri pressu út af því eða fyrir því að vera hjá KR yfirhöfuð.

„Það er náttúrulega mikill heiður að bera fyrirliðabandið í jafn stóru félagi og KR og það gefur manni bara aukakraft inni á vellinum. Fyrirliðabandið sem slíkt er alla vega ekkert þungt og maður stendur ekkert einn í þessu heldur eru margir sterkir karakterar og fyrirliðatýpur í liðinu. Það hefur náttúrulega mikið verið fjallað um pressuna að vera í KR en ég held að það sé ekkert öðruvísi en hjá öðrum liðum sem eiga að vera í toppbaráttunni og ég finn ekki fyrir neinni aukapressu hvað það varðar. Flest þau lið setja kröfu á titil og menn spenna því bogann hátt og vilja ná árangri. Utanaðkomandi pressa er engin miðað við þá pressu sem við leikmennirnir sjálfir setjum á eigin herðar. Við erum með okkar markmið og viljum auðvitað ná þeim.“

### Fagnar komu Bjarna til KR

Jónas Guðni var hluti af liði Keflavíkur sem var allt annað en ánægt með umdeilt mark Bjarna Guðjónssonar í frægum leik Keflavíkur og ÍA uppi á Skaga í fyrra en nú eru þeir orðnir liðsfélagar hjá KR og Jónas Guðni er ánægður með það.

„Ég viðurkenni það alveg að við vorum ekki bestu vinir í fyrra og ég var frekar fúll út í hann á tímabili en maður lætur það ekkert á sig fá núna. Ég og Bjarni vorum saman með landsliðinu á Möltu í byrjun febrúar og þá ræddum við málin á góðum nótum. Hann er náttúrulega mikill karakter og frábær leikmaður sem á eftir að styrkja KR-liðið gríðarlega.

Hann er líka fjölhæfur og getur leyst margar stöður í liðinu og maður fagnar að sjálfsögðu allri samkeppni og ég held að þetta hafi verið rétt skref hjá KR að fá Bjarna. Við erum ekki í neinum toppslag eins og er en ég tel að með nokkrum góðum leikjum í röð þá getum við blandað okkur í þetta að alvöru,“ sagði Jónas.

omar@frettabladid.is

Vignir Svavarsson missir af ÓL:

# Tímasetningin er alveg skelfileg

**HANDBOLTI** Vignir Svavarsson fer ekki með landsliðinu á Ólympíuleikana vegna meiðsla. Hann er með rifinn magavöðva og þarf að hvíla sig næstu tvær vikurnar í það minnsta. „Tímapunkturinn er því ekkert spes. Þetta eru ein af mínum fyrstu meiðslum á ferlinum,“ sagði Vignir sem sagði þó að það þýddi lítið annað en að vera hress þrátt fyrir vonbrigðin.

„Þetta var mjög fúlt en við þurftum að taka ákvörðun um þetta. Við Guðmundur [Guðmundsson landsliðsþjálfari] áttum langt og gott samtal og þetta var það eina í stöðunni,“ sagði Vignir sem vonast til að klára meðferðina hér heima fremur en hjá nýja félaginu sínu Lemgo í Þýskalandi.

- hþh

AÐALFUNDUR ÍKFÍ
Haldinn miðvikudaginn 13.ágúst kl. 21:00
að Laugarvatni í húnæði khi íþróttaskors
Lagabreytingar. Sjá nánar á ikfi.net

Birkir Ívar Guðmundsson var skilinn eftir heima aðra Ólympíuleikana í röð og er ekki sáttur:

# Ég syndi á móti straumi Guðmundar

**HANFBOLTI** Birkir Ívar Guðmundsson ætlar að skoða það hvort hann gefi áfram kost á sér í íslenska landsliðið í handbolta. Birkir fer ekki með landsliðinu á Ólympíuleikana og er augljóslega ekki sáttur með þá ákvörðun Guðmundar Guðmundssonar þjálfara.

„Ég hef ekki tekið þátt í einu einasta móti þar sem hann hefur verið þjálfari. Það segir sína sögu, í það minnsta hluta af henni,“ sagði Birkir sem fór heldur ekki á leikana í Aþenu árið 2004 þar sem Guðmundur var þjálfari. Birkir íhugaði að hætta með landsliðinu eftir að Guðmundur tók við liðinu eftir HM í Noregi.

„Ég gerði mér grein fyrir því í byrjun að staðan væri ekkert sérstaklega góð með tilkomu þjálfarans. Ég spáði í hvort ég ætti að standa í þessu eða ekki. Ég komst að þeirri niðurstöðu að vera ekki að gefast upp. Ég ákvað að halda áfram að synda þrátt fyrir að straumurinn væri á móti mér. Ég get þá sagt að hafa gefið það sem ég á,“ sagði markmaðurinn.

Hann hefur verið meiddur á olnboga og missti af æfingaleikjunum við Spánverja vegna þeirra en segir að það hafi ekki verið neinn áhrifavaldur í valinu. Landsliðsþjálfarinn sjálfur staðfestir það og segir að valið á liðinu hafi einfaldlega verið byggt á frammistöðu.

„Birkir átti við meiðsli að stríða en þegar þetta er valið verðum við bara að fara yfir frammistöðu á æfingum, leggja niður leikina sem við höfum spilað í undirbúningnum og við fáum niðurstöðu út úr því. Við vegum og metum hverjir eru að standa sig, þannig er þetta valið. Þetta grundvallast af frammistöðu fyrst og fremst. Við höfum legið mjög mikið yfir þessu,“ sagði Guðmundur sem segir að það sé gríðarlega erfitt að skera niður hópinn.



**BIRKIR ÍVAR** Hefur verið fastamaður í íslenska landsliðinu undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Það er það, sérstaklega fyrir Ólympíuleika. Þetta er erfitt fyrir þá sem sitja eftir og þar af leiðandi er þetta erfið ákvörðun. Hún tekur á alla sem að þessu koma,“ sagði Guðmundur sem segir mikið púsluspil fram undan en aðeins má fara með fjórtán leikmenn á leikana. Bjarni Fritzson fer með sem fimmtándi maður og má æfa með liðinu en verður þess utan að halda sig utan Ólympíuþorpsins.

Guðmundur segir að þreyta sé komin í liðið en undirbúningur er í fullum gangi. „Standið á liðinu er nokkuð gott. Strákarnir voru orðnir mjög þreyttir um helgina og við munum hægja aðeins á æfingunum núna. Við drögum úr æfingaálaginu án þess þó að missa tempóið. Þetta er fín lína en á endanum snýst þetta bara um að toppa á réttum tíma,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

- hþh

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR ÚTVÖRP
MP3 SPILARAR
DVD SPILARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR BÍLHÁTALARAR
KAFFIVÉLAR
HÁFAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR SAMLOKUGRILL
VÖFFLUJÁRN BLANDARAR ÍSSKÁPAR
RAKVÉLAR RYKSUGUR STRAUJÁRN

Panasonic 32" sjónvarp – Verð áður kr. 119.995 – Nú kr. 79.995
Pottar og pönnur með 25% afslætti
Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995
Þvottavélar og þurrkarar með miklum afslætti
Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**

**TAKMARKAÐ MAGN** *Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

*ATH. LOKAÐ ER UM VERSLUNARMANNAHELGINA*

**Heimilistæki**
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic UNITED BEKO DeLonghi elna exido
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani OBH NORDICA INDESIT VESTFROST Whirlpool

# Garðar Örn er strangasti dómarinn

**Fréttablaðið er með tölfræðina á bak við það sem flestir telja sig vita, að Garðar Örn flauti mest allra dómara. Kristinn Jakobsson er með hæstu meðaleinkunn í sumar og Valgeir Valgeirsson flautar minnst.**

**FÓTBOLTI** Dómarar í Landsbankadeild karla hafa verið mikið í sviðsljósinu í sumar enda spennan í deildinni sjaldan verið meiri. Dómarar hafa misjafnan stíl eins og leikmenn og ein leiðin er að skoða frammistöðu dómara í leikjum er að greina það niður hvað og hve mikið þeir eru að flauta í sínum leikjum.

Kristinn Jakobsson er með hæstu meðaleinkunn dómara hjá blaðamönnum Fréttablaðsins í fyrstu þrettán umferðunum en dómara frá einkunn frá bilinu 1 til 10 fyrir hvern leik alveg eins og leikmenn. Kristinn er með meðaleinkunn upp á 7,54 í þeim ellefu leikjum sem hann hefur dæmt í deildinni og er þar rétt á undan Jóhannesi Valgeirssyni sem er með 7,27 í meðaleinkunn. Ólafur Ragnarsson er með lægstu meðaleinkunnina eða 5,67 í leik.

Þegar kemur að þeim dómurum sem refsa og flauta mest þá kemur kannski fáum á óvart að Garðar Örn Hinriksson skuli vera efstur á blaði. Hér er farið eftir jöfnu sem sfnar saman refsistigum sem hver dómari beitir. Hæsta refsingin er að dæma víti (5 stig), svo að gefa rautt spjald (4), þá að gefa gult (2) og loks er minnsta refsingin að dæma aukaspynu (1).

Garðar Örn Hinriksson hefur ekki verið spar á sjöldin, þegar búinn að setja nýtt Íslandsmet í rauðum spjöld og alls búinn að lyfta 67 spjöldum í þeim tólf leikjum sem hann hefur dæmt í deildinni í sumar. Garðar Örn hefur gefið níu fleiri rauð sjöld en næsti dómari, enginn dæmir fleiri aukaspyrnur í leik og aðeins Eyjólfur Magnús Kristinsson hefur gefið fleiri gul spjöld að meðaltali.

Kristinn Jakobsson slær Garðari þó við í dæmdum vítaspyrnum en Kristinn hefur alls átta sinnum bent á vítapunktinn í þeim ellefu leikjum sem hann hefur dæmt. Garðar Örn Hinriksson þar í öðru til þriðja sæti ásamt Eyjólfi Magnúsi Kristinssyni.

Nýju mennirnir Valgeir Valgeirsson og Þóroddur Hjaltalín Jr. hafa dæmt vel í frumraun sinni sem dómarar í efstu deild og báðir hafa þeir líka flautað lítið. Engir aðrir dómarar í deildinni í sumar hafa þannig refsað minna en þeir tveir. Valgeir hefur flautað aðeins minn aog dæmt fæstar aukaspyrnur en Þóroddur er hinsvegar sá dómari sem hefur fæst gul spjöld eða aðeins sex í fjórum leikjum.

ooj@frettabladid.is



**EKKERT MÚÐUR** Garðar Örn Hinriksson hefur dæmt 388 aukaspyrnur og gefið 12 rauð spjöld í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### TÖLFRÆÐI DÓMARANNA

**HÆSTA MEÐALEINKUNN:**

| | |
|---|---|
| Kristinn Jakobsson (11 leikir) | 7,55 |
| Jóhannes Valgeirsson (11) | 7,27 |
| Valgeir Valgeirsson (4) | 7,25 |
| Garðar Örn Hinriksson (12) | 7,08 |
| Þóroddur Hjaltalín Jr. (4) | 7,00 |
| Örvar Sær Gíslason (3) | 6,67 |
| Magnús Þórisson (10) | 6,40 |
| Eyjólfur Magnús Kristinsson (9) | 6,00 |
| Einar Örn Daníelsson (11) | 5,91 |
| Ólafur Ragnarsson (3) | 5,67 |

**REFSINGAR DÓMARA: (REFSISTIG)**

| | |
|---|---|
| Garðar Örn Hinriksson | 47,6 í leik |
| Eyjólfur Magnús Kristinsson | 45,8 |
| Ólafur Ragnarsson | 43,7 |
| Örvar Sær Gíslason | 40,0 |
| Kristinn Jakobsson | 37,2 |
| Einar Örn Daníelsson | 37,1 |
| Jóhannes Valgeirsson | 33,7 |
| Magnús Þórisson | 33,6 |
| Þóroddur Hjaltalín Jr. | 29,0 |
| Valgeir Valgeirsson | 28,3 |

**(Refsistig: 5 fyrir hvert dæmt víti, 4 fyrir hvert gefið rautt spjald, 2 fyrir hvert gefið gult spjald og 1 fyrir hverja dæmda aukaspyrnu)**

**FLESTAR AUKASPYRNUR:**

| | |
|---|---|
| Garðar Örn Hinriksson | 32,3 í leik |
| Eyjólfur Magnús Kristinsson | 31,4 |
| Örvar Sær Gíslason | 29,0 |
| Ólafur Ragnarsson | 28,7 |
| Einar Örn Daníelsson | 27,2 |
| Kristinn Jakobsson | 26,6 |
| Magnús Þórisson | 24,7 |

**FLEST GUL SPJÖLD GEFIN:**

| | |
|---|---|
| Eyjólfur Magnús Kristinss. | 5,11 í leik |
| Garðar Örn Hinriksson | 4,58 |
| Ólafur Ragnarsson | 4,33 |
| Örvar Sær Gíslason | 4,00 |
| Einar Örn Daníelsson | 3,73 |

**FLEST RAUÐ SPJÖLD (BEIN RAUÐ):**

| | |
|---|---|
| Garðar Örn Hinriksson | 12 (4) |
| Einar Örn Daníelsson | 3 (3) |
| Kristinn Jakobsson | 3 (2) |
| Eyjólfur Magnús Kristinsson | 3 (1) |
| Þóroddur Hjaltalín Jr. | 2 (2) |
| Jóhannes Valgeirsson | 2 (1) |

**FLESTAR VÍTASPYRNUR DÆMDAR:**

| | |
|---|---|
| Kristinn Jakobsson | 8 (mörk) |
| Garðar Örn Hinriksson | 5 (2) |
| Eyjólfur Magnús Kristinsson | 5 (4) |
| Ólafur Ragnarsson | 3 (3) |
| Einar Örn Daníelsson | 3 (3) |
| Jóhannes Valgeirsson | 3 (3) |
| Magnús Þórisson | 3 (2) |



**MAGNÚS** Var ráðinn til KR 2004 en sagt upp um mitt sumar 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

KR um Magnús Gylfason:

## Ætti ekki að tjá sig í fjölmiðlum

**FÓTBOLTI** Óheppilegt er að Magnús Gylfason tjái sig um KR í fjölmiðlum að mati stjórnar félagsins. Fram kom á Vísi í gær að Magnús, álitsgjafi Stöðvar 2 Sport í Landsbankadeildinni, sé í launadeilum við félagið. Hann var ráðinn til KR 2004 en rekinn um mitt sumar 2005.

Magnús segir að hann hafi gert munnlegt samkomulag um lengri uppsagnarfrest. Það hafi KR ekki staðið við og hafa lögfræðingar Magnúsar sent stjórn KR bréf þar sem þess er krafist að samningurinn verði uppfylltur. Stjórn KR er ekki sammála því.

Magnús sagði við Vísi að honum þætti ekki óeðlilegt að hann fjallaði um málefni KR í fjölmiðlum enda gætti hann alltaf hlutleysis. Því er stjórn KR einnig ósammála. - hþh






**MARKAGRÁÐUG?** Margrét Lára Viðarsdóttir úr Val hefur skorað 19 mörk í 12 leikjum eða níu mörkum meira en næstu leikmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Valskonur eru komnar með sex stiga forskot á KR:

## Markgræðgi Margrétar skilaði 5 mörkum

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði öll mörk topplið Vals í 5-0 sigri á Fjölni í Landsbankadeild kvenna í gær. Sigurinn færði Valsliðið örlítið nær Íslandsmeistaratitlinum en liðið er nú búið að vinna 21 deildarleik í röð og er komið með sex stiga forskot á KR á toppnum.

Markahæsti leikmaður deildarinnar, Margrét Lára Viðarsdóttir, lét stríðni vallarþularins ekki hafa áhrif á sig og það var miklu frekar markheppnin en markagræðgin sem skilaði henni fimm flottum mörkum í gær.

Vallarþulurinn tilkynnti nefnilega ítrekað í stríðnistón að hin markagráðuga Margrét Lára hefði skorað fyrir Val í gær en hún er nú komin með 19 mörk og níu marka forustu í baráttunni um gullskóinn.

Margrét Lára skoraði fyrsta markið úr vítaspyrnu á 4. mínútu en hana fiskaði Sophia Mundy.

Hún skoraði síðan annað markið á 10. mínútu eftir undirbúning Katrínar Jónsdóttur, þriðja markið á 74. mínútu með skalla eftir fyrirgjöf Dóru Maríu Lárusdóttur, það fjórða með fallegu skoti úr teignum á 81. mínútu eftir sendingu Vönju Stefanovic og loks það fimmta í uppbótartíma eftir glæsilega sendingu Dóru Maríu inn fyrir vörnina.

Sophiu Mundy ætlar að ganga illa að opna markareikning sinn fyrir Valsliðið en hún fékk mörg frábær tækifæri til þess. Þessi leikni bandaríski leikmaður var í felum út á vinstri væng stóra hluta leiksins en fór fyrst að láta að sér kveða þegar hún var færð við hlið Margrétar í fremstu víglínu. - óój



**MEÐ GOTT AUGA** Rut Jónsdóttir spilar vel upp samherja sína.

HM 20 ára kvennalandsliða:

## Rut önnur í stoðsendingum

**HANDBOLTI** Rut Jónsdóttir, leikmaður 20 ára landsliðs Íslands, hefur verið dugleg að búa til færi fyrir félaga sína til þessa á mótinu.

Rut hefur alls gefið 35 stoðsendingar í 6 leikjum eða 5,8 að meðaltali í leik. Það er aðeins þýska stúlkan Susann Müller sem hefur gefið fleiri en Rut er aðeins einni stoðsendingu á eftir henni. Auk þessa hefur Rut nýtt 66 prósent skota sinna utan af velli en hún hefur skorað 25 mörk. Rut er í 6. sæti yfir samanlögð mörk og stoðsendingar.

Íslensku stelpurnar hafa unnið báða leiki sína í baráttunni um 13. sætið en liðið rétt missti af sæti í milliriðli. Næsti leikur er á móti heimastúlkum í Makedóníu í dag en með sigri tryggir liðið sér sæti í leiknum um 13. sætið á móti Japan. - óój

1. deild karla í fótbolta:

## Haukar á flugi

**FÓTBOLTI** 14. umferð 1. deildar karla lauk í gærkvöld með fjórum leikjum.

Haukar héldu í við toppbaráttuliðin með því að leggja Víking Reykjavík að velli 1-2 í Víkinni.

Þórsarar unnu 4-2 Leiknismenn á Akureyri eftir að gestirnir höfðu leitt leikinn 1-2 í hálfleik.

Fjarðabyggð og Njarðvík gerðu jafntefli, 2-2, á Eskifjarðarvelli og Víkingur Ólafsvík og KS/Leiftur skildu einnig jöfn, 0-0, á Ólafsvíkurvelli. - óþ

# Það sem ekki má vanta!

## Njóttu lífsins um verslunarmannahelgina




### Comodynes brúnkuklútar

Lyktarlausir · Brúnkan endist í 4–7 daga
Jafn litur næst á 3 tímum · Gefa góðan raka




Dregur ekki úr magni alkóhóls í blóðinu

### Morning Fit...

Bjargar næsta degi, dregur úr og getur komið í veg fyrir hin þekktu heilsufarslegu eftirköst áfengisneyslu og slegið á timburmenn.




**20% afsláttur**

### John Frieda með í ferðalagið

50 ml. Sjampó og næring fyrir allar hárgerðir frá fagmönnum John Frieda.




**Kaupauki**

### Durex

Kauptu 12 stk. pakka af Durex verjum og fáðu Heat sleipiefnatúpu frítt með.*

*Meðan birgðir endast.




### Dentyl munnskol

Hafðu andardráttinn á hreinu með Dentyl munnskoli.




### Prevens klútar

Taktu með þér Prevens hreinsiklúta í ferðalagið.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 43150 07.2008

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil



## > Julianna Margulies

„Elizabeth Canterbury er ekki kona sem byrjar daginn fersk því hún er alltaf að burðast með gærdaginn. Hún er þrjósk og drekkur of mikið og heldur fram hjá manninum sínum og það er erfitt að líka vel við hana," segir Margulies um persónu sína í þáttunum Canterbury's Law sem sýndir eru á Stöð 2 í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SÓLMUNDUR HÓLM SPÁIR Í SIMMA OG JÓA

# Takk fyrir Gerði

Ég hef gaman af Simma og Jóa. Ég man fyrst eftir þeim þegar þeir voru á Mono. Það var sumarið 2000 þegar ég var að vinna við að moka skurði. Þá fékk ég far í vinnuna á hverjum morgni með náunga sem hlustaði á Mono og reykti í bílnum. Rétt fyrir átta byrjuðu símhrekkirnir sem beindu huga mínum frá tilhugsuninni um áhrif óbeinna reykinga á lungu mín. Síðan þá hafa þeir Simmi og Jói farið víða, verið í sjónvarpi, bönkum, auglýsingasölu, en nú eru þeir komnir aftur í útvarpið, reyndar löngu komnir, og ég hlusta á þá þegar ég get.

Þeir félagar eru ferskir, þrátt fyrir að hafa verið lengi í faginu. Síðast fóru þeir með þáttinn upp á annað plan þegar þeir buðu upp á rökræður í beinni. Nettur Reykjavík síðdegis-fílingur í þessu en umræðurnar voru samt skemmtilegar. Þar tókust á Hjálmar Sigmarsson ráðskona(af hverju ráðskona?) og Guðmundur Pálsson Baggalútur um meintan nauðgarabrag Baggalútsmanna.

Simmi og Jói eru greinilega blanda sem virkar. Þeir hafa starfað lengi saman og þekkja hvor annan svona líka ljómandi vel. Velti því fyrir mér hvernig þeir virka í hvor í sínu lagi. Eru þeir eins og rjómalaus rjómaterta? Eða sól án himins?

Stjarna þáttanna er þó hvorki Simmi né Jói. Heldur er það húsmóðirin Gerður Unndórsdóttir á Egilsstöðum, móðir Simma. Það er kona sem liggur ekki á skoðunum sínum. Mér skilst að Jói hafi sett það sem skilyrði þegar þættirnir komu til umræðu að hann yrði ekki með nema hann fengi að hringja í Gerði í hverjum þætti. Landsmenn geta þakkað Jóa fyrir það því Gerður er hinn nýi Jóhannes á fóðurbílnum – bara miklu skemmtilegri og sniðugri.



SIMMI OG JÓI

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** F1 Við rásmarkið STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.05** The New Adventures of Old Cristine STÖÐ 2



▶ **21.00** Pussycat Dolls Present. Girlicious STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** The King of Queens SKJÁR EINN



▶ **21.25** Omid fer á kostum SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Leitin** (3:3) (e)
**17.54 Lísa** (3:13) (e)
**18.00 Krakkar á ferð og flugi** (8:10) (e)
**18.20 Andlit jarðar** (Bilder fra den store verden) (2:6) (e)
**18.30 Nýgræðingar** (Scrubs) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Skyndiréttir Nigellu** (Nigella Express) (10:13)
**20.30 Hvað um Brian?** (What About Brian?) (14:24) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.
**21.15 Svipmyndir af myndlistarmönnum** (Portraits of Carnegie Art Award 2008)
▶**21.25 Omid fer á kostum** (The Omid Djalili Show) (5:6) Í kvöld talar Omid um þrjú stig hjónabandsins og hvernig það er að eignast börn. Í sketsunum fer sá smeðjulegi með leikaradraumana í heimsókn á elliheimili og við fáum að sjá einum of ákafan fótboltadómara.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Sex hlekkir** (Six Degrees) (2:13) Bandarísk þáttaröð. Þræðirnir í lífi sex New York-búa tvinnast saman þótt fólkið þekkist ekki neitt.
**23.10 Lífsháski** (Lost) (77:86) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.15 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Rebound**
**10.00 Ævintýraferðin**
**12.00 Aquamarine**
**14.00 Eulogy**
**16.00 Rebound**
**18.00 Ævintýraferðin**
**20.00 Aquamarine** Hér segir frá tólf ára vinkonum sem finna hafmeyju í sundlaug strandklúbbs sem þær hafa aðgang að.
**22.00 Hard Candy**
**00.00 The Omen**
**02.00 Damien. Omen II**
**04.00 Hard Candy**
**06.00 Talladega Nights. The Ballad of Ricky Bobby**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Ofurhundurinn Krypto og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (117:300)
**10.15 Missing** (10:19)
**11.00 Notes From the Underbelly**
**11.25 Bandið hans Bubba** (12:12)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Neighbours**
**12.55 Forboðin fegurð** (9:114)
**13.40 Forboðin fegurð** (10:114)
**14.25 Ally McBeal** (5:23)
**15.10 Friends**
**15.30 Friends**
**15.55 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.18 Tutenstein**
**16.43 A.T.O.M.**
**17.08 Hlaupin**
**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Ísland í dag**
**19.04 Veður**
**19.15 The Simpsons** (18:22)
**19.40 Friends** (21:23)
▶**20.05 The New Adventures of Old Christine** (20:22) Christine er nýfráskilin og erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir sérstaklega þar sem fyrrverandi eiginmaðurinn er komin með nýja og miklu yngri konu.
**20.25 Notes From the Underbelly** (13:13) Gamanþáttaröð um spaugilegu hliðarnar á barneignum.
**20.50 Canterbury's Law** (3:6)
**21.35 Moonlight** (10:16)
**22.20 ReGenesis** (8:13)
**23.05 El otro lado de la came**
**00.50 Wire** (6:13)
**01.50 Only The Lonely**
**03.30 Spanglish**
**05.35 The Simpsons** (18:22)
**05.55 Fréttir**

## 2 SPORT besta sætið

**17.20 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.15 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**18.40 Íslandsmótið í golfi 2008** Útsending frá Íslandsmótinu í golfi sem fram fór í Vestmannaeyjum.
▶**20.00 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.
**20.40 Sumarmótin 2008** Sýnt frá Rey-Cup mótinu sem fram fór í Laugardalnum. Þangað mættu til leiks fjöldi liða og þar á meðal erlend lið sem öttu kappi við jafnaldra sína á Íslandi.
**21.25 Kraftasport 2008** Sýnt frá Hálandaleikunum en þangað mæta til leiks margir af sterkustu mönnum Íslands.
**22.00 Main Event (#26)** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**22.50 Landsbankadeildin 2008** KR - Fjölnir

## 2 SPORT 2

**17.50 Bestu leikirnir** Portsmouth - Derby
**19.30 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.00 PL Classic Matches** Southampton - Middlesbrough, 98/99.
**20.30 PL Classic Matches** Aston Villa - Liverpool, 98/99. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 Football Rivalries - Milan v Inter & Lazio v Roma** Í þessum þáttum er rýnt í helstu stórvelda Evrópu skoðaður. Að þessu sinni verður það annars vega rígur Milan og Inter og hins vegar Lazio og Roma.
**21.55 Bestu leikirnir** Portsmouth - Derby
**23.35 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil Dr.** Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.
**19.20 Life is Wild** (e)
**20.10 Family Guy** (2:20) Teiknimyndasería fyrir fullorðna um hjónin Peter og Lois sem búa á Rhode Island með börnum sínum þremur og hundinum Brian.
**20.35 The IT Crowd** (7:12) Bresk gamansería um tölvunörda sem eru best geymdir í kjallaranum. Jen er boðið í leikhús og að sjálfsögðu fylgja strákarnir hennar með.
▶**21.00 The King of Queens** (8:13) Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. Doug ákveður að gerast grænmetisæta og Carrie er ánægð með nýja lífernið til að byrja með en verður fljótt leið á því og laumast í kjötið.
**21.25 Criss Angel** (6:17) Sjónhverfingameistarinn Criss Angel er engum líkur. Hann leggur líf sitt að veði og framkvæmir ótrúlega hluti svo áhorfendur eiga vart eftir að trúa sínum eigin augum.
**21.50 Law & Order. Criminal Intent** (15:22)
**22.40 Jay Leno**
**23.30 Britain's Next Top Model** (e)
**00.20 Dynasty** (e)
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að Norðan** Endurtekið á 30 min. fresti.
**20.30 Gönguleiðir – (e)** 4. þáttur Víknarslóðir nyrðri – fyrri hluti: Borgarfjörður eystri. Endursýnt kl. 21.30 og 22.30.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

Canterbury's Law

Nýr lögfræðiþáttur í anda Practice og Boston Legal með Juliönnu Margulies úr ER í aðalhlutverki. Hún leikur Elizabeth Canterbury, eldkláran verjanda sem vílar ekki fyrir sér að sniðganga lögin þegar frelsi skjólstæðinga hennar, sem hún telur saklausa, er í húfi. Þættirnir koma úr smiðju þeirra sömu og gerðu Rescue Me, þar á meðal Denis Leary.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Skyndiréttir Nigellu

### Sjónvarpið kl. 19.55

Þótt stundum gefist naumur tími til eldamennsku í önn dagsins þarf ekki endilega að slá af gæðakröfunum. Nigella sýnir hvernig hinn önnum kafni kokkur getur stytt sér leið og sparað tíma en engu að síður töfrað fram krásir sem enginn matgæðingur fær staðist. Í þættinum í kvöld útbýr Nigella meðal annars ístertu, kjúklinga- og rifjarétt, ábæti með píslaraldini og engiferi og lambakjötspottrétt.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar
**14.43** Náttúrupistill
**15.03** Útvarpssagan: Barnið og tíminn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Mín liljan fríð
**22.45** Þættir úr sögu tvífarans
**23.30** Betri stofan
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks.

**16.30 Hollyoaks**

**17.00 Seinfeld** (4:24)

**17.30 Talk Show With Spike Feresten** (21:22)

**18.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** (9:10)

**19.00 Hollyoaks**

**19.30 Hollyoaks**

**20.00 Seinfeld** (4:24) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

**20.30 Talk Show With Spike Feresten** (21:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.

▶**21.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** (9:10) Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls. Hún á að heita Girlicious og mun samanstanda af þremur hæfileikaríkum og að sjálfsögðu gullfallegum stúlkum. Fimmtán stúlkur af þeim þúsundum sem sóttu um munu keppa um þessi þrjú eftirsóttu pláss og án efa verður keppnin mjög hörð.

**22.00 Cashmere Mafia** (7:7) Fjórar nánar vinkonur sem búa allar og starfa í New York virðast á yfirborðinu lifa fullkomnu lífi. En eins og oft vill verða er það einkalífið sem flækist fyrir þeim, og það allrækilega.

**22.40 Ghost Whisperer** (37:44)

**23.25 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Ellý Ármanns, Björk Halldórsdóttir, Hrönn og Erla.

**21.00 Kötturinn í sekknum** Umsjón: Lilja Þórisdóttir.

**21.30 Hvernig er heilsan?** Góða heilsu er auðveldara að öðlast en margur heldur. Matti Ósvald heilsufræðingur.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** Et dejligt hundeliv **11.35** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Krampe-tvillingerne **14.00** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Fandango med Chapper **16.00** Se det summer **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Hercule Poirot **18.00** Kender du typen **18.30** Kær på tur **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.35** PostDanmark Rundt 2008 **20.00** Landsbyhospitalet **20.45** Gensyn med Wounded Heart **22.15** Sex med Victor **22.45** Naruto Uncut

## NRK 1

**9.55** Vitenskap jukeboks **11.00** Norge rundt jukeboks **12.00** Country jukeboks **13.00** Ut i naturen jukeboks **14.15** Landsskytterstevnet 2008 **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bjørnen i det blå huset **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.25** Landsskytterstevnet 2008 **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Wallander: Silkeridderen **20.30** I kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kjærlighetens sommer **22.05** Fokus **23.50** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Flyttlasset går **10.35** Fantastiska berättelser **11.45** Vägen till OS **12.45** Livet som stjärna **13.10** Livet som stjärna **13.35** Livet som stjärna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Musik är livet **15.30** Sommartorpet **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Bellmanhistorier **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Solens mat **18.30** Vägen till OS **19.30** Berlinerpopplarna **20.20** Kärlek med förhinder **21.15** Rapport **21.25** Uppdrag granskning - sommarspecial **22.25** Blod, svett och danska skallar **22.50** Sändningar från SVT24




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## MORGUNMATURINN



*„Ég borða alltaf hafragraut með rúsínum út á og drekk svart kaffi með. Svo fæ ég mér sopa af lýsi. Stundum um helgar förum við í bakarí og fáum okkur eitthvað þar.“*

Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóri.



**LÁRÉTT**
**2.** hróss, **6.** munni, **8.** bar að garði, **9.** fugl, **11.** í röð, **12.** flatfótur, **14.** blóm, **16.** skóli, **17.** netja, **18.** fugl, **20.** tveir eins, **21.** tangi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tarfur, **3.** kúgun, **4.** forskot, **5.** skilaboð, **7.** land í Evrópu, **10.** flýtir, **13.** angan, **15.** illgresi, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lofs, **6.** op, **8.** kom, **9.** lóa, **11.** rs, **12.** ilsig, **14.** lilja, **16.** ma, **17.** mör, **18.** önd, **20.** ff, **21.** oddi.

**LÓÐRÉTT: 1.** boli, **3.** ok, **4.** forgjöf, **5.** sms, **7.** pólland, **10.** asi, **13.** ilm, **15.** arfi, **16.** möo, **19.** dd.

„...fyrst á visir.is“

visir.is
...ég sá það á visir.is

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Íslensk hljómsveit lenti í jarðskjálfta í LA

Hljómsveitin Singapore Sling er nú stödd í Kaliforníu á tónleikaferðalagi. Jarðskjálfti upp á 5,4 á Richter skók svæðið á þriðjudaginn og olli nokkrum usla. „Við vorum á þriðju hæð í húsi í Hollywood og það hreyfðist allt nema ég, eða þannig leið mér allavega,“ segir Bíbí bassaleikari. „Mér fannst eins og húsið hreyfðist til hliðanna, allavega meira í hvora átt. Við vorum pínu stressuð eftir þetta enda var skjálftinn svo langur. Miklu lengri en Suðurlandsskjálftinn í vor.“

Bjössi trommari tekur í sama streng. „Við vorum bara nývöknuð og að bursta tennurnar þegar þetta reið yfir. Maður var vaggandi og með dúandi lappir og hausverk lengi á eftir.“

„Allir fjölmiðlar eru uppfullir af þessu og allir að tala um þetta,“ segir Bíbí. „Maður kemur ekki svo inn á bar að það sé ekki verið að tala um þetta í sjónvarpinu. En sem betur fer slasaðist enginn.“

Singapore Sling spilar á sex tónleikum á þessum túr. Fyrsta giggið var í New York með The Brian Johnston Massacre en hin fimm giggin eru á vesturströndinni með hljómsveitinni The Meek. „Þetta er mjög góður túr,“ segir Bíbí. „Við erum að spila á stærri tónleikum en oft áður. Þetta er mjög gaman.“

- glh



**DÚANDI LAPPIR OG HAUSVERKUR** Singapore Sling lenti í jarðskjálfta í Los Angeles á þriðjudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ÓLY TYNES: STAL GLÆPNUM AF BUBBA MORTHENS

# Tynes vígði tónlistarhúsið

„Þetta var í síðustu viku. Nánar tiltekið þriðjudag 22. júlí árið 2008,“ segir Óli Tynes fréttamaður.

Örlögin hafa hagað því svo til að Óli Tynes reyndist sá sem vígði glæsilegt tónlistarhúsið sem nú er að rísa við höfnina. Hann var sendur niður eftir til að gera frétt fyrir Stöð 2 um byggingu hússins og hvernig henni miðar. „Já, búið var að upplýsa að Bubbi myndi halda þarna jólatónleika í desember á næsta ári. Ég var að taka þarna „stand-up“ og fannst rétt að vísa til þess. Og byrjaði ég að syngja: „Ekki benda á mig/segir varðstjórinn...“ Og sagði svo að Bubbi myndi nú kannski gera þetta aðeins betur að ári. Já, já, söngur minn var án undirleiks utan múrbrjóta, hamra og saga. Svo var það ekki fyrr en mér var bent á það eftir á að með þessu, en þetta var á stóra sviðinu þar sem Bubbi verður, með þessum íðilfagra söng mínum hefði ég í rauninni vígt tónlistarhúsið,“ segir Óli. Án þess að ætla sér skráði Óli sig á spjöld sögunnar og er afskaplega ánægður með það. Og þetta er til á filmu. „Fyrstur allra manna. Og ætlast náttúrulega til þess að þegar húsið verður endanlega vígt þá verði mynd af mér í fullri líkamsstærð, þar sem vísað er til þessa sögulega atburðar, í anddyri hússins. Allir réttlátir menn hljóta að sjá að þeir komast varla hjá því að gera það,“ segir Óli.

Aðspurður hvort þetta megi ekki heita svínslegt að stela þessari stóru stund frá þeim sem fremstir mega teljast í röðum íslenskra tónlistarmanna segir hann það vissulega svo. „Mér þykir leitt að valda þeim vonbrigðum, Garðari Cortes, Agli Ólafssyni, Kristjáni Jóhannssyni og þeim öllum. En gert er gert og þú breytir ekki sögunni.“

Óli segir það allt annað mál þegar talað er um sönghæfileika hans. Þeir sem heyrðu sönginn ráðlögðu honum að hætta ekki fasta „djobbinu“. „En hljómburðurinn var frábær. Ég get mælt með þessu sviði. Toppsvið,“ segir Óli sem ekki hefur komið fram síðan í skátunum í gamla daga. „Þá söng ég reyndar einsöng á skátaskemmtun: Lóan heim úr lofti flaug/ljómaði sól við himinbaug...“ Mitt eftirlæti allra tíma, fyrr og síðar, en ég held upp á marga, er Harry Belafonte,“ segir Óli aðspurður um helstu áhrifavalda.

jakob@frettabladid.is



**ÓLI TYNES** Hann mælir með stóra sviðinu og segir hljómburðinn til fyrirmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**EKKI BENDA Á MIG...** Stóra stundin, stóra sviðið vígt, 22. júlí árið 2008.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Margir bestu leikarar þjóðarinnar koma fram í útvarpsleikritinu Dauði trúðsins eftir **Árna Þórarinsson** en þar er persónan Einar blaðamaður sem **Hjálmar Hjálmarsson** leikur en hans er leikgerðin. Auk leikara er fjöldi fjölmiðlamanna sem koma við sögu í útvarpsgerð Dauða trúðsins en Fréttablaðið hefur sagt frá því að **Þórhallur Gunnarsson** fer með hlutverk hrokafulls fréttastjóra – en það er reyndar svo að leikarar sækja í síauknum mæli í fjölmiðlastétt: Hjálmar, **Jóhann G. Jóhannsson**, **Atli Þór Albertsson** og **Lísa Pálsdóttir**.



Í leikritinu bregður einnig fyrir **Evu Maríu Jónsdóttur**, **Elsu Maríu Jakobsdóttur**, **Þorsteini Joð**, **Þóru Tómasdóttur**, **Jóhönnu Vilhjálmsdóttur** og **Guðna Má Henningssyni**. Athyglisvert er að þarna er meirihluti starfsmanna Kastljóssins saman komin.



Spennan eykst fyrir frumsýningu kvikmyndar **Sólveigar Anspach** Skrapp út! sem verður 8. ágúst næstkomandi, meðal annars vegna þess að óvíst er að leikstjórinn sjálfur nái að koma til landsins til að vera viðstaddur forsýningu myndarinnar. Sólveig er nú stödd í Nýju-Kaledóníu, sem er ein af eyjunum norðan Ástralíu, en þar er hún að vinna að nýrri mynd.



- jbg

# Telur Þjóðhátíð ´93 ekki um nauðgun

„Textinn er grófur og hægt að gagnrýna hann fyrir margt. En að segja að þarna sé um nauðgun að ræða er hæpið,“ segir Hildur Sverrisdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri V-dagssamtakanna. Hljómsveitin Baggalútur sendi frá sér lagið Þjóðhátíð ´93 í síðustu viku. Í kjölfarið gagnrýndi Hjálmar Sigmarsson, ráðskona Karlahóps Femínistafélags Íslands, textann og sagði hann boða lítið annað en kvenfyrirlitningu og beinlínis lögbrot, enda væri bannað með lögum að nýta sér annarlegt ástand einstaklinga. „Það má þó ekki rugla saman almennri ölvun við það að misnota sér ástand viðkomandi,“ segir Hildur.

„Nauðgun er einfaldlega þegar samþykki er ekki til staðar. Ég get ekki séð að þarna sé verið að hvetja til þess að hafa að vettugi vilja annars fólks.“ Hún segist þó skilja að karlahópurinn hafi brugðist við. Allir séu að reyna að spyrna við þeirri ímynd að nauðganir séu sjálfsagður hluti af verslunarmannahelginni. Hún bendir einnig á að umræðan um textann hafi verið nauðsynleg, því mikilvægt sé að enginn misskilji skilaboð þeirra Baggalútsmanna.

Undanfarin ár hafa V-dagssamtökin og karlahópurinn fyrrnefndi, staðið fyrir átaki um verslunarmannahelgina gegn nauðgunum. Þetta árið draga samtökin sig þó í hlé. „Samtökin eru í endurskipulagningu og munu koma sterk inn í haust,“ segir Hildur. Hún segir átakið hafa skilað árangri. „Það eru mun færri tilkynntar nauðganir um þessa helgi en voru áður en átakið fór af stað.“

- shs




**HILDUR SVERRISDÓTTIR**
Telur hæpið að segja Baggalút syngja um nauðganir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Kraftmikil námskeið






## 4 vikna námskeið

**hefjast 6. ágúst**

## KONUR ÁTAK

**Laugar, Spöng og Seltjarnarnes**
**Frábær leið til að koma sér vel á veg til bættrar heilsu.**

## KARLAR ÁTAK

**Laugar**
**Frábær leið til að koma sér vel á veg til bættrar heilsu.**

## Minnum á að kraftmikil vetrardagskrá hefst 3. september

Aðgangur að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Seltjarnarneslaug, tækjasölum og opnum tímum í öllum stöðvum World Class fylgir ofangreindum námskeiðum.

**Skráning í Laugum í síma 553 0000, Spönginni í síma 553 5000 og Seltjarnarnes í síma 517 0608**

Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is

World Class ICELAND

Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200
Mosfellsbæ s. 566 7888 - Seltjarnarnes s. 517 0608
Hafnarfjörður s. 517 0607 - Kópavogur s. 517 0609

www.worldclass.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
**Ólafs Sindra Ólafssonar**

## *Megas*

Fyrir nokkrum árum var ég álitinn skrítinn. Ég gerði mér nefnilega oft far um að sjá Megas á tónleikum. Á hverri menningarnótt var fastur liður að kíkja í portið Við Tjörnina, þar sem lítill hópur hörðustu aðdáenda Megasar safnaðist saman og hlustaði á meistarann. Yfirleitt var það eina menningin sem ég get með góðri samvisku sagst hafa upplifað á menningarnóttum síðustu ára.

**NÚ** er tíðin önnur. Nú væri ég álitinn skrítinn ef ég færi ekki á tónleika með Megasi. Hann spilar á stórtónleikum, selur sig í auglýsingar og heldur dansleiki á sömu skemmtistöðum og frægir erlendir skífuþeytar. Megas er endurupprisinn, aðeins 20 árum eftir að hann lagði drög að því.

**UM** daginn var ég staddur á sama öldurhúsi og Megas. Þegar fólk af kalíberi Megasar er á fjölsóttum stað segja almennar umgengnisreglur fræga fólksins að hið rétta sé að hunsa það. Það er ekkert svalt við að flaðra upp um frægan einstakling og biðja hann um að árita á sér bringuna. En það er fáránlega töff að yppta öxlum og þykjast ekki sjá hann – eins og það sé svo daglegt brauð að umgangast elítuna að engin ástæða sé til að kippa sér upp.

**AUÐVITAÐ** er ég fullmeðvitaður um þessar óskrifuðu reglur. Hins vegar sá ég mér leik á borði þegar ég kannaðist við meðreiðarsvein Megasar. Ég þóttist ekki sjá skáldið meðan ég spjallaði við kunningja minn og beið þess óþreyjufullur að hann kynnti mig fyrir goðinu. Loksins kom stundin. „Þekkirðu Megas?" Halelúja. Ég hef verið kynntur fyrir lifandi goðsögn. Nú er tækifærið til að segja eitthvað sniðugt, hnyttið og heimspekilegt. „Sæll, ég er mikill aðdáandi!"

**ANDSKOTINN.** Af öllum þeim innblásnu hlutum sem ég hefði getað sagt. Ég tek alltént ekki sénsinn á að spilla meira fyrir sjálfum mér og fer út að reykja.

**SEINNA** um kvöldið fékk ég reyndar annað tækifæri til að bjarga málunum og settist að stuttu spjalli við Megas. Talið barst að frú Vigdísi Finnbogadóttur og Megas sagði að eitt væri mjög áhugavert við hana Dísu. „Nú," segi ég og halla mér nær honum eins og grískur skóladrengur, vitandi að nú muni eitthvert ódauðlegt viskukornið hrjóta af vörum meistarans. „Hún er orðin svo helvíti ellileg."



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 31. júlí, 214. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.32 | 13.34 | 22.33 |
| Akureyri | 3.59 | 13.19 | 22.35 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

